

frskj 809

Tillaga til þingsályktunar
um samþykkt á breytingum og viðbótum við
I. viðauka við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

Tillaga til þingsályktunar

um samþykkt á breytingum og viðbótum við I. viðauka við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að samþykkja fyrir Íslands hönd breytingar og viðbætur við I. viðauka við samning frá 2. maí 1992 um Evrópska efnahagssvæðið, eins og þær liggja fyrir sameiginlegu EES-nefndinni.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Samræmdar heilbrigðisreglur í viðskiptum með dýr og dýraafurðir, þar með taldar fiskafurðir, voru teknar upp innan EB þann 1. janúar 1997. Þær fela í sér að í viðskiptum milli aðildarríkja EB með umrædd dýr og afurðir þeirra er meginreglan sú að heilbrigðiseftirlit fer einungis fram á sendingarstað. Heilbrigðiseftirlit og gjaldtaka við innflutning frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins, sem hér eftir verða nefnd þriðju ríki, eru samræmd og fela í sér ítarlegri skoðun, aukid eftirlit og hærri gjaldtöku en tíðkaðist áður í aðildarríkjum EB.

Þar sem 60–70% íslenskra fiskafurða hafa á síðustu árum verið flutt út til EB var ljóst að ef ekkert yrði að gert mundu samræmdar heilbrigðisreglur EB gagnvart þriðju ríkjum hafa miklar breytingar í för með sér fyrir íslenskan sjávarútveg. Eftirlit með íslenskum fiskafurðum hefði aukist úr litlu sem engu upp í 20–50%. Það hefði leitt til tímafrekara eftirlits á landamærum, auk þess sem einungis hefði verið heimilt að flytja fisk og fiskafurðir út til tiltekinna hafna eða flugvalla innan EB. Enn fremur hefðu umræddar breytingar haft aukinn kostnað í för með sér.

Samningaviðræðum milli EES-ríkjanna um að samræmdar heilbrigðisreglur um dýr og dýraafurðir verði hluti EES-samningsins lauk með samkomulagi sérfræðinga í nóvember 1996. Drög að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um að samræmdar heilbrigðisreglur verði hluti EES-samningsins liggja fyrir og fyrirhugað er að sú ákvörðun verði samþykkt á fundi hennar í apríl eða maí nk. Það felur í sér miklar breytingar á 1. kafla I. viðauka við EES-samninginn, sem fjallar um heilbrigði dýra. Ísland tekur einungis upp þær gerðir sem varða fisk og fiskafurðir en undanþága varðandi lifandi dýr og dýraafurðir helst óbreytt. Noregur tekur hins vegar upp allan I. viðauka.

Með þeirri ákvörðun bætast 168 nýjar gerðir við þann hluta 1. kafla I. viðauka sem Ísland hefur tekið upp. Fimm gerðir, af 34 í 1. kafla eins og hann er nú, verða felldar brott. Annar kafli, um fóður, og þriðji kafli, um heilbrigði plantna, standa óbreyttir.

Af þeim 197 nýju og eldri gerðum, sem samþykktar verða með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, eru fjórar þýðingamestar og leggja grunninn að hinum hvað varðar við-

skipti með fisk og fiskafurðir. Þær skiptast í tvo flokka. Annars vegar fjalla tilskipanir nr. 89/662/EBE og 90/425/EBE um heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum í viðskiptum milli EES-ríkja. Hins vegar fjalla tilskipanir nr. 90/675/EBE og 91/496/EBE um heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum sem flutt eru inn frá þriðju ríkjum.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir framangreindum gerðum og öðrum helstu þáttum ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem varða Ísland.

2. Viðskipti milli EES-ríkjanna.

2.1 Almenn.

Tilskipanir nr. 89/662/EBE og 90/425/EBE gilda í viðskiptum milli EES-ríkjanna. Fyrri tilskipunin fjallar um dýraafurðir og tekur Ísland hana upp varðandi fiskafurðir. Sú síðari fjallar um viðskipti með lifandi dýr og tekur Ísland hana upp hvað varðar humar og hrogn, svil og seiði nokkurra fisktegunda. Tilskipanirnar eru byggðar upp á sams konar hátt og verður látið nægja að vísa til tilskipunar nr. 89/662/EBE í eftirfarandi umfjöllun.

2.2 Uppbygging heilbrigðiseftirlitsins.

Í I. kafla tilskipunar nr. 89/662/EBE kemur fram að heilbrigðiseftirlitið er að meginstefnu í höndum útflutningsríkisins og ber það ábyrgð á því. Þeir aðilar í útflutningsríkinu sem vilja markaðssetja fiskafurðir á Evrópska efnahagssvæðinu þurfa að uppfylla þær heilbrigðiskröfur sem þar gilda. Samræmdum heilbrigðisreglum um meðferð fisks og fiskafurða var komið á hér á landi við gildistöku EES-samningsins. Þá voru lög nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, sett til samræmis við I. kafla tilskipunar nr. 91/493/EBE og tilskipanir nr. 91/492/EBE og 91/67/EBE, sem fjalla um heilbrigðiskröfur Evrópska efnahagssvæðisins. Öllum aðilum sem uppfylla umræddar kröfur er úthlutað svokölluðu vinnsluleyfi af Fiskistofu og slíkt leyfi hafa allir íslenskir framleiðendur fiskafurða sem selja afurðir innan EES.

Þó heilbrigðiseftirlitið sé að meginstefnu í höndum útflutningsríkisins fjallar II. kafla tilskipunar nr. 89/662/EBE um heimildir sem móttökuríkið hefur til þess að gera svokallaða skyndiskoðun. Slík skoðun er þó einungis heimil innan þröngra marka. Samkvæmt 16. gr. tilskipunar nr. 89/662/EBE, sbr. tilskipun nr. 92/67/EBE, ber móttökuríkinu að senda framkvæmdastjórn EB eða eftirlitsstofnun EFTA, í tilvikum Íslands og Noregs, áætlun um hvernig það hyggist beita fyrrgreindum skyndiskoðunum og er áætlunin háð samþykki fyrrgreindra aðila. Móttökuríkinu ber enn fremur að beita þessum skyndiskoðunum án mismununar.

2.3 Öryggisráðstafanir.

Í inngangskafli að nýjum I. viðauka við EES-samninginn er svokallað öryggisákvæði sem samningsaðilar geta gripið til í sérstökum tilfellum. Komi upp innan aðildarríkja EB eða EFTA/EES-ríkja, annarra en Íslands, tilteknir dýrasjúkdómar eða annað sem kann að stofna heilbrigði dýra eða almennings í alvarlega hættu geta íslensk stjórnvöld gripið til öryggisráðstafana gagnvart því ríki sem sjúkdómur kemur upp í. Framkvæmdastjórn EB og hin EFTA/EES-ríkin geta gripið til sams konar aðgerða gagnvart Íslandi að sömu skilyrðum uppfylltum. Hér er um sjálfstæða heimild samningsaðila að ræða, sem er óháð aðgerðum annarra og taka öryggisráðstafanirnar gildi um leið og aðrir samningsaðilar hafa verið upplýstir um beitingu þeirra. Ráðstafanirnar geta ýmist falist í algjörum innflutningsbanni eða setningu sérstakra skilyrða um innflutning frá því ríki sem sjúkdómur kemur upp í. Viðræður milli aðila skulu þó hefjast án tafar og ef lausn finnst ekki er heimilt að vísa málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar.

2.4 Gjaldtaka vegna heilbrigðiseftirlitsins.

2.4.1 Gjaldtaka vegna heilbrigðiseftirlits samkvæmt tilskipun nr. 96/43/EB.

Til þess að tryggja að eftirlitskerfið sé rekið af hagkvæmni og til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni milli fiskframleiðenda í einstökum EES-ríkjum, er talið nauðsynlegt að gjaldtaka á svæðinu sé samræmd. Tilskipun nr. 96/43/EB fjallar um fjármögnun heilbrigðiseftirlitsins og ákvæði um fjármögnun heilbrigðiseftirlits með fiski og fiskafurðum er að finna í III. kafla hennar.

Í þeim kafla er annars vegar mælt fyrir um gjald fyrir almennt eftirlit með þeim sem hafa fengið leyfi frá lögbæru yfirvaldi til vinnslu, meðferðar, þökkunar eða geymslu fiskafurða til staðfestingar á því að skilyrðum leyfisins sé fullnægt. Gjaldið er 82 kr. (1 ECU) á hvert veitt tonn, eftir atvikum innvegið, en heimilt er að lækka það um 55%.

Hins vegar er mælt fyrir um gjald fyrir svokallað sérstakt eftirlit (ferskfiskeftirlit). Það felst í eftirliti með skynmatseinkennum, eftirliti með sníkjudýrum, efnafræðilegu eftirliti og örverufræðilegu eftirliti. Gjaldið leggst á vinnsluhús og verksmiðjuskip (frystiskip). Gjaldið er innheimt við löndun eða fyrstu markaðssetningu og er 82 kr. (1 ECU) á hvert tonn að 50 tonnum en 41 kr. (0,5 ECU) á hvert tonn eftir það. Gjald vegna eftirlits með síld, loðnu og makríl fer þó aldrei yfir 4.100 kr. (50 ECU) fyrir hvern landaðan farm.

2.4.2 Gjaldtaka vegna heilbrigðiseftirlits samkvæmt lögum nr. 93/1992 um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Fyrirkomulag almenns eftirlits með vinnsluleyfishöfum hér á landi er þríþætt. Það felst í innra eftirliti vinnsluleyfishafans sjálfs, eftirliti skoðunarstofa og eftirliti Fiskistofu. Fiskistofa innheimtir gjöld af vinnsluleyfishöfum vegna þjónustu stofnunarinnar. Á vegum sjávarútvegsráðuneytisins er verið að athuga hvort gjaldtaka vegna opinbers eftirlits með vinnsluleyfishöfum sé sambærileg við tilskipun nr. 96/43/EB sem fjallar um fjármögnun heilbrigðiseftirlitsins.

Ferskeftirlit hér á landi er með þeim hætti að framleiðendur meta sjálfir innveginna afla og er það í langflestum tilvikum hluti af innra eftirliti framleiðandans undir yfirumsjón Fiskistofu. Þannig hafa eftirlitsmenn Fiskistofu heimild til að taka sýni af metnum fiski til skoðunar, eftirlits með örverum og sníkjudýrum og efnafræðilegra athugana, hvar og hvenær sem er. Eftirlitsstofnun EFTA hefur gert athugasemdir við þetta fyrirkomulag og talið að það væri ekki í fullu samræmi við það eftirlit sem kveðið er á um í tilskipun nr. 91/493/EBE.

Hér er um að ræða ágreining um túlkun á tilskipun nr. 91/493/EBE sem ekki er enn til lykta leiddur. Þar sem beint opinbert ferskfiskeftirlit er ekki til staðar hér á landi er augljóslega ekki fært að innheimta gjald vegna þess. Því er ekki gert ráð fyrir að sérstakt gjald fyrir ferskfiskeftirlit verði lagt á framleiðendur að svo stöddu. Í Noregi er heldur ekki til staðar beint ferskfiskmat og í viðræðum við norsk stjórnvöld hefur komið fram að eftirlitsstofnun EFTA hefur gert svipaðar athugasemdir við ferskfiskmat í Noregi og hún hefur gert við ferskfiskmat hér á landi. Byggja norsk stjórnvöld á sömu túlkun og íslensk að þessu leyti.

3. Viðskipti við þriðju ríki.

3.1 Almenn.

Tilskipanir nr. 90/675/EBE og 91/496/EBE gilda um heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum sem flutt eru inn frá þriðju ríkjum. Fyrri tilskipunin fjallar um dýraafurðir og tekur Ísland hana upp varðandi fiskafurðir. Sú síðarnefnda fjallar um viðskipti með lifandi dýr og tekur Ísland hana upp hvað varðar humar og hrogn, svil og seiði nokkurra fisktegunda. Tilskipanirnar eru byggðar upp á sams konar hátt og verður látið nægja að vísa til tilskipunar nr. 90/675/EBE í eftirfarandi umfjöllun.

3.2 Uppbygging heilbrigðiseftirlitsins.

3.2.1 Almenn.

Samkvæmt II. kafla tilskipunar nr. 91/493/EBE mega einungis aðilar sem uppfylla heilbrigðiskröfur EES flytja inn fiskafurðir og lifandi sjávardýr til Evrópska efnahagssvæðisins. Gefnar eru út skrár yfir þær starfsstöðvar, verksmiðjutogara og frystiskip sem uppfylla umræddar heilbrigðiskröfur og öðrum er óheimill innflutningur á Evrópska efnahagssvæðið.

3.2.2 Skrár yfir starfsstöðvar, verksmiðjutogara og frystiskip sem uppfylla heilbrigðiskröfur Evrópska efnahagssvæðisins.

Ákvörðun ráðherraráðs EB nr. 95/408/EBE, sem er hluti af þeirri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem fyrirhugað er að samþykkja í apríl eða maí nk., fjallar um útgáfu skráa yfir þær starfsstöðvar, verksmiðjutogara og frystiskip í þriðju ríkjum sem er heimill innflutningur á Evrópska efnahagssvæðið.

Vilji aðili í þriðja ríki flytja inn fisk eða fiskafurðir til Evrópska efnahagssvæðisins óskar hann eftir því við stjórnvöld í sínu ríki að þau beri upp beiðni þess efnis við framkvæmdastjórn EB. Almenn heilbrigðisástand í ríkinu sem beiðni berst frá, heilbrigðislöggjöf þess og löggjöf sem tryggja skal hlutleysi þarlanda eftirlitsaðila er kannað af framkvæmdastjórninni og EFTA/EES-ríkjunum, óski þau þess. Ef niðurstaðan úr könnuninni er sú að ríkið uppfyllir heilbrigðiskröfur EES er þarlandum stjórnvöldum falið að gera úttekt á þeim aðilum sem það telur uppfylla heilbrigðiskröfurnar. Að lokinni þeirri úttekt senda stjórnvöld þriðja ríkis skrá yfir þarlandar starfsstöðvar, verksmiðjutogara og frystiskip sem uppfylla umræddar heilbrigðiskröfur. Í framhaldi af því gefur framkvæmdastjórnin út skrá, í ákvörðunarformi, yfir þá aðila þriðja ríkisins sem uppfylla heilbrigðiskröfurnar. Er sú ákvörðun tekin á grundvelli úttektar stjórnvalda þess þriðja ríkis sem í hlut á hverju sinni. Til þess að ákvörðunin öðlist gildi í EFTA/EES-ríkjunum þarf að samþykkja hana í sameiginlegu EES-nefndinni. Sjávarútvegsráðuneytið mun halda skrá yfir þá aðila sem er heimilt að flytja fisk og fiskafurðir inn til Evrópska efnahagssvæðisins.

Eftirlit EES-ríkjanna með því að úttekt stjórnvalda þriðja ríkis sé framkvæmd á réttan hátt er í höndum eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar EB. Þessar stofnanir hafa víðtækar heimildir til að gera skyndikannanir hjá þeim aðilum í þriðja ríki sem þarland stjórnvöld hafa veitt viðurkenningu.

3.2.3 Landamærastöðvar.

Til þess að Ísland geti haft eftirlit með fiskinnflutningi frá þriðju ríkjum er nauðsynlegt að koma á fót sérstökum skoðunarstöðvum, sem hér eftir verða nefndar landamærastöðvar. Fiskistofa mun annast þetta eftirlit og munu starfsmenn hennar skoða fisk sem landað er úr skipum þriðju ríkja, til að mynda Rússlandi. Landamærastöðvarnar skiptast í varanlegar stöðvar og stöðvar sem hafa heimild til að skoða frystan fisk fram til 31. desember 1998.

Gert er ráð fyrir að settar verði upp sjö stöðvar sem falla í fyrrgreindan flokk og tólf sem falla í þann síðarnefnda. Enn fremur er gert ráð fyrir að þær verði á eftirtöldum stöðum:

Landamærastöðvar:

Reykjavík,
Hafnarfjörður,
Ísafjörður,
Akureyri,
Eskifjörður,
Vestmannaeyjar,
Keflavík (flugvöllur).

Stöðvar með tímabundið leyfi:

Keflavík (höfn),
Grundarfjörður,
Patreksfjörður,
Þingeyri,
Sauðárkrúkur,
Húsavík,
Þórshöfn,
Vopnafjörður,
Seyðisfjörður,
Höfn,
Þorlákshöfn,
Dalvík.

Eftir 31. desember 1998 fellur tímabundna leyfið niður. Þá verða íslensk stjórnvöld að vera búin að ákveða hvort þau sækja um að breyta stöðvum með tímabundið leyfi í varanlegar stöðvar.

Við val á ofangreindum stöðum var m.a. reynt að hafa hliðsjón af því hvar fiskinnflutningur frá þriðju ríkjum (einkum Rússlandi) hefur verið mestur undanfarin ár. Enn fremur var þess gætt að a.m.k. ein landamærastöð væri í hverjum landsfjórðungi og að lokum var tekið mið af því á hvaða stöðum Fiskistofa hefur ákveðið að setja upp útibú. Mikið hagræði næst fram með því að nýta starfskrafta starfsmanna Fiskistofu við heilbrigðiseftirlit með fiskinnflutningi.

3.2.4 Heilbrigðiseftirlitið.

Grundvallarþáttunum í eftirlitinu má lýsa á eftirfarandi hátt:

- a. Hver sending sem kemur inn á Evrópska efnahagssvæðið frá þriðja ríki skal sæta heilbrigðiseftirliti, án tillits til hvort notkun innihalds hennar hefur verið heimiluð af tolla-yfirvöldum.
- b. Heilbrigðiseftirlitið skal fara fram um leið og sendingin kemur inn á Evrópska efnahagssvæðið.
- c. Heilbrigðiseftirlitið má eingöngu fara fram í landamærastöðvunum. Þær þurfa að vera tilgreindar í reglum Evrópska efnahagssvæðisins og vera sérstaklega búnar til að annast eftirlitið.
- d. Heilbrigðiseftirlitið er þrjúþætt:
 - i) **Eftirlit með skjölum.** Það felur í sér eftirlit á heilbrigðisvottorðum og skjölum sem fylgja afurðunum.
 - ii) **Eftirlit með auðkenningu.** Það felur í sér eftirlit með því hvort afurðirnar í sendingunni séu hinar sömu og fram koma í heilbrigðisvottorðum eða öðrum skjölum sem fylgja afurðunum.
 - iii) **Eftirlit með heilnæmi.** Það felst í því að kanna hvort afurðirnar uppfylli heilbrigðiskröfur EES.

Allur innflutningur á fiski og fiskafurðum til Evrópska efnahagssvæðisins frá þriðju ríkjum skal sæta eftirliti með skjölum og auðkenningu (liðum i og ii). Fimmta hver sending fiskafurða annarra en skelfiskafurða skal sæta eftirliti með heilnæmi en 50% sendinga skelfiskafurða (iii).

3.3 Öryggisráðstafanir.

Í inngangskafli að nýjum I. viðauka við EES-samninginn er svokallað öryggisákvæði, sem samningsaðilar geta í sérstökum tilfellum gripið til gagnvart þriðju ríkjum. Komi upp innan þriðja ríkis tilteknir dýrasjúkdómar eða annað sem kann að stofna heilbrigði dýra eða almennings í alvarlega hættu geta íslensk stjórnvöld gripið til öryggisráðstafana gagnvart hlutadeigandi þriðja ríki. Þær taka gildi um leið og íslensk stjórnvöld hafa tilkynnt öðrum samningsaðilum um ráðstafanir. Framkvæmdastjórn EB getur tekið ákvörðun um að beita öryggisráðstöfunum gagnvart þriðja ríki. Framkvæmdastjórninni ber í slíkum tilfellum að upplýsa EFTA/EES-ríkin um slíkar aðgerðir. Þeim ber að beita samsvarandi öryggisráðstöfunum, nema þau álíti að aðgerðir þessar séu ekki réttlætanager. Komi upp ágreiningur um beitingu öryggisráðstafana gagnvart þriðja ríki er heimilt að vísa honum til sameiginlegu EES-nefndarinnar. Öryggisráðstafanir eru ýmist fólgnar í algjöru innflutningsbanni eða setningu sérstakra skilyrða um innflutning frá því þriðja ríki sem sjúkdómur kemur upp í.

3.4 Gjaldtaka vegna heilbrigðiseftirlitsins.

Til þess að tryggja að landamæraeftirlitið sé rekið af hagkvæmni og til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni milli einstakra EES-ríkja við kaup á fiski og fiskafurðum frá þriðju ríkjum er nauðsynlegt að gjaldtaka á svæðinu sé samræmd. Tilskipun nr. 96/43/EB, sem fjallar m.a. um fjármögnun landamæraeftirlitsins, er ætlað að tryggja samræmda gjaldtöku á svæðinu.

Kostnaður vegna eftirlits með fiskafurðum, sem landað er úr skipum þriðja ríkis, er 410 kr. (5 ECU) á hvert tonn og greiðist af innflytjanda. Lækka skal þá upphæð niður í 205 kr. (2,5 ECU) fyrir hvert tonn umfram 100 tonn.

4. Frumvarp sem lagt verður fram á 121. löggjafarþingi vegna ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fyrirhugað er að samþykkja í apríl eða maí nk.

Vegna breytinga á 1. kafla I. viðauka við EES-samninginn, sem lýst hefur verið hér að framan, verður frumvarp um breytingu á lögum nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, lagt fram á 121. löggjafarþingi.

Helstu breytingar sem frumvarpið kveður á um eru eftirfarandi:

- Einungis þeim aðilum sem uppfylla heilbrigðiskröfur EES er heimilt að flytja fisk og fiskafurðir inn til Íslands.
- Sjávarútvegsráðuneytið heldur skrá yfir þær starfsstöðvar, verksmiðjuskip og frystitogar í þriðju ríkjum sem uppfylla heilbrigðiskröfur EES.
- Komi upp, í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins eða þriðja ríki, aðstæður sem kunna að stofna heilbrigði dýra eða almannheilbrigði í alvarlega hættu getur sjávarútvegsráðuneytið gripið til öryggisráðstafana gagnvart viðkomandi ríki. Þær eru ýmist fólgnar í algjöru innflutningsbanni eða setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fiski og fiskafurðum frá ríkinu.
- Settar verða á stofn landamærastöðvar víðs vegar um landið. Í þeim fer fram eftirlit með innflutningi á fiski og fiskafurðum frá þriðju ríkjum.
- Gjaldtaka fyrir eftirlit með fiskinnflutningi frá þriðju ríkjum verður heimiluð.

Fylgiskjal I.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar og viðbætur við I. viðauka við EES-samninginn sem fyrirhugað er að hún samþykki á fundi sínum í apríl eða maí nk.; einungis er vísað til þeirra gerða sem fyrirhugað er að Ísland taki upp:

Samningurinn um
Evrópska efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. .../97

frá .../97

kemur í stað I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES), eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, nefndur hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Ákvæðum I. viðauka við samninginn var síðast breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/96 frá 5. júlí 1996 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn.

Samningsaðilar að EES-samningnum hafa látið fara fram endurskoðun á I. kafla I. viðauka við samninginn í samræmi við ákvæðin í inngangi kaflans.

Í framhaldi af þeirri endurskoðun hafa samningsaðilarnir ákveðið að fella inn í I. kafla ákvæði er varða samskipti við þriðju lönd í gerðunum sem um getur í þeim kafla, svo og ákvæði er varða landamæraeftirlit og velferð dýra.

Samningsaðilarnir hafa enn fremur ákveðið að taka upp allar útistandandi EB-gerðir á sviði dýraheilbrigðis er varða EES-svæðið.

Gerðirnar sem vísað er til í núverandi I. kafla gilda ekki um Ísland, að frátöldum tilteknum gerðum er varða fisk og fiskafurðir. Gerðirnar sem vísað er til í endurskoðuðum I. kafla skulu hins vegar gilda um Ísland þegar þess er sérstaklega getið í tengslum við tiltekna gerð.

Liechtenstein hrindir ákvæðum I. kafla, sem voru í gildi fyrir gildistöku þessarar ákvörðunar, í framkvæmd eigi síðar en 1. janúar 2000, með fyrirvara um endurskoðun.

Ákvæði II. og III. kafla skulu uppfærð með tilliti til úrsagnar Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar úr Fríverslunarsamtökum Evrópu og aðildar þeirra að Evrópusambandinu.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Viðaukinn við þessa ákvörðun kemur í stað I. viðauka við EES-samninginn.

2. gr.

Þessi ákvörðun öðlast gildi 1. [] 1997, að því tilskildu að sameiginlega EES-nefndin hafi fengið allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 1997

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

.....
XXX
forseti

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

.....

G. Vik E. Gerner

[VIÐAUKI]

I. VIÐAUKI**HEILBRIGÐI DÝRA OG PLANTNA****Skrá sem kveðið er á um í 17. gr.****INNGANGUR**

Þegar gerðirnar sem vísað er til í þessum viðauka hafa að geyma hugmyndir eða vísa til málsmeðferðar sem er sérkennandi fyrir réttarreglur bandalagsins, svo sem varðandi:

- inngangsorð;
- viðtakendur gerða bandalagsins;
- tilvísanir til yfirráðasvæða eða tungumála EB;
- tilvísanir til réttinda og skyldna aðildarríkja EB, opinberra stofnana þeirra, fyrirtækja eða einstaklinga hvers gagnvart öðrum; og
- tilvísanir til málsmeðferðar varðandi upplýsingar og tilkynningar;

gildir bókun 1 um altæka aðlögun, nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka.

AÐLÖGUN Á TILTEKNUM SVIÐUM

Liechtenstein skal hrinda ákvæðum I. kafla, dýr, sem voru í gildi fyrir gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. .../97, í framkvæmd eigi síðar en 1. janúar 2000. Sameiginlega EES-nefndin skal endurskoða þetta atriði á árinu 1999.

Að því er varðar afurðir sem falla undir II. kafla, fóður, og III. kafla, plöntur, er Liechtenstein heimilt að beita svissneskri löggjöf er leiðir af svæðasambandi ríkisins við Sviss á markaði í Liechtenstein samhliða löggjöf um framkvæmd gerðanna sem um getur í köflunum.

I. DÝR

1. Ákvæði er tengjast fjárhagsráðstöfunum í gerðunum sem um getur í þessum kafla eiga ekki við. Samningsaðilar skulu endurskoða þetta atriði árið 2000.
2. Gerðirnar sem vísað er til í þessum kafla eiga við um Ísland þegar þess er sérstaklega getið í tengslum við tiltekna gerð að hún eigi við um Ísland.

Hinir samningsaðilarnir geta áfram stuðst við eigin reglur um þriðju lönd í viðskiptum við Ísland að því er varðar þau svið sem falla ekki undir gerðirnar sem nefndar voru í síðustu undirgrein.

Samningsaðilar skulu endurskoða þetta atriði árið 2000.

3. Öryggisráðstafanir

- a) Ef bandalagið eða EFTA-ríki hyggst grípa til öryggisráðstafana gegn öðrum samningsaðilum skal það tilkynna hinum samningsaðilunum um það án tafar.

Viðræður milli hlutaðeigandi samningsaðila, sem fara fram að beiðni annars hvors þeirra, skulu fara fram eins fljótt og unnt til þess að finna viðeigandi lausnir án þess þó að það hafi áhrif á möguleikann á að láta ráðstafanirnar taka gildi þegar í stað.

Ef ósamkomulag verður geta hlutaðeigandi samningsaðilar vísað málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar. Náist ekki samkomulag innan sameiginlegu EES-nefndarinnar er samningsaðila heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana. Slíkar ráðstafanir skulu vera takmarkaðar, að því er varðar umfang og gildistíma, við það sem telst bráðnauðsynlegt til þess að ráða bót á ástandinu. Þær ráðstafanir skulu helst gerðar sem raska minnst framkvæmd samningsins.

- b) Ef framkvæmdastjórn EB hyggst taka ákvörðun um verndarráðstafanir er varða hluta af yferráðasvæði bandalagsins eða þriðja lands skal hún tilkynna EFTA-ríkjunum um það án tafar.

Ef framkvæmdastjórn EB tekur ákvörðun um verndarráðstafanir er varða hluta af yferráðasvæði bandalagsins eða þriðja lands skal hlutaðeigandi EFTA-ríki, sem samráð hefur verið haft við og eftir að staðan hefur verið könnuð, grípa til samsvarandi ráðstafana nema það telji ráðstafanirnar ekki réttlætanager. Í því tilviki skal það tilkynna framkvæmdastjórn EB um það án tafar. Viðræður skulu fara fram eins fljótt og unnt er til að finna viðeigandi lausnir. Ef ósamkomulag verður skal þriðja undirgrein a-liðar gilda.

- c) Ef hlutaðeigandi EFTA-ríki hyggst grípa til verndarráðstafana að því er varðar þriðja land skal það tilkynna framkvæmdastjórn EB um það án tafar. Viðræður skulu fara fram eins fljótt og unnt er til þess að finna viðeigandi lausnir án þess þó að það hafi áhrif á möguleika hlutaðeigandi EFTA-ríkis til að láta ráðstafanirnar taka gildi þegar í stað. Ef ósamkomulag verður skal þriðja undirgrein a-liðar gilda.

- d) Ákvæði a-, b- og c-liða eiga við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. fjalla um.

4. Vettvangsskoðanir

A. Evrópska efnahagssvæðið

- 1) Að því er EFTA-ríkin varðar ber eftirlitsstofnun EFTA ábyrgð á beitingu ákvæða um skyndikannanir, skoðanir eða ágreiningsmál, sem krefjast hlutdeildar sérfræðinga samkvæmt þessum kafla.
- 2) Eftirfarandi meginreglur skulu gilda:
 - a) Skoðanir skulu fara fram í samræmi við áætlanir sem eru sambærilegar við áætlanir bandalagsins.
 - b) Eftirlitsstofnun EFTA skal hafa kerfi, sambærilegt og í bandalaginu, fyrir skoðun í EFTA-ríkjum.
 - c) Sömu viðmiðanir skulu hafðar vegna skoðananna.
 - d) Skoðunarmaðurinn skal vera óháður að því er tilgang skoðunarinnar varðar.
 - e) Þjálfun og reynsla skoðunarmannanna skal vera sambærileg.
 - f) Framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA skulu skiptast á upplýsingum um skoðanir.
 - g) Framkvæmdastjórn EB og eftirlitsstofnun EFTA skulu samræma eftirlit eftir skoðanir.
- 3) Nauðsynlegar reglur er varða framkvæmd ákvæða um skyndikannanir, skoðanir eða ágreiningsmál, sem krefjast hlutdeildar sérfræðinga, verða settar í náninni samvinnu milli framkvæmdastjórnar EB og eftirlitsstofnunar EFTA.
- 4) Reglur um skyndikannanir, skoðanir eða ágreiningsmál, sem krefjast hlutdeildar sérfræðinga samkvæmt þessum kafla, gilda eingöngu að því er varðar þær gerðir eða hluta þeirra gerða sem EFTA-ríkin beita.

[B. Eftirlitsstöðvar á landamærum

Skoðanir á eftirlitsstöðvum á landamærum skulu fara fram í náninni samvinnu framkvæmdastjórnar EB og eftirlitsstofnunar EFTA.]

C. Þriðju lönd

Nauðsynlegar reglur er varða framkvæmd ákvæða um skyndikannanir, skoðanir eða ágreiningsmál í þriðju löndum, sem krefjast hlutdeildar sérfræðinga samkvæmt þessum kafla, verða settar í náninni samvinnu milli framkvæmdastjórnar EB og EFTA-ríkjanna.

D. Þessi málsgrein á við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. fjalla um.

5. a) Tilnefning sameiginlegra tilvísunarrannsóknarstofa og samráðsstofnana

Með fyrirvara um fjárhagsskuldbindingar skulu tilvísunarrannsóknarstofur og samráðsstofnanir bandalagsins vera tilvísunarrannsóknarstofur og samráðsstofnanir fyrir alla aðila að samningnum.

Viðræður skulu fara fram milli samningsaðila með það í huga að skilgreina vinnuskilyrði.

b) Tilnefning sameiginlegs gin- og klaufaveikibóluefnabanka

Með fyrirvara um fjárhagsskuldbindingar skal gin- og klaufaveikibóluefnabanki bandalagsins vera bóluefnabanki vegna gin- og klaufaveiki fyrir alla samningsaðila.

Viðræður skulu fara fram milli samningsaðila er miða að því að:

- skipuleggja flutning úr innlendum bóluefnabönkum yfir í bóluefnabanka bandalagsins;
- leysa öll vandamál svo sem þau er varða vinnuskilyrði, fjárhagsmál, mótefnaskipti, hugsanlega notkun mótefna og skyndiskoðanir.

c) Þessi málsgrein á við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. fjalla um.

6. Skrár yfir stofnanir í þriðju löndum

Á meðan beðið er ákvarðana um að sameiginlega EES-nefndin taki upp ákvarðanir varðandi skrár yfir stofnanir í þriðju löndum í þennan kafla skulu EFTA-ríkin beita sömu ákvæðum með fyrirvara um innlenda löggjöf og kröfur. Komi hins vegar upp umtalsverðir erfiðleikar varðandi einhverjar þessara ákvarðana getur EFTA-ríki vísað málinu til sameiginlegru EES-nefndarinnar.

Þessi málsgrein á við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. fjalla um.

7. Málefni er varða stofnanir

a) **368 D 0361:** Ákvörðun ráðsins 68/361/EBE frá 15. október 1968 um að koma á fót fastanefnd um dýraheilbrigði (Stjtfð. EB nr. L 255, 18. 10. 1968, bls. 23).

Hlutaðeigandi EFTA-ríki mega hafa áheyrnarfulltrúa á fundum fastanefndarinnar um dýraheilbrigði, sem komið var á fót með ákvörðun 68/361/EBE frá 15. október 1968, þar sem fjallað er um gerðir sem vísað er til í þessum kafla. Fulltrúar EFTA-ríkjanna skulu taka fullan þátt í starfi nefndarinnar en hafa ekki atkvæðisrétt.

- b) **377 D 0505:** Ákvörðun ráðsins 77/505/EBE frá 25. júlí 1977 um að koma á fót fastanefnd um dýrarækt (Stjtið. EB nr. L 206, 12. 8. 1977, bls. 11).

Hlutaðeigandi EFTA-ríki mega hafa áheyrnarfulltrúa á fundum fastanefndarinnar um dýrarækt, sem komið var á fót með ákvörðun 77/505/EBE frá 25. júlí 1977, þar sem fjallað er um gerðir sem vísað er til í þessum kafla. Fulltrúar EFTA-ríkjanna skulu taka fullan þátt í starfi nefndarinnar en hafa ekki atkvæðisrétt.

- c) **381 D 0651:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 81/651/EBE frá 30. júlí 1981 um að koma á fót vísindanefnd um dýraheilbrigði (Stjtið. EB nr. L 233, 19. 8. 1981, bls. 32).

Framkvæmdastjórn EB tilnefnir hámenntaða vísindamenn frá EFTA-ríkjunum, auk þeirra sem mælt er fyrir um í 3. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 81/651/EBE, einn fyrir hvert svið sem vísað er til í 1. mgr. 2. gr. og 3. gr. ákvörðunarinnar, sem taka fullan þátt í störfum vísindanefndarinnar um dýraheilbrigði. Þeir greiða ekki atkvæði en afstaða þeirra skal skráð sérstaklega.

8. Gerðirnar sem vísað er til í þessum kafla og eru ekki skráðar í fyrri útgáfu hans öðlast gildi 1. [] 1997 fyrir utan þær gerðir sem miðað er við að taki gildi síðar í aðildarríkjum sambandsins og gildir þá sú dagsetning.

I. VIÐAUKI

HEILBRIGÐI DÝRA OG PLANTNA

Skrá sem kveðið er á um í 17. gr.

GERÐIR SEM EIGA VIÐ UM ÍSLAND

1. MÁLEFNI ER VARÐA EFTIRLIT

GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

1.1. Grunntextar

Innra eftirlit

1. **389 L 0662:** Tilskipun ráðsins 89/662/EBE frá 11. desember 1989 um dýraheilbrigðiseftirlit í viðskiptum innan bandalagsins til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á (Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 13), eins og henni var breytt með:
 - **390 L 0675:** Tilskipun ráðsins 90/675/EBE frá 10. desember 1990 (Stjttíð. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1),
 - **391 L 0493:** Tilskipun ráðsins 91/493/EBE frá 22. júlí 1991 (Stjttíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 15),
 - **391 L 0494:** Tilskipun ráðsins 91/494/EBE frá 26. júní 1991 (Stjttíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 35),
 - **391 L 0495:** Tilskipun ráðsins 91/495/EBE frá 27. nóvember 1990 (Stjttíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 41),
 - **391 L 0496:** Tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 (Stjttíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991 bls. 56),
 - **392 L 0045:** Tilskipun ráðsins 92/45/EBE frá 16. júní 1992 (Stjttíð. EB nr. L 268, 14. 9. 1992, bls. 35),
 - **392 L 0046:** Tilskipun ráðsins 92/46/EBE frá 16. júní 1992 (Stjttíð. EB nr. L 268, 14. 9. 1992, bls. 1),
 - **392 L 0067:** Tilskipun ráðsins 92/67/EBE frá 14. júlí 1992 (Stjttíð. EB nr. L 268, 14. 9. 1992, bls. 73),
 - **392 L 0118:** Tilskipun ráðsins 92/118/EBE frá 17. desember 1992 (Stjttíð. EB nr. L 62, 15. 3. 1993, bls. 49).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

Ákvæði þessarar tilskipunar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði 9. gr. eiga ekki við. Vísun til þeirrar greinar telst vera vísun til 3. mgr. í innganginum .

2. **390 L 0425:** Tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á (Stjtið. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 6), eins og henni var breytt með:
 - **390 L 0539:** Tilskipun ráðsins 90/539/EBE frá 15. október 1990 (Stjtið. EB nr. L 303, 31. 10. 1990, bls. 6),
 - **390 L 0667:** Tilskipun ráðsins 90/667/EBE frá 27. nóvember 1990 (Stjtið. EB nr. L 363, 27. 12. 1990, bls. 51),
 - **390 L 0675:** Tilskipun ráðsins 90/675/EBE frá 10. desember 1990 (Stjtið. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1),
 - **391 L 0174:** Tilskipun ráðsins 91/174/EBE frá 25. mars 1991 (Stjtið. EB nr. L 85, 5. 4. 1991, bls. 37),
 - **391 L 0496:** Tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 (Stjtið. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 56),
 - **391 L 0628:** Tilskipun ráðsins 91/628/EBE frá 19. nóvember 1991 (Stjtið. EB nr. L 340, 11. 12. 1991, bls. 17),
 - **392 L 0060:** Tilskipun ráðsins 92/60/EBE frá 30. júní 1992 (Stjtið. EB nr. L 268, 14. 9. 1992, bls. 75),
 - **392 L 0065:** Tilskipun ráðsins 92/65/EBE frá 13. júlí 1992 (Stjtið. EB nr. L, 14. 9. 1992, bls. 54),
 - **392 L 0118:** Tilskipun ráðsins 92/118/EBE frá 17. desember 1992 (Stjtið. EB nr. L 62, 15. 3. 1993, bls. 49).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

Ákvæði þessarar tilskipunar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði 10. gr. eiga ekki við. Tilvísun til þeirrar greinar telst vera tilvísun til 3. mgr. í innganginum.

Eftirlit í þriðju löndum

3. **390 L 0675:** Tilskipun ráðsins 90/675/EBE frá 10. desember 1990 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum (Stjtið. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1), eins og henni var breytt með:
 - **391 L 0496:** Tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 (Stjtið. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 56),

- **392 L 0118:** Tilskipun ráðsins 92/118/EBE frá 17. desember 1992 (Stjtfð. EB nr. L 62, 15. 3. 1993, bls. 49),
- **392 R 1601:** Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/92 frá 15. júní 1992 (Stjtfð. EB nr. L 173, 27. 6. 1992, bls. 13),
- **392 D 0438:** Ákvörðun ráðsins 92/438/EBE frá 13. júlí 1992 (Stjtfð. EB nr. L 243, 25. 8. 1992, bls. 27),
- **1 94 N:** Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtfð. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21, eins og þeim var breytt með Stjtfð. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 15),
- **395 L 0052:** Tilskipun ráðsins 95/52/EB frá 25. október 1995 (Stjtfð. EB nr. L 265, 8. 11. 1995, bls. 16),
- **396 L 0043:** Tilskipun ráðsins 96/43/EB frá 26. júní 1996 (Stjtfð. EB nr. L 162, 1. 7. 1996, bls. 1).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

Ákvæði þessarar tilskipunar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Ákvæði 19. gr. eiga ekki við. Tilvísun til þeirrar greinar telst vera tilvísun til 3. mgr. í innganginum.
- b) Eftirfarandi skal bætt við í I. viðauka:

„16. Yfirráðasvæði Lýðveldisins Íslands.

17. Yfirráðasvæði Konungsríkisins Noregs, þó ekki Svalbarði.“

- 4. **391 L 0496:** Tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE (Stjtfð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 56), eins og henni var breytt með:

- **391 L 0628:** Tilskipun ráðsins 91/628/EBE frá 19. nóvember 1991 (Stjtfð. EB nr. L 340, 11. 12. 1991, bls. 17),
- **392 D 0438:** Ákvörðun ráðsins 92/438/EBE frá 13. júlí 1992 (Stjtfð. EB nr. L 243, 25. 8. 1992, bls. 27),
- **1 94 N:** Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtfð. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21, eins og þeim var breytt með Stjtfð. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 15),
- **396 L 0043:** Tilskipun ráðsins 96/43/EB frá 26. júní 1996 (Stjtfð. EB nr. L 162, 1. 7. 1996, bls. 1).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

Ákvæði þessarar tilskipunar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði 18. gr. eiga ekki við. Tilvísun til þeirrar greinar telst vera tilvísun til 3. mgr. í innganginum .

5. **392 D 0438:** Ákvörðun ráðsins 92/438/EBE frá 13. júlí 1992 um tölvu-skráningu innflutningsreglna á sviði dýraheilbrigðis (SHIFT-áætlunin), breytingu á tilskipunum 90/675/EBE, 91/496/EBE, 91/628/EBE og ákvörðun 90/424/EBE og niðurfellingu á ákvörðun 88/192/EBE (Stjtið. EB nr. L 243, 25.08. 1992 bls. 27), eins og henni var breytt með:

— **1 94 N:** Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtið. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21, eins og þeim var breytt með Stjtið. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 15),

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

Fjármögnun eftirlits

6. **385 L 0073:** Tilskipun ráðsins 85/73/EBE frá 29. janúar 1985 um að tryggja fjármögnun á dýraheilbrigðisskoðunum og -eftirliti sem falla undir tilskipanir 89/662/EBE, 90/425/EBE, 90/675/EBE og 91/496/EBE (Stjtið. EB L 32, 5. 2. 1985, bls. 14), eins og henni var breytt með og hún felld inn í:

— **396 L 0043:** Tilskipun ráðsins 96/43/EB frá 26. júní 1996 (Stjtið. EB nr. L 162, 1. 7. 1996, bls. 1).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

Ákvæði þessarar tilskipunar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Möguleikinn sem tíundaður er í 8. mgr. I. þáttar III. kafla í viðauka A gæti átt við Ísland. Atriðið verður endurskoðað fyrir 1. júlí 1999.

1.2. Beiting

1. **391 D 0398:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/398/EBE frá 19. júlí 1991 um tölvuvætt boðskiptakerfi heilbrigðisyfirvalda (Animo) (Stjtið. EB nr. L 221, 9. 8. 1991, bls. 30).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

2. **391 D 0585:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/585/EBE frá 4. nóvember 1991 um lágmarkssamskipan tiltekins búnaðar fyrir tölvuvætt boðskiptakerfi dýraheilbrigðisyfirvalda (Animo) (Stjtið. EB nr. L 314, 15. 11. 1991, bls. 54).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

3. **391 D 0637:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/637/EBE frá 3. desember 1991 um fyrirmynd að boði sem er sent um tölvuvædda netkerfið „Animo“ (Stjtið. EB nr. L 343, 13. 12. 1991, bls. 46), eins og henni var breytt með:

— **394 D 0307:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/307/EC frá 16. maí 1994 (Stjtið. EB nr. L 133, 28. 5. 1994, bls. 54).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

4. **391 D 0638:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 91/638/EBE frá 3. desember 1991 um sameiginlega móðurstöð fyrir tölvuvædda boðskiptakerfið ANIMO (Stjtið. EB nr. L 343, 13. 12. 1991, bls. 48).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

5. **392 D 0176:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/176/EBE frá 2. mars 1992 um kort sem á að gefa út í tengslum við boðskiptakerfið ANIMO (Stjtið. EB nr. L 80, 25. 3. 1992, bls. 33).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

6. **392 D 0341:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/341/EBE frá 3. júní 1992 um tölvuheimt starfsstöðva sem eru tengdar við ANIMO-kerfið (Stjtið. EB nr. L 188, 8. 7. 1992, bls. 37), eins og henni var breytt með:

— **1 94 N:** Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtið. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21, eins og þeim var breytt með Stjtið. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 15).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

Ákvæði þessarar ákvörðunar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi skal bætt við undir fyrirsögninni „Lýsing á póstákvörðunarstað“ í dalkinum „Lýsing á svæði“:

- fyrir Ísland: „Póstfang“
- fyrir Noreg: „Poststed“

7. **392 D 0373:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/373/EBE frá 2. júlí 1992 um tilnefningu móðurstöðvar fyrir ANIMO (Stjtið. EB nr. L 195, 14. 7. 1992, bls. 31).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

8. **392 D 0432:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/432/EBE frá 23. júlí 1992 um ákveðin skilyrði fyrir fráviki frá meginreglunni um klínísku rannsókn á hverju dýri sem er flutt til bandalagsins frá þriðju löndum (Stjtið. EB nr. L 237, 20. 8. 1992, bls. 29).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

9. **392 D 0486:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/486/EBE frá 25. september 1992 um fyrirkomulag samvinnu milli móðurstöðvar ANIMO og aðildarríkjanna (Stjtið. EB nr. L 291, 7. 10. 1992, bls. 20), eins og henni var breytt með:

— **393 D 0188:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/188/EBE frá 4. mars 1993 (Stjtið. EB nr. L 82, 3. 4. 1993, bls. 20),

— **1 94 N:** Lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtið. EB nr. C 241, 29. 8. 1994, bls. 21, eins og þeim var breytt með Stjtið. EB nr. L 1, 1. 1. 1995, bls. 15),

— **396 D 0296:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/296/EB frá 18. apríl 1996 (Stjtið. EB nr. L 113, 7. 5. 1996, bls. 25).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

10. **392 D 0525:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/525/EBE frá 3. nóvember 1992 um skilyrði fyrir viðurkenningu á skoðunarstöðvum á landamærum sem sjá um dýraheilbrigðiseftirlit með afurðum frá þriðju löndum (Stjtið. EB nr. L 331, 17. 11. 1992, bls. 16).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

11. **392 D 0563:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/563/EBE frá 19. nóvember 1992 um gagnasafn yfir skilyrði bandalagsins fyrir innflutningi, eins og kveðið er á um í SHIFT-áætluninni (Stjtið. EB nr. L 361, 10. 12. 1992, bls. 45).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

12. **393 D 0013:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/13/EBE frá 22. desember 1992 um málsmeðferð við dýraheilbrigðiseftirlit með afurðum frá þriðju löndum sem fer fram á skoðunarstöðvum bandalagsins á landamærum (Stjtið. EB nr. L 9, 15. 1. 1993, bls. 33), eins og henni var breytt með:

— **394 D 0043:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/43/EB frá 26. janúar 1994 (Stjtið. EB nr. L 23, 28. 1. 1994, bls. 33),

— **394 D 0305:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/305/EB frá 16. maí 1994 (Stjtið. EB nr. L 133, 28. 5. 1994, bls. 50),

— **396 D 0032:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/32/EB frá 19. desember 1995 (Stjtið. EB nr. L 9, 12. 1. 1996, bls. 9).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

Ákvæði þessarar ákvörðunar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

4. mgr. 5. gr. hljóði svo:

„4. Að því er varðar fisk sem er veiddur við sportveiðar og fluttur inn til Finnlands, Svíþjóðar, Íslands eða Noregs frá Rússlandi í persónulegum farangri ferðamanna og ætlaður til einkaneyslu þeirra eru þyngdarmörkin, sem kveðið er á um í 1. mgr., þó hækkuð í 15 kg hið mesta, eða heimilt er að flytja inn einn fisk án tillits til þyngdar.“

13. **393 D 0014:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/14/EBE frá 23. desember 1992 um aðferðir við dýraheilbrigðiseftirlit með afurðum frá þriðju löndum á tollfrjálsum svæðum, í tollfrjálsum vöruheymslum og tollvöruheymslum, og einnig meðan flutningur stendur yfir frá einu þriðja landi til annars um svæði bandalagsins (Stjtið. EB nr. L 9, 15. 1. 1993, bls. 42).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

14. **393 D 0070:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/70/EBE frá 21. desember 1992 um skráningarkerfi fyrir ANIMO-boð (Stjtið. EB nr. L 25, 2. 2. 1993, bls. 34).

— **394 D 0295:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/2957EB frá 21. mars 1994 (Stjtið. EB nr. L 130, 25. 5. 1994, bls. 4).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

15. **393 D 0352:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/352/EBE frá 1. júní 1993 um frávik frá skilyrðum fyrir viðurkenningu á skoðunarstöðvum á landamærum í höfnum þar sem fiski er landað (Stjtið. EB nr. L 144, 16. 6. 1993, bls. 25).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

16. **393 D 0444:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/444/EBE frá 2. júlí 1993 um nákvæmar reglur um viðskipti innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til útflutnings til þriðju landa (Stjtið. EB nr. L 208, 19. 8. 1993, bls. 4).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

17. **394 D 0338:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/338/EB frá 25. maí 1994 um nákvæmar reglur um beitingu tilskipunar ráðsins 90/425/EBE að því er varðar sýnatöku vegna dýraheilbrigðisskoðunar á viðtökustað (Stjtið. EB nr. L 151, 17. 6. 1994, bls. 36).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

18. **394 D 0339:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/339/EB frá 25. maí 1994 um nákvæmar reglur um beitingu of 1. mgr. 9. gr. tilskipunar ráðsins 90/425/EBE um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á (Stjtið. EB nr. L 151, 17. 6. 1994, bls. 38).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

19. **394 D 0360:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/360/EB frá 20. maí 1994 um lægri tíðni eftirlits með ástandi tiltekinna afurðasendinga sem eru fluttar inn frá þriðju löndum samkvæmt tilskipun ráðsins 90/675/EBE (Stjtið. EB nr. L 158, 25. 6. 1994, bls. 41), eins og henni var breytt með:

— **394 D 0658:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/658/EB frá 30. september 1994 (Stjtið. EB nr. L 256, 4.10. 1994, bls. 29),

- **395 D 0054:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/54/EB frá 28. febrúar 1995 (Stjtið. EB nr. L 53, 9. 3. 1995, bls. 36),
- **395 D 0270:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/270/EB frá 30. júní 1995 (Stjtið. EB nr. L 165, 15. 7. 1995, bls. 24),
- **396 D 0104:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/104/EB frá 29. janúar 1996 (Stjtið. EB nr. L 24, 31. 1. 1996, bls. 31).

Þessi gerð á einnig við um Ísland að því er varðar þau svið sem tilteknu gerðirnar sem vísað er til í 2. mgr. í innganginum fjalla um.

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

15. **394 D 0766:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/766/EB frá 21. nóvember 1994 um sérstök skilyrði vegna innflutnings á fisk- og fiskeldisafurðum frá Taívan (Stjtið. EB nr. L 305, 30. 11. 1994, bls. 31), eins og henni var breytt með:
 - **396 D 0031:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/31/EB frá 19. desember 1995 (Stjtið. EB nr. L 9, 12. 1. 1996, bls. 6).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

16. **394 D 0777:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/777/EB frá 30. nóvember 1994 um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á lifandi samlokum (tvískelja lindýrum), skrápdýrum, möttuldýrum og sæsniglum frá Tyrklandi (Stjtið. EB nr. L 312, 6. 12. 1994, bls. 35), eins og henni var breytt með:
 - **395 D 0275:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/275/EB frá 10. júlí 1995 (Stjtið. EB nr. L 167, 18. 7. 1995, bls. 26),
 - **396 D 0031:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/31/EB frá 19. desember 1995 (Stjtið. EB nr. L 9, 12. 1. 1996, bls. 6).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

17. **394 D 0778:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/778/EB frá 30. nóvember 1994 um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á frystum eða unnum samlokum (tvískelja lindýrum), skrápdýrum, möttuldýrum og sæsniglum frá Tyrklandi (Stjtið. EB nr. L 312, 6. 12. 1994, bls. 40), eins og henni var breytt með:
 - **396 D 0031:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/31/EB frá 19. desember 1995 (Stjtið. EB nr. L 9, 12. 1. 1996, bls. 6).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

18. **395 D 0030:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/30/EB frá 10. febrúar 1995 um sérstök skilyrði vegna innflutnings á fisk- og fiskeldisafurðum frá Marokkó (Stjttíð. EB nr. L 42, 24. 2. 1995, bls. 32), eins og henni var breytt með:
- **395 D 0298:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/298/EB frá 19. júlí 1995 (Stjttíð. EB nr. L 184, 3. 8. 1995, bls. 48),
 - **396 D 0459:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/459/EB frá 4. júlí 1996 (Stjttíð. EB nr. L 191, 1. 8. 1996, bls. 48).
- Þessi gerð á einnig við um Ísland.
19. **395 D 0090:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/90/EB frá 17. mars 1995 um sérstök skilyrði vegna innflutnings á fisk- og fiskeldisafurðum frá Albaníu (Stjttíð. EB nr. L 70, 30. 3. 1995, bls. 27), eins og henni var breytt með:
- **395 D 0235:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/235/EB frá 26. júní 1995 (Stjttíð. EB nr. L 156, 7. 7. 1995, bls. 82).
- Þessi gerð á einnig við um Ísland.
20. **395 D 0173:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/173/EB frá 7. mars 1995 um sérstök skilyrði vegna innflutnings á fisk- og fiskeldisafurðum frá Perú (Stjttíð. EB nr. L 116, 23. 5. 1995, bls. 41), eins og henni var breytt með:
- **395 D 0311:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/311/EB frá 24. júlí 1995 (Stjttíð. EB nr. L 186, 5. 8. 1995, bls. 78).
- Þessi gerð á einnig við um Ísland.
21. **395 D 0174:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/174/EB frá 7. mars 1995 um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á lifandi samlokum (tvískelja lindýrum), skrápdyrum, möttuldýrum og sæsniglum frá Perú (Stjttíð. EB nr. L 116, 23. 5. 1995, bls. 47).
- Þessi gerð á einnig við um Ísland.
22. **395 D 0190:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/190/EB frá 17. maí 1995 um sérstök skilyrði vegna innflutnings á fisk- og fiskeldisafurðum frá Filípseyjum (Stjttíð. EB nr. L 123, 3. 6. 1995, bls. 20).
- Þessi gerð á einnig við um Ísland.
23. **395 D 0328:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/328/EB frá 25. júlí 1995 um útgáfu heilbrigðisvottorðs vegna fiskafurða frá þriðju löndum sem ekki hefur enn verið fjallað um í sérákvörðun (Stjttíð. EB nr. L 191, 12. 8. 1995, bls. 32).
- Þessi gerð á einnig við um Ísland.
24. **395 D 0352:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/352/EB frá 25. júlí 1995 um kröfur um dýraheilbrigði og útgáfu heilbrigðisvottorðs vegna innflutnings risaotra *Crassostrea gigas* frá þriðju löndum til umlagningar í sjó innan bandalagsins (Stjttíð. EB nr. L 204, 30. 8. 1995, bls. 13).
- Þessi gerð á einnig við um Ísland.
25. **395 D 0408:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/408/EB frá 22. júní 1995 um skilyrði fyrir gerð bráðabirgðaskráa, fyrir tiltekið tímabil, yfir starfs-

stöðvar þriðju landa sem innflutningur aðildarríkjanna á tilteknum afurðum úr dýraríkinu, fiskafurðum og lifandi samlokum (tvískelja lindýrum) er heimilaður frá (Stjtið. EB nr. L 243, 11. 10. 1995, bls. 17).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

26. **395 D 0453:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/453/EB frá 23. október 1995 um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á lifandi samlokum (tvískelja lindýrum), skrápdyrum, möttuldýrum og sæsniglum frá Kóreu (Stjtið. EB nr. L 264, 7. 11. 1995, bls. 35).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

27. **395 D 0454:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/454/EB frá 23. október 1995 um sérstök skilyrði vegna innflutnings á fisk- og fiskeldisafurðum frá Kóreu (Stjtið. EB nr. L 264, 7. 11. 1995, bls. 37).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

28. **395 D 0538:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/538/EB frá 6. desember 1995 um sérstök skilyrði vegna innflutnings á fisk- og fiskeldisafurðum frá Japan (Stjtið. EB nr. L 304, 16. 12. 1995, bls. 52).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

29. **396 D 0192:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/192/EB frá 19. febrúar 1996 um sérstök skilyrði vegna innflutnings á niðursoðnum fiskafurðum frá Rússlandi (Stjtið. EB nr. L 61, 12. 3. 1996, bls. 37).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

30. **396 D 0333:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/333/EB frá 3. maí 1996 um útgáfu heilbrigðisvottorðs vegna lifandi samloka (tvískelja lindýra), skrápdyra, möttuldýra og sæsnigla frá þriðju löndum sem ekki er fjallað um í sérákvörðunum (Stjtið. EB nr. L 127, 25. 5. 1996, bls. 33).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

31. **396 D 0355:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/355/EB frá 30. maí 1996 um sérstök skilyrði vegna innflutnings á fisk- og fiskeldisafurðum frá Senegal (Stjtið. EB nr. L 137, 8. 6. 1996, bls. 24).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

32. **396 D 0356:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/356/EB frá 30. maí 1996 um sérstök skilyrði vegna innflutnings á fisk- og fiskeldisafurðum frá Gambíu (Stjtið. EB nr. L 137, 8. 6. 1996, bls. 31).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

33. **396 D 0425:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/425/EB frá 28. júní 1996 um sérstök skilyrði vegna innflutnings á fisk- og fiskeldisafurðum frá Míritaníu (Stjtið. EB nr. L 175, 13. 7. 1996, bls. 27).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.

9. VELFERÐ DÝRA

Engar gerðir eiga við um Ísland.

Fylgiskjal II.

**Býðingarmestu gerðir vegna fyrirhugaðra breytinga og viðbóta
við I. viðauka við EES-samninginn.**

18. 8. 90

Stjórnartíðindi EB

Nr. L 224/29

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 26. júní 1990

um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með til-
tekin dýr á fæti til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á

(90/425/EEB)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bandalagið skal samþykkja ráðstafanir sem hafa það að markmiði að koma smám saman á hinum innri markaði á tímabili sem lýkur 31. desember 1992.

Samhæft markaðsskipulag vegna dýra og afurða úr dýrrikinu felur í sér að ryðja verður úr vegi hindrunum á sviði dýraræktar og dýraheilbrigðis er hefta þróun viðskipta innan bandalagsins með umrædd dýr og afurðir. Í þessu sambandi er frjáls flutningur dýra og landbúnaðarafurða grundvallaratriði í hinu sameiginlega markaðsskipulagi og ætti að auðvelda skynsamlega þróun landbúnaðarframleiðslu og hámarksnýtingu á framleiðsluþáttunum.

Á sviði dýraheilbrigðis eru landamærastöðvar notaðar um þessar mundir til að annast eftirlit sem hefur það að markmiði að vernda heilbrigði manna og dýra.

Endanlegt markmið er að tryggja að dýraheilbrigðiseftirlit fari einungis fram á sendingarstað. Náist þetta markmið felur það í sér samhæfingu grundvallarkrafna um verndun heilbrigðis dýra.

Til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ætti, þar til þessu markmiði er endanlega náð, að leggja áherslu á að eftirlit fari fram á sendingarstað og að skipuleggja það eftirlit sem gæti farið fram á viðtökustað. Slík lausn felur í sér að dýraheilbrigðiseftirlit á innri landamærum bandalagsins fellur niður og af þeim sökum er réttlætanlegt að viðhalda heilbrigðisvottorði eða auðkennisskírteini eins og kveðið er á um í reglum bandalagsins.

Með þessari lausn er ábyrgð dýraheilbrigðiseftirlits í sendingarríkinu aukin, einkum með því að komið er á kerfi til

skjótra upplýsingaskipta. Því er mikilvægt að sendingaraðildarríkið sjái til þess að eftirlitið fari rétt fram.

Skýndikannarir vegna dýraheilbrigðiseftirlits geta farið fram í viðtökuríkinu. Leiki sterkur grunur á að um vanrækslu sé að ræða getur dýraheilbrigðiseftirlitið farið fram meðan á umflutningi dýranna eða vörunnar stendur og á þeim svæðum sem samhæfingin nær ekki til skal vera hægt að grípa til sóttkvía.

Mikilvægt er að kveða á um aðgerðir sem grípa skal til komi í ljós við dýraheilbrigðiseftirlit að sendingin sé ekki samkvæmt settum reglum.

Kveða ætti á um meðferð deilumála sem gætu komið upp vegna sendinga frá bújörð, miðstöð eða fyrirtæki.

Mikilvægt er að kveða á um verndarráðstafanir. Á þessu sviði verður meginábyrgðin, einkum af framkvæmdar-
ástæðum, að vera í höndum sendingaraðildarríkisins. Framkvæmdastjórnin verður að geta brugðist skjótt við, einkum með því að gera vettvangskannarir og grípa til viðeigandi ráðstafana.

Svo að góður árangur náist verða reglur sem eru settar í þessari tilskipun að gilda um öll dýr og vörur sem falla undir dýraheilbrigðiseftirlit vegna viðskipta innan bandalagsins.

Með stöðu samhæfingar í huga, og þar til reglur bandalagsins verða settar, ættu dýr og vörur sem ekki falla undir samhæfðar reglur að fullnægja kröfum viðtökuríkisins, að því tilskildu að þær séu í samræmi við 36. gr. sáttmálans.

Framangreindum reglum ætti að beita við eftirlit með dýrarækt.

Aðlaga ætti ákvæði gildandi tilskipana að þeim nýju reglum sem eru settar með þessari tilskipun.

Þessar reglur ber að endurskoða fyrir lok ársins 1993.

Framkvæmdastjórninni skal falið að samþykkja ráðstafanir til beitingar þessari tilskipun. Með það í huga skal ákveða

(1) Stjóð. EB nr. C 225, 31. 8. 1988, bls. 4.

(2) Stjóð. EB nr. C 326, 19. 12. 1988, bls. 28.

(3) Stjóð. EB nr. C 56, 6. 3. 1989, bls. 20.

aðferðir sem fela í sér nána og árangursríka samvinnu milli framkvæmdastjórnanna og aðildarríkanna í fastanefndinni um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríkin skulu tryggja að dýraheilbrigðisefirlit með dýrum á fæti og afurðum, sem falla undir tilskipanirnar sem eru taldar upp í viðauka A eða fyrstu málsgrein 21. gr. og hafa á viðskipti með, fari ekki lengur fram, með fyrirvara um 7. gr., við landamærastöðvar heldur samkvæmt þessari tilskipun.

Aðildarríkin skulu enn fremur tryggja að eftirlit með skjölum vegna dýraræktar falli undir reglur þessarar tilskipunar.

Þessi tilskipun hefur hvorki áhrif á eftirlit með velferð dýra meðan á flutningi stendur né á eftirlit sem fram fer í tengslum við óhlutdræga skoðun á vegum yfirvalda sem bera ábyrgð á almennri beitingu laga í aðildarríki.

2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „dýraheilbrigðisefirlit“: eftirlit með ástandi og/eða formsatriðum á sviði stjórnsýslu sem tekur til dýranna eða afurðanna sem um getur í 1. gr. og er ætlað að vernda, beint eða óbeint, heilbrigði manna eða dýra;
2. „eftirlit með dýrarækt“: eftirlit með ástandi og/eða formsatriði á sviði stjórnsýslu sem tekur til dýra sem heyra undir tilskipanir tilgreindar í II. þætti viðauka A og er ætlað að bæta, beint eða óbeint, dýrastofna;
3. „viðskipti“: viðskipti milli aðildarríkja með vörur í skilningi 2. mgr. 9. gr. sáttmálans;
4. „bújörð“: landbúnaðarþýli eða athafnasvæði dreifiaðila, eins og skilgreint er samkvæmt gildandi innlendum reglum, staðsett á yfirráðasvæði aðildarríkis þar sem dýr sem um getur í viðaukum A og B, að hófdýrum undanskildum, eru haldin eða alin að jafnaði og bújörð samkvæmt skilgreiningu í a-lið 2. gr. tilskipunar ráðsins 90/426/EBE frá 26. júní 1990 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á flutninga og innflutning á hófdýrum frá þriðju löndum⁽¹⁾;
5. „miðstöð eða fyrirtæki“: fyrirtæki sem framleiðir, tekur til geymslu eða vinnslu afurðimar sem um getur í 1. gr.;

⁽¹⁾ Stjóð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 42.

6. „lögbært yfirvald“: stjórnvald aðildarríkis sem ber ábyrgð á dýraheilbrigðisefirliti og eftirliti með dýrarækt eða hvert það yfirvald sem það hefur fengið þá ábyrgð í hendur;
7. „opinber dýralæknir“: dýralæknir sem er tilnefndur af lögbæru stjórnvaldi aðildarríkisins.

I. KAFLI

Eftirlit á upprunastað

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu tryggja að einungis séu höfð viðskipti með dýr og afurðir sem um getur í 1. gr. og uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) dýrin og afurðimar sem um getur í viðauka A verða að fullnægja kröfum viðkomandi tilskipana sem eru taldar upp í honum og dýrin og afurðimar sem um getur í viðauka B verða að fullnægja dýraheilbrigðiskröfum viðtökuaðildarríkisins;
 - b) þau verða að vera frá bújörðum, miðstöðvum eða fyrirtækjum sem opinbert reglulegt dýraheilbrigðisefirlit nær til í samræmi við 3. mgr.;
 - c) þau verða annars vegar að vera auðkennd samkvæmt reglum bandalagsins og hins vegar að vera skráð þannig að unnt sé að rekja uppruna- eða umflutningsbújörðina, miðstöðina eða fyrirtækið; tilkynna skal framkvæmdastjórninni um innlendar reglur um auðkenni eða skráningu innan þriggja mánaða frá tilkynningu þessarar tilskipunar.
- Aðildarríkin verða að gera viðeigandi ráðstafanir fyrir 1. janúar 1993 til að tryggja að reglur sem gilda um auðkenni og skráningu í viðskiptum innan bandalagsins nái einnig til hreyfinga á dýrum á yfirráðasvæðum þeirra;
- d) við flutning skal þeim fylgja heilbrigðisvottorð og/eða önnur skjöl eins og kveðið er á um í tilskipunum sem um getur í viðauka A og, þegar um er að ræða önnur dýr og afurðir, í reglum viðtökuaðildarríkisins.

Þessi vottorð eða skjöl, gefin út af opinberum dýralækni sem ber ábyrgð á upprunabújörðinni, -miðstöðinni eða -fyrirtækinu og, þegar um er að ræða skjöl sem krafist er í löggjöf um dýrarækt sem um getur í II. þætti viðauka A, af lögbæru yfirvaldi, verða að fylgja dýrinu, dýrunum og afurðunum á viðtökustað;

- e) smitnæm dýr, eða afurðir af dýrum sem eru smitnæm, mega ekki vera upprunnin;

- i) frá bújörðum, miðstöðvum, fyrirtækjum eða svæðum sem höft ákveðin í samræmi við reglur bandalagsins ná til, eins og við á, þegar þær gilda um viðkomandi dýr eða afurðir frá viðkomandi dýrum, vegna þess að grunur leikur á að sjúkdómur sem um getur í viðauka C sé til staðar, eða hafi komið upp eða vegna beitingar öryggisráðstafana;
- ii) frá bújörð, miðstöð, fyrirtæki eða svæði sem opinber höft ná til, vegna þess að grunur leikur á að sjúkdómur annar en þeir sem um getur í viðauka C sé til staðar, eða hafi komið upp eða vegna beitingar öryggisráðstafana;
- iii) þegar þau eru ætluð fyrir bújarðir, miðstöðvar eða fyrirtæki í aðildarríkjum sem hafa fengið ábyrgðir samkvæmt 9. gr. tilskipunar 64/432/EBE, eða öðrum jafngildum reglum bandalagsins sem hafa verið eða verða teknar upp í ríki viðurkenndu samkvæmt löggjöf bandalagsins sem ósýkt af sjúkdómi, á öllu eða hluta yfirráðasvæðis þess, frá bújörð sem veitir ekki ábyrgðir sem það aðildarríki getur krafist vegna sjúkdóma annarra en þeirra sem eru taldir upp í viðauka C;
- iv) þegar þau eru ætluð fyrir aðildarríki eða hluta yfirráðasvæðis aðildarríkis sem viðbótarábyrgðir ná til samkvæmt 9. gr. tilskipunar 64/432/EBE, eða öðrum jafngildum reglum bandalagsins sem hafa verið eða verða teknar upp, frá bújörð, miðstöð eða fyrirtæki og, komi til þess, frá hluta yfirráðasvæðisins sem veitir ekki viðbótarábyrgðir sem kveðið er á um.
- Lögbært yfirvald upprunalsins skal tryggja, áður en það gefur út vottorðið eða fylgiskjalið, að bújarðir, miðstöðvar eða fyrirtækin fullnægi þeim kröfum sem kveðið er á um í þessum lið;
- f) þegar margir viðtökustaðir koma við sögu í flutningum verður að flokka dýr og afurðir saman í eins margar vörusendingar og viðtökustaðirnir eru. Hverri sendingu skal fylgja vottorð og/eða skjöl sem um getur í d-lið;
- g) þegar dýrin eða afurðir, sem falla undir tilskipanir í viðauka A og fullnægja reglum bandalagsins, eru ætluð til útflutnings til þriðja lands um yfirráðasvæði annars aðildarríkis, verður flutningurinn — nema í bráðatilvikum sem tilskilin leyfi hafa fengist fyrir hjá lögbæru yfirvaldi til að tryggja velferð dýranna — að vera undir eftirliti tollayfirvalda að þeim stað þar sem tollsvæði bandalagsins endar, samkvæmt nánari ákvæðum sem framkvæmdastjórnin setur í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr. eða, eftir því sem við á, í 19. gr.
- Þegar um er að ræða dýr og afurðir sem fullnægja ekki reglum bandalagsins, eða dýr og afurðir sem um getur í viðauka B, getur umflutningur einungis átt sér stað ef tilskilið leyfi hefur fengist hjá lögbæru yfirvaldi í umflutningsaðildarríkinu.
2. Aðildarríkin skulu einnig tryggja að:
- dýrin og afurðirnar sem um getur í 1. gr., og kynni að þurfa að slátra samkvæmt innlendi áætluð um útrýmingu sjúkdóma sem ekki eru taldir upp í viðauka C, séu ekki send áfram til yfirráðasvæðis annars aðildarríkis;
- dýrin og afurðirnar sem um getur í viðauka A eða dýrin og afurðirnar sem um getur í viðauka B séu ekki send áfram til yfirráðasvæðis annars aðildarríkis ef þau geta ekki markaðssett þau á eigin yfirráðasvæði af ástæðum er tengjast heilbrigði manna eða dýra eins og getið er í 36. gr. sáttmálans.
3. Með fyrirvara um eftirlitsskyldur opinbers dýralæknis samkvæmt löggjöf bandalagsins skal lögbært yfirvald hafa eftirlit með bújörðum, viðurkenndum mörkuðum og söfnunarstöðum, miðstöðvum eða fyrirtækjum til að fullvissa sig um að dýr og afurðir sem eiga á viðskipti með fullnægi kröfum bandalagsins og uppfylli sérstaklega skilyrðin sem eru sett í c- eða d-lið 1. mgr. vegna auðkenningar.
- Þegar grunur leikur á um að kröfum bandalagsins hafi ekki verið fullnægt skal lögbært yfirvald viðhafa nauðsynlegt eftirlit og, sé grunurinn staðfestur, grípa til nauðsynlegra ráðstafana sem geta falið í sér einangrun viðkomandi bújarðar, miðstöðvar eða fyrirtækis.
4. Framkvæmdastjórnin getur samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 18. gr. eða, eftir atvikum, í 19. gr., samþykkt nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar, einkum með tilliti til viðkomandi tegundar.
4. gr.
1. Sendingaraðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að:
- a) eigendur búfenaðar og afurða sem um getur í 1. gr. fullnægi innlendum kröfum eða kröfum bandalagsins sem fjallað er um í þessari tilskipun og varða dýraheilbrigði og dýrarækt á öllum stigum framleiðslu og markaðssetningar;
- b) dýrin og afurðirnar sem um getur í viðauka A séu skoðuð að minnsta kosti eins nákvæmlega, frá dýraheilbrigðissjónarmiði, og væru þau ætluð fyrir innlendan markað, nema sérstaklega sé kveðið á um annað í reglum bandalagsins;

c) dýr séu flutt með viðeigandi flutningatækjum sem uppfylla reglur um hreinlæti.

2. Lögbært yfirvald upprunaaðildarríkisins sem gaf út vottorðið eða skjalið sem fylgir dýrunum og afurðunum skal tilkynna, daginn sem þau voru gefin út og með tölvukerfinu sem kveðið er á um í 20. gr., lögbæru stjórnvaldi í viðtökuaðildarríkinu og lögbæru yfirvaldi á viðtökustaðnum um þær upplýsingar sem framkvæmdastjórnin skal ákveða samkvæmt málsmeðferðinni í 18. gr.

3. Sendingaraðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að refsa fyrir brot einstaklinga eða lögpersóna á dýraheilbrigðis- eða dýraræktarlöggjöf þegar staðfest hefur verið að reglur bandalagsins hafi verið sniðgengnar, einkum þegar í ljós hefur komið að vottorðin, skjölin eða auðkennin endurspegla ekki raunverulegt ástand dýranna eða uppruna-bújarðanna eða eiginleg einkenni afurðanna.

II. KAFLI

Eftirlit á viðtökustað

5. gr.

1. Viðtökuaðildarríki skulu koma eftirfarandi ráðstöfunum til framkvæmda:

a) lögbært yfirvald getur, á viðtökustað dýranna og afurðanna, kannað með óhlutdrægum skyndikönnunum á dýraheilbrigði hvort kröfum 3. gr. hefur verið fullnægt; það getur einnig tekið sýni í þessu sambandi.

Jafnframt getur lögbært yfirvald umflutningsaðildarríkisins eða viðtökuaðildarríkisins, hafi það rökstuddan grun um brot, einnig látið fara fram eftirlit við flutning dýranna og afurðanna á yfirráðasvæði sínu;

b) þegar afurðir samkvæmt 1. gr. sem eru upprunnar í öðru aðildarríki eru ætlaðar:

i) viðurkenndum markaði eða söfnunarstað eins og skilgreint er í reglum bandalagsins ber rekstraradilinn ábyrgð á móttöku dýra sem uppfylla ekki kröfur 1. mgr. 3. gr.

Lögbæra yfirvaldið skal ganga úr skugga um, með óhlutdrægri skoðun á vottorðum eða skjölum sem fylgja dýrunum, að dýrin uppfylli umræddar kröfur;

ii) sláturhúsi sem er undir eftirliti opinbers dýralæknis verður hann að tryggja, einkum á grundvelli vott-

orðsins eða fylgiskjalsins, að einungis dýrum sem uppfylla kröfur 1. mgr. 3. gr. sé sláttrað.

Rekstraraðili sláturhússins ber ábyrgð á slátrun dýra sem uppfylla ekki kröfur c- og d-liðar 1. mgr. 3. gr.;

iii) skráðum dreifiaðila sem skiptir upp sendingum eða starfsstöð sem er ekki undir stöðugu eftirliti, skal lögbæra yfirvaldið líta á slíkan dreifiaðila eða starfsstöð sem viðtakanda dýranna og gilda þá skilyrðin sem eru sett í annarri undirgrein;

iv) bújörðum, miðstöðvum eða fyrirtækjum, einnig í þeim tilvikum þegar sendingin er að hluta afhent meðan á flutningi stendur, skal hverju dýri eða hópi dýra fylgja samkvæmt 3. gr. frumrit af heilbrigðisvottorði eða fylgiskjali þar til það er komið í hendur þess viðtakanda sem þar er tilgreindur.

Viðtakendumir sem um getur í iii- og iv-lið fyrstu undirgreinar verða, áður en til uppskiptingar eða sölu kemur, að ganga úr skugga um að auðkennin, vottorðin eða skjölin sem um getur í c- og d-lið 1. mgr. 3. gr. séu til staðar og tilkynna lögbæru yfirvaldi um sérhverja vanrækslu eða frávik og verði þess vart skal einangra viðkomandi dýr þar til lögbæra yfirvaldið hefur tekið ákvörðun um hvað skuli gera.

Ábyrgðirnar sem viðtakendur sem um getur í iii- og iv-lið verða að gefa skulu tilgreindar í samningi við lögbært yfirvald og undirritaðar þegar fyrirframskráningin sem kveðið er á um í 12. gr. fer fram. Lögbæra yfirvaldið skal gera slembiathuganir til að ganga úr skugga um að ábyrgðirnar haldi.

Þessi liður gildir að breyttu breytanda um viðtakendur afurðanna sem um getur í 1. gr.

2. Allir viðtakendur sem eru tilgreindir á vottorðinu eða skjalinu sem kveðið er á um í d-lið 1. mgr. 3. gr.:

a) verða, fari lögbært yfirvald viðtökuaðildarríkisins fram á það og að því marki sem nauðsynlegt er vegna eftirlitsins sem um getur í 1. mgr., að tilkynna fyrirfram um komu dýra og afurða frá öðru aðildarríki og tilgreina þá sérstaklega um eðli sendingarinnar og áætlaðan komudag.

Tilkynningafrestur skal að öðru jöfnu ekki vera lengri en einn dagur; engu að síður geta aðildarríki í undantekningartilvikum krafist tveggja daga tilkynningafrests.

Þessarar tilkynningar er ekki krafist vegna skráðra hesta með auðkennisskjal eins og kveðið er á um í tilskipun 90/427/EBE;

b) skulu geyma í þann tíma sem lögbæra yfirvaldið tilgreinir, þó ekki skemur en í sex mánuði, heilbrigðisvottorðin eða skýrslurnar sem um getur í

3. gr. svo að unnt sé að framvísa þeim til lögbæra yfirvaldsins fari það fram á slíkt.

3. Nákvæmar reglur um framkvæmd þessarar greinar skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina í 18. gr. eða, eftir atvikum, 19. gr.

6. gr.

1. Þegar dýr á fæti eiga samkvæmt reglum bandalagsins, eða innlendum ákvæðum sem endurspeglar almennar reglur sáttmálans á sviðum sem hafa ekki verið samhæfð, að fara í sóttkví skal það að öllu jöfnu vera á viðtökubújörðinni.

2. Nota má sóttvarmarstöð ef dýraheilbrigðissjónarmið styðja það. Líta ber á slíka stöð sem viðtökustað sendingarinnar. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni um ástæður slíkrar aðgerðar.

3. Nánar skal kveðið á um skilmála er varða sóttkví og staðsetningu hennar í tengslum við dýraheilbrigðiskröfumur sem um getur í annarri undirgrein 21. gr.

7. gr.

1. Aðildarríkin skulu tryggja að við eftirlitið sem fram fer á þeim stöðum þar sem hægt er að flytja dýr og afurðir sem um getur í 1. gr. frá þriðja landi inn á yfirráðasvæði bandalagsins, eins og höfnum, flugvöllum og landamæra-
stöðvum við þriðju lönd séu eftirfarandi ráðstafanir gerðar:

a) vottorð eða skjöl sem fylgja dýrunum eða afurðunum séu skoðuð;

b) þegar dýr og afurðir eru flutt inn frá þriðju löndum verður að senda þau undir eftirliti tollayfirvalda til skoðunarstöðva til að dýraheilbrigðisskoðun geti farið fram.

Dýrin og afurðirnar sem um getur í viðauka A mega ekki fá tollafgreiðslu nema eftirlitið hafi sýnt að þau fullnægi reglum bandalagsins;

c) um dýr og afurðir úr bandalaginu gilda eftirlitsreglurnar sem eru settar í 5. gr.

2. Fara verður með dýrin og afurðirnar sem um getur í viðauka B, og dýr og afurðir sem eru flutt inn samkvæmt innlendum dýraheilbrigðisreglum, beint inn á yfirráðasvæði bandalagsins, um skoðunarstöðvar aðildarríkisins sem óskar að flytja þau inn, og skulu þau skoðuð þar í samræmi við b-lið 1. mgr.

Aðildarríki sem stunda innflutning frá þriðju löndum samkvæmt innlendum reglum um dýraheilbrigði skulu tilkynna slíkan innflutning til framkvæmdastjórnarinnar og hinna að-

ildarríkjanna, einkum umflutningsaðildarríkjanna, og gera grein fyrir þeim skilyrðum sem hann lýtur.

Viðtökuaðildarríki skulu ekki heimila að dýr séu send frá yfirráðasvæði þeirra nema þau hafi verið þar í þann tíma sem mælt er fyrir um í sérlöggjöf bandalagsins, það sama á við um afurðirnar sem um getur í annarri undirgrein, nema að senda eigi þau án umflutnings til annars aðildarríkis sem stundar innflutning frá þriðju löndum.

Hins vegar má, uns reglur bandalagsins hafa verið samþykktar, koma með þessi dýr og afurðir inn á yfirráðasvæði aðildarríkis, annars en þess sem um getur í annarri undirgrein, hafi hitt aðildarríkið samþykkt fyrirfram hvernig eftirliti skuli hátað og, ef við á, einnig umflutningsaðildarríkið. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum innan ramma fastanefndarinnar um dýraheilbrigði þegar þau nýta þessa undanþágu og um fyrirkomulag eftirlits.

3. Frá 1. janúar 1993, og þrátt fyrir 1. mgr., skulu öll dýr og afurðir, sem eru flutt með flutningatækjum sem með reglubundnum og beinum hætti tengja tvo landfræðilega punkta í bandalaginu, falla undir skoðunarreglurnar sem eru settar í 5. gr.

8. gr.

1. Komist lögbær yfirvöld aðildarríkis, við eftirlit sem fram fer á viðtökustað sendingar, eða meðan á flutningi stendur, að því:

a) að til staðar séu sjúkdómsvaldar sem orsaka sjúkdóm sem er nefndur í tilskipun 82/894/EBE⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 90/134/EBE⁽²⁾, dýrasjúkdómur sem getur einnig lagst á menn eða annar sjúkdómur, eða eitthvert það ástand sem getur stofnað dýrum eða mönnum í hættu, eða afurðirnar komi frá svæði sem er smitað af dýrasjúkdómi, skulu þau gefa fyrirmæli um að dýrunum eða dýrasendingu sé komið í sóttkví á næstu sóttvarmarstöð eða þeim sé slátrað og/eða fargað.

Sendandi eða fulltrúi hans, eða sá aðili sem ber ábyrgð á afurðunum eða dýrunum, skal bera kostnað er tengist ráðstöfunum sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein.

Lögbær yfirvöld viðtökuaðildarríkisins skulu þegar í stað tilkynna lögbærum yfirvöldum hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni skriflega, með þeim hætti sem á best við, um þær upplýsingar sem liggja fyrir, ákvarðanir sem hafa verið teknar og rökstuðning fyrir þeim.

Beita má verndarráðstöfunum sem kveðið er á um í 10. gr.

⁽¹⁾ Stjóð. EB nr. L 378, 31. 12. 1982, bls. 58.

⁽²⁾ Stjóð. EB nr. L 76, 22. 3. 1990, bls. 23.

Að beiðni aðildarríkis og í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr. getur framkvæmdastjórnin að auki tekið ákvörðun um nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að aðildarríkin beiti samræmdum aðgerðum til að takast á við þær aðstæður sem ekki er kveðið á um í löggjöf bandalagsins;

- b) að, með fyrirvara um a-lið, dýrin og afurðir fullnægi ekki skilyrðunum sem eru sett í tilskipunum bandalagsins eða, þegar aðildarríkið hlýtur ábyrgðir samkvæmt 9. gr. tilskipunar 64/432/EEB eða jafngildum reglum bandalagsins sem hafa verið eða verða samþykktar, í innendum reglum um dýraheilbrigði, geta þau, að því tilskildu að það stangist ekki á við heilbrigðis- eða dýraheilbrigðissjóðarmíð, leyft sendanda eða fulltrúa hans að velja á milli þess:

— þegar leifar eru til staðar, að dýrunum og afurðunum sé haldið undir eftirliti þar til staðfest hefur verið að reglunum sé fylgt og, ef reglunum er ekki fylgt, að ráðstöfunum sem kveðið er á um í löggjöf bandalagsins sé beitt,

— að dýrunum sé slátrað eða afurðunum fargað,

— að dýrin eða sendingin sé send til baka með leyfi lögbærs yfirvalds sendingaraðildarríkisins og tilkynningu fyrirfram frá umflutningsaðildarríkinu eða -ríkjunum.

Komi hins vegar í ljós að vottorð eða skýrslur eru ekki samkvæmt settum reglum verður sendandi eða umbodsmaður hans að fá umþóttunartíma til að koma skjölunum í lag áður en gripið er til síðarnefnda úrræðisins.

2. Framkvæmdastjórnin skal í samræmi við málsmeðferðina í 18. gr. taka saman ská yfir þá sjúkdómsvalda og sjúkdóma sem um getur í 1. mgr. og nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar.

9. gr.

1. Í því tilviki sem kveðið er á um í 8. gr. skal lögbært yfirvald viðtökuaðildarríkis hafa samband við lögbær yfirvöld sendingaraðildarríkisins án tafar. Síðarnefndu yfirvöldin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir og tilkynna lögbæru yfirvaldi fyrstnefnda aðildarríkisins um eðli eftirlitsins sem fram hefur farið, ákvarðanir sem hafa verið teknar og rökstuðning fyrir þeim.

Óttist lögbært yfirvald viðtökuaðildarríkisins að ráðstafanir séu ófullnægjandi skulu lögbær yfirvöld beggja aðildarríkjanna leita sameiginlegra leiða og aðferða til að bæta stöðuna; ef svo ber undir getur það falið í sér skoðun á staðnum.

Komi endurtekin vanræksla fram við eftirlit sem kveðið er á um í 8. gr. skal lögbært yfirvald viðtökuaðildarríkisins tilkynna það framkvæmdastjórninni og dýraheilbrigðisyfir-

völdum hinna aðildarríkjanna.

Framkvæmdastjórnin getur, að beiðni lögbærs yfirvalds viðtökuaðildarríkisins eða að eigin frumkvæði, og að teknu tilliti til þess hvers eðlis brotið er:

— sent skoðunarmenn, í samráði við lögbær innlend yfirvöld, til viðkomandi staðar,

— falið opinberum dýralækni, en nafn hans verður að vera á skrá sem framkvæmdastjórnin tekur saman að tillögu aðildarríkjanna og samkomulag er um meðal hlutaðeigandi aðila, að kanna aðstæður á staðnum,

— farið fram á það við lögbæra yfirvaldið að það auki eftirlit með umræddri bújörð, miðstöð, fyrirtæki, viðurkenndum markaði, söfnunarstað eða upprunasvæði.

Hún skal tilkynna aðildarríkjunum um niðurstöður sínar.

Uns framkvæmdastjórnin hefur komist að niðurstöðu verður sendingaraðildarríkið, að beiðni viðtökuaðildarríkisins, að bæta eftirlit með dýrum og afurðum frá umræddri bújörð, miðstöð, fyrirtæki, viðurkenndum markaði, söfnunarstað eða upprunasvæði og fresta útgáfu vottorða eða flutnings-skírteina ef til þess liggja alvarlegar ástæður er varða heilbrigði manna eða dýra.

Viðtökuaðildarríkið getur fyrir sitt leyti aukið tíðni eftirlits með dýrum sem koma frá sömu bújörð, miðstöð, fyrirtæki, viðurkenndum markaði, söfnunarstað eða svæði.

Að beiðni annars hlutaðeigandi aðildarríkis ber framkvæmdastjórninni — þegar vanræksla hefur verið staðfest með sérfræðingsálitu — í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr., að gera viðeigandi ráðstafanir sem geta gengið svo langt að heimila aðildarríkjunum að banna um stundarsakir innflutning afurða sem koma frá þeirri starfsstöð, miðstöð, fyrirtæki, viðurkenndum markaði, söfnunarstað eða upprunasvæði á yfirráðasvæði þeirra. Ráðstafanir verður að endurskoða eða staðfesta eins skjótt og hægt er í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr.

2. Þessi tilskipun hefur ekki, nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í fjórðu undirgrein, áhrif á rétt til að áfrýja, sem er fyrir hendi í gildandi lögum aðildarríkjanna, ákvörðunum lögbærra yfirvalda.

Tilkynna skal sendanda eða fulltrúa hans og lögbæru yfirvaldi sendingaraðildarríkisins um ákvarðanir sem eru teknar af lögbæru yfirvaldi viðtökuaðildarríkisins og rökstuðning fyrir þeim.

Fari sendandi eða fulltrúi hans fram á slíkt skal honum tilkynnt skriflega um umrædda ákvörðun og rökstuðning

fyrir henni ásamt nákvæmum upplýsingum um áfrýjunarrétt hans samkvæmt gildandi lögum viðtökuáðildarríkisins og um málsmeðferð og frest til að leggja fram kvörtun.

Komi hins vegar upp ágreiningur, og með fyrirvara um áðurnefndan áfrýjunarrétt, geta báðir aðilar, komist þeir að samkomulagi um það, innan eins mánaðar hið mesta, fengið sérfræðing til að leggja mat sitt á deiluna, en hans verður að vera getið á skrá yfir sérfræðinga bandalagsins sem framkvæmdastjórnin tekur saman; bandalagið skal standa straum af kostnaði við sérfræðingsráðgjöf.

Sérfræðingar verða að láta álit sitt í ljós innan 72 klukkustunda eða eftir að hafa fengið niðurstöður prófana. Deiluáðilar verða að lúta álitinu sérfræðingsins að teknu tilhlýðilegu tilliti til dýraheilbrigðislöggjafar bandalagsins.

3. Sendandi eða fulltrúi hans, eða sá aðili sem ber ábyrgð á dýrunum eða afurðunum, skal standa straum af kostnaði við að endursenda sendinguna, halda eða einangra dýrin eða, ef við á, slátra þeim eða farga.

4. Almennar reglur um beitingu þessarar greinar skal setja í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr. eða, eftir atvikum, 19. gr.

III. KAFLI

Sameiginleg ákvæði

10. gr.

1. Áðildarríki skal þegar í stað tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni komi upp á yfirráðsvæði þess aðrir sjúkdómar en þeir sem um getur í tilskipun 82/894/EBE, dýrasjúkdómar sem geta einnig lagst á menn eða annar sjúkdómur, eða eitthvert það ástand sem getur stofnað heilbrigði dýra eða manna í hættu.

Sendingaraðildarríkið skal þegar í stað koma í framkvæmd eftirlits- eða varúðarráðstöfunum sem kveðið er á um í reglum bandalagsins, einkum að því er tekur til þess að ákvarða sérstök eftirlitssvæði sem kveðið er á um í þessum reglum eða gera einhverja aðra ráðstöfun sem það álitur viðeigandi.

Viðtöku- eða umflutningsaðildarríkið sem hefur komist að því við eftirlitið sem um getur í 5. gr. að einhver sjúkdómanna eða orsakanna sem um getur í fyrstu undirgrein séu til staðar getur, ef nauðsyn krefur, gert varúðarráðstafanir sem kveðið er á um í reglum bandalagsins, þar með talið að setja dýrin í sóttkví.

Uns ráðstafanir hafa verið gerðar samkvæmt 4. mgr. getur viðtökuáðildarríkið, liggi til þess mikilvægar ástæður er varða heilbrigði manna eða dýra, gripið til tímabundinna verndarráðstafana gagnvart umræddum bújörð-

um, miðstöðvum eða fyrirtækjum eða, þegar um dýrasjúkdóm er að ræða, komið á verndarsvæði eins og kveðið er á um í reglum bandalagsins.

Tilkynna skal framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum án tafar um ráðstafanir sem aðildarríkin gera.

2. Einn eða fleiri fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar geta, að beiðni aðildarríkisins sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr., eða að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar, farið rakleiðis á umræddan stað til að rannsaka, í samvinnu við lögbær yfirvöld, hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar og skal leggja fram álit á ráðstöfununum.

3. Hafi framkvæmdastjórninni ekki verið tilkynnt um ráðstafanir, eða telji hún ráðstafanirnar ófullnægjandi, getur hún, í samvinnu við hlutaðeigandi aðildarríki og þar til fastanefndin um dýraheilbrigði hefur komið saman, gripið til tímabundinna verndarráðstafana vegna dýra eða afurða sem koma frá svæði sem er sýkt af dýrasjúkdómnum eða frá ákveðinni starfsstöð, framleiðslumiðstöð eða fyrirtæki. Þessar ráðstafanir skal leggja fyrir fastanefndina um dýraheilbrigði eins fljótt og kostur er og skal hún staðfesta þær, breyta þeim eða fella þær niður í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr.

4. Undir öllum kringumstæðum skal framkvæmdastjórnin fela fastanefndinni um dýraheilbrigði að endurskoða ástandið eins fljótt og kostur er. Hún skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr., vegna afurðanna sem um getur í 1. gr. og, gerist þess þörf, vegna upprunaafurðanna eða afurða sem eru fengnar af þeim. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með framvindu mála og, samkvæmt sömu málsmeðferð, breyta eða fella úr gildi ákvarðanir sem eru teknar eftir því hvernig ástandið þróast.

5. Ákveða skal nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar, og sérstaklega gerð skrárinnar yfir dýrasjúkdóma sem geta einnig lagst á menn, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.

11. gr.

Hvert aðildarríki um sig og framkvæmdastjórnin skal tilnefna þau dýraheilbrigðisyfirvöld eða stofnanir sem bera ábyrgð á dýraheilbrigðiseftirlitinu og annast samstarf við skoðunaryfirvöld hinna aðildarríkjanna.

12. gr.

Aðildarríkin skulu einnig tryggja að allir dreifiaðilar sem taka þátt í viðskiptum innan bandalagsins með dýrin og/eða afurðirnar sem falla undir 1. gr.:

- séu að beiðni lögbærs yfirvalds skráðir fyrirfram í opinbera skrá;
- haldi skrá yfir afgreiðslu og, vegna viðtakenda sem um getur í iii-lið í b-lið 1. mgr. 5. gr., síðari viðtökustaði dýranna eða afurðanna.

Geyma skal skrána í þann tíma sem lögbært innlent yfirvald ákveður svo að unnt sé að framvísa henni til lögbærs yfirvalds óski það eftir því.

13. gr.

Aðildarríkin skulu einnig tryggja að embættismenn sem starfa á vegum dýraheilbrigðisyfirvalda þeirra, ef svo ber undir í samvinnu við embættismenn annarra slíkra stofnana, séu einkum færir um að:

- skoða bújarðir, mannvirki, flutningatæki og aðferðir við mörkun og auðkenningu dýra,
- hafa eftirlit, að því er varðar afurðir sem eru taldar upp í viðauka A, með því hvort starfslið fullnægi kröfunum sem mælt er fyrir um í textunum sem um getur í þeim viðauka,
- taka sýni úr:
 - i) dýrum sem á að selja, setja á markað eða flytja;
 - ii) afurðum sem á að taka til geymslu, selja, setja á markað eða flytja,
- rannsaka skýrslu- eða tölvugögn sem varða eftirlit á grundvelli ráðstafananna sem eru gerðar samkvæmt þessari tilskipun.

Aðildarríkin skulu krefjast þess að þeir sem annast bújarðir, miðstöðvar eða fyrirtæki sem eru undir eftirliti sýni nauðsynlegan samstarfsvilja svo að unnt sé að inna af hendi þessi störf.

14. gr.

1. Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 64/432/EBE⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 89/662/EBE⁽²⁾:

a) Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:

„6. gr.

Dýrum til slátrunar sem farið er með í sláturhús við komu til viðtökulands, annaðhvort beint eða með viðkomu á viðurkenndum markaði eða söfnunarstað, verður að slátra þar eins fljótt og hægt er, í samræmi við dýraheilbrigðiskröfur.

Dýrum til slátrunar, sem við komuna til viðtökulandsins hafa verið send rakleiðis á markað í tengslum við sláturhús þar sem sú regla gildir að einungis megi flytja dýr, einkum eftir að þau hafa verið á markaðinum, í sláturhús sem er viðurkennt í þessu skyni af lögbæru stjórnvaldi, verður að slátra í sláturhúsinu eigi síðar en fimm dögum eftir komu þeirra á markaðinn.

⁽¹⁾ Stjútö. EB nr. 121, 29. 7. 1964, bls. 2012/64.

⁽²⁾ Stjútö. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 13.

Lögbært yfirvald viðtökulandsins getur að teknu tilliti til dýraheilbrigðissjónarmiða tilnefnt sláturhúsið sem senda verður dýrin til.“

b) Ákvæði 3. mgr. 7. gr. og fyrstu undirgreinar 2. mgr. 8. gr. falli hér með niður.

c) Í stað 9. og 10. gr. komi eftirfarandi:

„9. gr.

1. Aðildarríki sem hefur gert eftirlitsáætlun vegna smitsjúkdóms sem ekki er tilgreindur í viðauka E fyrir allt eða hluta af yfirráðasvæði sínu getur lagt þessa áætlun fyrir framkvæmdastjórnina einkum með upplýsingum um eftirfarandi:

- útbreiðslu sjúkdómsins í aðildarríkinu,
- ástæður fyrir áætluninni þar sem tekið er tillit til umfangs sjúkdómsins og áætlaðan ávinning af henni í samanburði við kostnað,
- landsvæði þar sem áætlunin kemur til framkvæmda,
- hvernig eigi að flokka starfsstöðvar, og hvaða staðla starfsstöðvar í hverjum flokki verði að uppfylla, að prófunaraðferðum meðtöldum,
- hvernig eftirliti með áætluninni verði háttað,
- hvaða aðgerða skuli gripið til ef starfsstöð er svipt viðurkenningu sem hún hefur, af hvaða ástæðu sem það kann að vera,
- til hvaða aðgerða skuli gripið verði niðurstöður prófa sem gera á í samræmi við ákvæði áætlunarrinnar jákvæðar.

2. Framkvæmdastjórnin skal skoða áætlanir sem aðildarríkin leggja fram. Áætlanir má viðurkenna í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 12. gr. uppfylli þær skilyrðin sem eru sett í 1. mgr. Viðbótarábyrgðir, almennar eða sértækar, sem krefjast má vegna viðskipta innan bandalagsins, skulu skilgreindar samtímis, eða í síðasta lagi þremur mánuðum eftir viðurkenningu áætlanna, og í samræmi við sömu málsmeðferð. Slíkar ábyrgðir mega ekki vera viðtækari en þær sem aðildarríkið notar á eigin yfirráðasvæði.

3. Breyta má þeim áætlunum sem aðildarríkin leggja fram eða bæta við þær í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr. Samkvæmt sömu málsmeðferð er heimilt að samþykkja breytingu eða viðbót við áætlun sem hefur hlotið samþykki eða við ábyrgðir sem hafa verið skilgreindar samkvæmt 2. mgr.

10. gr.

1. Aðildarríki sem telur að yfirráðasvæði sitt eða hluti þess sé ósýkt af einum af sjúkdómnum sem nautgripir og svín eru smitnæm fyrir skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina viðeigandi sönnunargögn, þar sem einkum komi fram:

- eðli sjúkdómsins og ferli hans á yfirráðasvæði aðildarríkisins,
- niðurstöður eftirlitsprófa sem eru byggð á sermi-fræðilegum, örverufræðilegum, meinafræðilegum eða faraldursfræðilegum niðurstöðum, eftir því sem við á, og því að skylt er að tilkynna sjúkdóminn til lögbærra yfirvalda,
- lengd eftirlits tímabils,
- þar sem við á, lengd tímabils þegar bólusetning gegn sjúkdóminum hefur verið bönnuð og til hvaða landsvæðis bannið tók,
- eftirlitsráðstafanir til að ganga úr skugga um að sjúkdómurinn sé ekki til staðar.

2. Framkvæmdastjórnin skal kanna sönnunargögn sem aðildarríkin leggja fram. Viðbótarábyrgðir, almennar eða sértækar, sem krefjast má í viðskiptum innan bandalagsins er heimilt að skilgreina í samræmi við málsmeðferðina í 12. gr. Slíkar ábyrgðir mega ekki vera víðtækari en þær sem aðildarríkið notar á eigin yfirráðasvæði. Ef sönnunargögn eru lögð fram fyrir 1. júlí 1991 skal taka ákvarðanir um viðbótarábyrgðir fyrir 1. janúar 1992.

3. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni um breytingar á gögnunum sem um getur í 1. mgr. og tengjast sjúkdóminum. Breyta má eða fella niður viðbótarábyrgðir samkvæmt 2. mgr., í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 12. gr., á grundvelli veittra upplýsinga.“

2. Ákvæði 2. til 5. undirgreinar 2. mgr. 5. gr. og 7. og 15. gr. tilskipunar 88/407/EBE ⁽¹⁾ falli niður.
3. Ákvæði 2. til 4. undirgreinar 2. mgr. 5. gr. og 14. gr. tilskipunar 89/556/EBE ⁽²⁾ falli niður.
4. Í fimmtu línu fyrstu undirgreinar 13. gr. í tilskipun 72/462/EBE ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 89/227/EBE ⁽⁴⁾, komi talan „fimm“ í stað „þrjú“.

15. gr.

1. Eftirfarandi grein bætist við tilskipanir 64/432/EBE og 89/556/EBE:

„14. gr.

Reglur sem eru settar í tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á(*), skulu einkum gilda um eftirlit á upp-

⁽¹⁾ Stjtfð. EB nr. L 134, 22. 7. 1988, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtfð. EB nr. L 302, 19. 10. 1989, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtfð. EB nr. L 302, 31. 12. 1972, bls. 28.

⁽⁴⁾ Stjtfð. EB nr. L 93, 6. 4. 1989, bls. 25.

runastað, skipulagningu og hvernig eftirlitinu er fylgt eftir af viðtökuaðildarríkinu og til verndarráðstafana sem eiga að koma til framkvæmda.

(*) Stjtfð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 29“.

2. Eftirfarandi grein bætist við tilskipun 88/407/EBE:

„15. gr.

Reglur sem eru settar í tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á(*), skulu einkum gilda um eftirlit á upp-runastað, skipulagningu og hvernig eftirlitinu er fylgt eftir af viðtökuaðildarríkinu og til verndarráðstafana sem eiga að koma til framkvæmda.

(*) Stjtfð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 29“.

3. Í stað 9. gr. tilskipunar 90/426/EBE komi eftirfarandi:

„9. gr.

Reglur sem eru settar í tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á(*), skulu einkum gilda um eftirlit á upp-runastað, skipulagningu og hvernig eftirlitinu er fylgt eftir af viðtökuaðildarríkinu og til verndarráðstafana sem eiga að koma til framkvæmda.

(*) Stjtfð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 29“.

16. gr.

Framkvæmdastjórnin getur breytt sjúkdómaskránni sem um getur í viðauka C í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.

17. gr.

Þegar vísað er til málsmeðferðarinnar í þessari grein skal fastanefndin um dýraheilbrigði sem komið var á fót með ákvörðun 68/361/EBE ⁽⁵⁾ taka ákvarðanir í samræmi við reglur sem mælt er fyrir um í 17. gr. tilskipunar 89/662/EBE.

18. gr.

Þegar vísað er til málsmeðferðarinnar í þessari grein skal fastanefndin um dýraheilbrigði taka ákvarðanir í samræmi við reglur sem mælt er fyrir um í 18. gr. tilskipunar 89/662/EBE.

⁽⁵⁾ Stjtfð. EB nr. L 255, 18. 10. 1968, bls. 23.

19. gr.

Þegar vísað er til málsmeðferðarinnar í þessari grein skal fastanefndin um dýrarækt sem komið var á fót með ákvörðun 77/505/EBE ⁽¹⁾ taka ákvarðanir í samræmi við reglur sem mælt er fyrir um í 11. gr. tilskipunar 88/661/EBE ⁽²⁾.

IV. KAFLI

Loka- og bráðabirgðaákvæði

20. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal koma á, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr., tölvukerfi sem tengir dýraheilbrigðisyrivöld, einkum með það í huga að auðvelda upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda svæða þar sem heilbrigðisvottorð eða skjal sem fylgir dýrum og dýraafurðum hefur verið gefið út og lögbærra yfirvalda viðtökuáðildarríkisins.

2. Samþykkja skal reglur um fjárframlag bandalagsins, sem kveðið er á um í 37. gr. ákvörðunar 90/424/EBE og er nauðsynlegt vegna framkvæmdar þessarar áætlunar, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 42. gr. umræddrar ákvörðunar.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja reglur um beitingu þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr. og einkum viðeigandi staðla vegna skipta á upplýsingum og reglur um öryggisráðstafanir vegna gagna sem fara á milli.

21. gr.

Fram að 31. desember 1992 skulu viðskipti með dýr og afurðir sem eru tilgreind í viðauka B háð, uns reglur bandalagsins hafa verið settar og með fyrirvara um innlendar reglur um auðkenningu vörusendinga, reglum um eftirlit sem eru settar í þessari tilskipun, einkum þeim sem um ræðir í seinni hluta fyrsta málsliðar í a-lið 1. mgr. 3. gr.

Áðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum, fyrir þann dag sem ákveðinn er í 22. gr., um skilyrði og reglur sem gilda um komu dýra og afurða sem um getur í fyrstu undirgrein á yfirráðasvæði þeirra, að meðtöldum reglum um auðkenningu.

Framkvæmdastjórnin skal samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 17. gr. ákveða ráðstafanir sem eru nauðsynlegar vegna gagnavinnslu skilyrðanna sem um ræðir í annari undirgrein.

Reglur um eftirlit dýra og afurða sem um getur í viðauka A skulu rýmkaðar þannig að þær nái til dýra og dýraafurða sem falla ekki nú þegar undir viðaukann þegar búið verður að

⁽¹⁾ Stjórn. EB nr. L 206, 12. 8. 1977, bls. 11.
⁽²⁾ Stjórn. EB nr. L 382, 31. 12. 1988, bls. 16.

samþykkja samhæfðu reglurnar um viðskipti með þær. Fyrir 1. janúar 1992 skal ráðið ákveða hvaða dýr og dýraafurðir, sem ekki falla nú þegar undir gildissvið þessara tilskipana, tilskipun 89/662/EBE og þessi tilskipun skuli gilda um frá 31. desember 1992.

22. gr.

1. Áðildarríkin skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina fyrir 1. október 1991 áætlun um innlendar ráðstafanir sem á að gera til að ná markmiði þessarar tilskipunar, einkum um hve oft eftirlit á að fara fram.

2. Framkvæmdastjórnin skal rannsaka áætlunirnar sem áðildarríkin leggja fram í samræmi við 1. mgr.

3. Framkvæmdastjórnin skal á hverju ári og í fyrsta skipti árið 1992 senda aðildarríkjunum tilmæli um eftirlitsáætlun vegna næstkomandi árs; fastanefndin um dýraheilbrigði lætur á undan í ljós álit sitt á tilmælunum. Þessi tilmæli getur þurft að aðlaga síðar.

23. gr.

1. Fyrir 1. janúar 1991 skal ráðið ákveða, með auknum meirihluta og að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, reglur og almennar meginreglur um eftirlit í þriðju löndum og um eftirlit með innflutningi frá þriðju löndum á dýrum og afurðum sem þessi tilskipun tekur til. Á sama hátt skal ákveða eftirlitsstöðvar á ytri landamærum, ásamt þeim kröfum sem þessar stöðvar verða að fullnægja, fyrir þennan dag.

2. Fyrir 1. janúar 1993 skal ráðið endurskoða ákvæði þessarar tilskipunar, einkum 10. gr. og a-liðar 2. mgr. 5. gr., á grundvelli skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um fengna reynslu, ásamt viðeigandi breytingartillögum, sem ráðið skal afgreiða með auknum meirihluta.

24. gr.

Fram að 31. desember 1992, eða í síðasta lagi tólf mánuðum eftir daginn sem áðildarríkin verða að laga sig að tilskipun 90/423/EBE, geta áðildarríkin, þrátt fyrir 1. mgr. 5. gr. og til að unnt sé að taka smám saman upp eftirlitskerfið sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun:

- viðhaldið eftirliti með skjölum meðan á flutningum á dýrum og afurðum sem falla undir viðauka A og B stendur til að tryggja að kröfum sem mælt er fyrir um í reglum bandalagsins sé fullnægt,
- viðhaft eftirlit með skjölum meðan á flutningum stendur á dýrum og afurðum innfluttum frá þriðju löndum til áðildarríkja.

25. gr.

Ráðið skal, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, ákvarða með auknum meirihluta, fyrir 1. október 1992, það skipulag sem á að taka gildi þegar bráðabirgðaákvæðin í 24. gr. falla úr gildi.

26. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja lög og stjórnáskilfyrirmæli sem eru nauðsynleg til að fara að:

- i) ákvæðum 10. gr. þessarar tilskipunar og 9. gr. tilskipunar 89/662/EEB, tveimur mánuðum eftir að tilkynnt hefur verið um þessa tilskipun,
- ii) öðrum ákvæðum þessarar tilskipunar, þann dag sem verður ákveðinn þegar ákvörðun sem á að samþykkja fyrir 31. desember 1990 og eigi síðar en 31. desember 1991 verður tekin.

Lýðveldið Grikkland skal þó hafa eins árs frest til að fara að þessum öðrum ákvæðum.

27. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 26. júní 1990.

Fyrir hönd ráðsins,

M. O'KENNEDY

forseti.

VIÐAUKA

I. DÝRAHEILBRIGÐISLÖGGJÖF

Tilskipun ráðsins 64/432/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan bandalagsins með nautgripi og svín.

Stjórið. EB nr. L 121, 29. 7. 1964, bls. 1977/64.

Tilskipun ráðsins 88/407/EBE frá 14. júní 1988 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem eiga við um viðskipti innan bandalagsins og innflutning á djúpfrystu sæði húsdýra af nautgripakyni.

Stjórið. EB nr. L 194, 22. 7. 1988, bls. 10.

Tilskipun ráðsins 89/556/EBE frá 25. september 1989 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan bandalagsins og innflutning frá þriðju löndum á fósturum húsdýra af nautgripakyni.

Stjórið. EB nr. L 302, 19. 10. 1989, bls. 1.

Tilskipun ráðsins 90/426/EBE frá 26. júní 1990 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á flutninga og innflutning hófdýra frá þriðju löndum⁽¹⁾.

Stjórið. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 42.

Tilskipun ráðsins 90/429/EBE frá 26. júní 1990 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem eiga við um viðskipti innan bandalagsins og innflutning á sæði húsdýra af svínakyni.

Stjórið. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 62.

II. DÝRARÆKTARLÖGGJÖF

Tilskipun ráðsins 77/504/EBE frá 25. júlí 1977 um hreinræktuð kynbótadýr af nautgripakyni.

Stjórið. EB nr. L 206, 12. 8. 1977, bls. 8.

Tilskipun ráðsins 88/661/EBE frá 19. desember 1988 um staðla á sviði dýraræktar sem gilda um kynbótasvín.

Stjórið. EB nr. L 382, 31. 12. 1988, bls. 36.

Tilskipun ráðsins 89/361/EBE frá 30. maí 1989 um hreinræktað kynbótafé og -geitur.

Stjórið. EB nr. L 153, 6. 6. 1989, bls. 30.

Tilskipun ráðsins 90/427/EBE frá 26. júní 1990 um ræktunar- og erfðafræðiskilyrði sem hafa áhrif á viðskipti með hófdýr innan bandalagsins.

Stjórið. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 55.

⁽¹⁾ Gildir frá 1. janúar 1992.

VIÐAUKI B

**DÝR OG AFURÐIR SEM FALLA EKKI UNDIR SAMHÆFINGU BANDALAGSINS EN VIÐSKIPTI
MEÐ ÞAU ERU HÁÐ EFTIRLITINU SEM KVEÐID ER Á UM Í ÞESSARI TILSKIPUN****A. Dýr á fæti af eftirtöldum tegundum**

- Sauðfé og geitur
- Alifuglar
- Tamdar kanínur

B. Afurðir

- Úrgangsefni (lifandi smitefni)
- Útungunaregg

VIÐAUKI C

**SKRÁ YFIR SJÚKDÓMA EÐA DÝRASJÚKDÓMA SEM HEYRA UNDIR BRÁDAADGERÐIR MED
SVÆDATAKMÖRKUNUM (ADILDARRÍKI, SVÆÐI)**

- Gin- og klaufaveiki (FMD)
- Svínapest (CSF)
- Afrkusvínapest (ASF)
- Blöðruveiki í svinum (SVD)
- Newcastle-veiki (ND)
- Nautapest
- Pest í litlum jórturdýrum (PPR)
- Munnblöðrubólga (VS)
- Blátunga
- Afrkuhrossapest (AHS)
- Heila- og mænubólga í hestum
- Svínalömunarveiki („Teschen-veiki“)
- Fuglaflensa
- Fjár- og geitabólusótt
- Húðþrimlaveiki
- Rift valley-veiki
- Illkynjuð brjósthimnubólga

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 11. desember 1989

um dýraheilbrigðiseftirlití viðskiptum innan bandalagsins til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á

(89/662/EEC)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bandalagið skal samþykka ráðstafanir sem hafa það að markmiði að koma smám saman á hinum innri markaði á tímabili sem lýkur 31. desember 1992.

Samhæft markaðsskipulag vegna búfjárafurða og afurða úr dýraríkinu felur í sér að ryðja verður úr vegi hindrunum á sviði dýraheilbrigðis er hefta þróun viðskipta innan bandalagsins með umræddar afurðir. Í þessu sambandi er frjálst flutningur landbúnaðarafurða grundvallaratriði í hinu sameiginlega markaðsskipulagi og ætti að auðvelda skynsamlega þróun landbúnaðarframleiðslu og hámarksnýtingu á framleiðsluáttunum.

Á sviði dýraheilbrigðis eru landamærastöðvar notaðar um þessar mundir til að annast eftirlit sem hefur það að markmiði að vernda heilbrigði manna og dýra.

⁽¹⁾ Stjótd. EB nr. C 225, 31. 8. 1988, bls. 4.

⁽²⁾ Stjótd. EB nr. C 326, 19. 12. 1988, bls. 28.

⁽³⁾ Stjótd. EB nr. L 56, 6. 3. 1989, bls. 7.

Endanlegt markmið er að tryggja að dýraheilbrigðiseftirlit fari einungis fram á sendingarstað. Náist þetta markmið felur það í sér samhæfingu grundvallarkrafna um verndun heilbrigðis manna og dýra.

Til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ætti, þar til markmiðinu er endanlega náð, að leggja áherslu á að eftirlit fari fram á sendingarstað og að skipuleggja það eftirlit sem gæti farið fram á viðtökustað. Slík lausn felur í sér að dýraheilbrigðiseftirlit á innri landamærum bandalagsins fellur niður.

Með þessari lausn er ábyrgð dýraheilbrigðiseftirlits í sendingarríkinu aukin. Því er mikilvægt að sendingarríkið sjái til þess að eftirlitið fari rétt fram.

Skyndikannanir vegna dýraheilbrigðiseftirlits geta farið fram í viðtökuríkinu. Leiki sterkur grunur á að um vanrækslu sé að ræða getur dýraheilbrigðiseftirlitið farið fram meðan á umflutningi vörunnar stendur.

Aðildarríkin skulu leggja fram áætlun þar sem þau gera grein fyrir því hvernig þau munu framfylgja eftirlitinu og skulu þessar áætlanir háðar samþykki bandalagsins.

Mikilvægt er að kveða á um aðgerðir sem grípa skal til komi í ljós við dýraheilbrigðiseftirlit að sendingin sé ekki samkvæmt settum reglum. Hér geta þrír kostir komið til greina: markmiðið með þeim fyrsta væri að koma reglu á skjöl sem eru ekki samkvæmt settum reglum, með öðrum að koma í veg fyrir hættu þar sem í ljós hefur komið að dýrafarsótt hefur brotist út, nýr alvarlegur smitsjúkdómur eða önnur orsök sem gæti stefnt dýrum eða almannaheil-

brigði í alvarlega hættu, en gripið væri til hins þriðja þegar vörurnar fullnægja ekki settum kröfum af öðrum ástæðum en þeim sem að framan getur.

Kveða ætti á um meðferð deilumála sem gætu komið upp vegna sendinga frá starfsstöð, framleiðslumiðstöð eða fyrirtæki.

Mikilvægt er að kveða á um verndarráðstafanir. Á þessu sviði verður meginábyrgðin, einkum af framkvæmdarástæðum, að vera í höndum sendingaraðildarríkisins. Framkvæmdastjórnin verður að geta brugðist skjótt við, einkum með því að farið sé á staðinn og gripið til viðeigandi ráðstafana.

Svo að góður árangur náist verða reglur sem eru settar í þessari tilskipun að gilda um allar vörur sem falla undir dýraheilbrigðiseftirlit vegna viðskipta innan bandalagsins.

Í aðildarríkjunum er heilbrigðisástand enn mismunandi að því er ákveðnar dýrafarsóttir varðar og því ætti, þar til bandalagið hefur komið sér saman um aðferðir til að berjast gegn þessum sjúkdómum, að leggja til hliðar eins og sakir standa spurninguna um eftirlit með viðskiptum innan bandalagsins á búfénaði og leyfa eftirlit með skjölum meðan á flutningi stendur. Með stöðu samhæfingar í huga, og þar til reglur bandalagsins verða settar, ættu vörur sem ekki falla undir samhæfðar reglur að fullnægja kröfum viðtökuríkisins, að því tilskildu að þær séu í samræmi við 36. gr. sáttmálans.

Aðlaga ætti ákvæði gildandi tilskipana að þeim nýju reglum sem eru settar með þessari tilskipun.

Þessar reglur ber að endurskoða fyrir lok ársins 1993.

Framkvæmdastjórninni skal falið að samþykkja ráðstafanir til beitingar þessari tilskipun. Með það í huga skal ákveða aðferðir sem fela í sér nána og árangursríka samvinnu milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna í fastanefndinni um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríkin skulu tryggja að dýraheilbrigðiseftirlitið með afurðum úr dýraríkinu, sem falla undir tilskipanirnar sem eru taldar upp í viðauka A eða 14. gr. og hafa á viðskipti með, fari ekki lengur fram, með fyrirvara um 6. gr., við landamærastöðvar heldur samkvæmt þessari tilskipun.

2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sein hér segir:

1. „dýraheilbrigðiseftirlit“: eftirlit með ástandi og/eða formsatriðum á sviði stjórnsýslu sem tekur til afurðanna sem um getur í 1. gr. og er ætlað að vernda, beint eða óbeint, heilbrigði manna eða dýra;
2. „viðskipti“: viðskipti milli aðildarríkja með vörur í skilningi 2. mgr. 9. gr. sáttmálans;
3. „starfsstöð“: fyrirtæki sem framleiðir, tekur til geymslu eða vinnslu afurðirnar sem um getur í 1. gr.;
4. „lögbært yfirvald“: stjórnvald aðildarríkis sem ber ábyrgð á dýraheilbrigðiseftirliti eða hvert það yfirvald sem það hefur fengið þá ábyrgð í hendur;
5. „opinber dýralæknir“: dýralæknir sem er tilnefndur af lögbæru stjórnvaldi aðildarríkisins.

I. KAFLI

Eftirlit á upprunastað

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu tryggja að einu afurðirnar sem viðskipti eru höfð með séu þær sem um getur í 1. gr. og hafa verið fengnar, skoðaðar og merktar í samræmi við reglur bandalagsins, sem gilda um viðtökustaðinn, og þarf heilbrigðisvottorð að fylgja til endanlegs móttakanda sem þar er getið, dýraheilbrigðisvottorð eða eitthvert annað skjal sem kveðið er á um í dýraheilbrigðisreglum bandalagsins.

Upprunastarfsstöðvar skulu tryggja, með stöðugu eftirliti með eigin starfsemi, að slíkar afurðir fullnægi kröfum fyrstu undirgreinar.

Með fyrirvara um eftirlitsskyldur opinbers dýralæknis samkvæmt löggjöf bandalagsins skal lögbært yfirvald hafa reglulegt eftirlit með starfsstöðvum til að fullvissa sig um að afurðir sem eiga á viðskipti með fullnægi kröfum bandalagsins eða, í þeim tilvikum sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar og 14. gr., kröfum viðtökuaðildarríkisins.

Þegar grunur leikur á um að kröfum hafi ekki verið fullnægt skal lögbært yfirvald viðhafa nauðsynlegt eftirlit og, sé grunurinn staðfestur, grípa til nauðsynlegra ráðstafana sem geta falið í sér að viðurkenning sé dregin til baka.

2. Þegar margir viðtökustaðir koma við sögu í flutningunum verður að flokka afurðir saman í eins margar vörusendingar og viðtökustaðirnir eru. Hverri vörusendingu skal fylgja áðurgreint vottorð eða skjal.

Þegar afurðirnar sem um getur í 1. gr. eru ætlaðar til útflutnings til þriðja lands verður flutningurinn að vera undir tollaefirliti að þeim stað þar sem tollsvæði bandalagsins endar.

3. Aðildarríki sem flytja valfrjálst inn vörur frá tilteknum þriðju löndum skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjum um slíkan innflutning.

Þegar annað aðildarríki en þau sem um getur að framan flytur vörur inn á yfirráðasvæði bandalagsins skal það aðildarríki annast skjalaefirlit á uppruna- og viðtökustað varanna í samræmi við 1. mgr. 6. gr.

Viðtökuaðildarríki skulu banna að umræddar vörur verði sendar áfram frá yfirráðasvæði þeirra nema að þær eigi að fara til annars aðildarríkis sem stundar innflutning frá þriðju löndum.

4. gr.

1. Sendingaraðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að stjórnendur fullnægi dýraheilbrigðiskröfum á öllum stigum framleiðslunnar, geymslu, markaðssetningar og flutninga afurðanna sem um getur í 1. gr. Þau skulu einkum tryggja að:

- sams konar eftirlit sé haft með afurðum sem eru fengnar í samræmi við tilskipanirnar sem um getur í viðauka A, frá dýraheilbrigðissjórnarmiði, hvort sem þær eru ætlaðar til viðskipta innan bandalagsins eða fyrir innlenda markað,
- afurðirnar sem falla undir viðauka B séu ekki sendar áfram til yfirráðasvæðis annars aðildarríkis ef ekki er unnt að markaðssetja þær á þeirra eigin yfirráðasvæðum af ástæðum sem eru tilgreindar í 36. gr. sáttmálans.

2. Sendingaraðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir á sviði réttargæslu eða stjórnsýslu til að ákveða viðurlög vegna brota einstaklinga eða lögpersóna á dýraheilbrigðis-löggjöf þegar staðfest hefur verið að reglur bandalagsins hafi verið sniðgengnar, einkum þegar í ljós hefur komið að vottorðin eða skjölin endurspeglar ekki raunverulegt ástand afurðanna eða heilbrigðisstimplar hafa verið festir á afurðir sem eru ekki í samræmi við þessar reglur.

II. KAFLI

Eftirlit á viðtökustað

5. gr.

1. Viðtökuaðildarríki skulu koma eftirfarandi ráðstöfunum til framkvæmda:

a) Lögbært yfirvald getur, á viðtökustað varanna, kannað með óhlutdrægum dýraheilbrigðisskyndikönnunum hvort kröfum 3. gr. hefur verið fullnægt; það getur einnig tekið sýni í þessu sambandi.

Jafnframt getur lögbært yfirvald umflutningsaðildarríkisins eða viðtökuaðildarríkisins, hafi það rökstuddan grun um brot, einnig látið fara fram eftirlit við flutning varanna á yfirráðasvæði sínu, þar með talið eftirlit með að flutningatækin fullnægi gildandi reglum;

b) þegar afurðirnar samkvæmt 1. gr. sem eru upprunnar í öðru aðildarríki eru ætlaðar:

- starfsstöð sem opinber dýralæknir ber ábyrgð á verður hann að tryggja að þeirri starfsstöð berist einungis afurðir sem fullnægja kröfum 1. mgr. 3. gr. að því er varðar merkingu og fylgiskjöl eða, þegar um er að ræða afurðir sem um getur í viðauka B, að þeim fylgi skjalið sem kveðið er á um í reglum viðtökulandsins,
- viðurkenndum millilið sem skiptir upp vörusendingunum eða verslunarfyritæki með mörgum útibúum, eða einhverri starfsstöð sem lýtur ekki stöðugu eftirliti, verða viðkomandi fyrirtæki að kanna, áður en vörusendingunni er skipt upp eða hún markaðssett, hvort umrædd merki, vottorð eða skjöl sem um getur í fyrsta undirlit séu til staðar og tilkynna lögbæra yfirvaldinu um sérhverja vanrækslu eða frávik,
- til annarra móttakenda, einkum þegar vörusendingin er afhent í hlutum meðan á flutningi stendur, verður vörusendingunni að fylgja, í samræmi við 1. mgr. 3. gr., frumrit af vottorðinu sem um getur í fyrsta undirlit.

Ábyrgðirnar sem móttakendur sem um getur í öðrum og þriðja undirlit verða að gefa skulu tilgreindar í samningi við lögbært yfirvald og undirritaðar þegar fyrirframskráningin sem kveðið er á um í 3. mgr. fer fram. Lögbæra yfirvaldið skal gera slembiathuganir til að ganga úr skugga um að ábyrgðirnar haldi.

2. Ef bandalagsstaðlar sem kveðið er á um í reglum bandalagsins hafa ekki verið settir og í því tilviki sem kveðið er á um í 14. gr., getur viðtökuaðildarríkið, að teknu tilhlýðilegu tilliti til almennra ákvæða sáttmálans, krafist þess að upprunastarfsstöðin noti gildandi staðla samkvæmt innlendum reglum þess aðildarríkis, samanber þó 4. gr. Upprunaaðildarríkið skal tryggja að viðkomandi afurð uppfylli þessar kröfur.

3. Aðilar sem taka við vörum frá öðru aðildarríki eða sem sjá um að skipta alfaríð upp vörusendingu með slíkum afurðum:

- a) skulu, fari lögbæra yfirvaldið fram á það, skráðir fyrirfram;
- b) skulu halda skrá yfir slíka vöruafgreiðslu;
- c) verða, fari lögbæra yfirvaldið fram á það, að tilkynna um komu vörusendinga frá öðru aðildarríki að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er til að unnt sé að viðhafa eftirlitið sem um getur í 1. mgr.;
- d) geyma í þann tíma sem lögbæra yfirvaldið tilgreinir, þó ekki skemur en í sex mánuði, heilbrigðisvottorðin eða skýrslur sem um getur í 3. gr. svo að unnt sé að framvísa þeim til lögbæra yfirvaldsins fari það fram á slíkt.

4. Nákvæmar reglur um framkvæmd þessarar greinar skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina í 18. gr.

5. Ráðið skal, að fenginni skýrslu framkvæmdastjórnarinnar með breytingartillögum, endurskoða þessa grein innan þriggja ára frá því að þessi tilskipun kemur til framkvæmda.

6. gr.

1. Aðildarríkin skulu tryggja að við eftirlitið sem fram fer á þeim stöðum þar sem hægt er að flytja vörur frá þriðja landi inn á yfirráðasvæði bandalagsins, eins og höfnum, flugvöllum og landamærastöðvum við þriðju lönd séu eftirfarandi ráðstafanir gerðar:

- a) upprunaskjöl varanna séu skoðuð;
- b) þegar vörur eru fluttar inn frá þriðju löndum verður að senda þær undir eftirliti tollayfirvalda til skoðunarstöðva til að dýraheilbrigðisskoðun geti farið fram.

Afurðimar sem um getur í viðauka A mega ekki fá tollafgreiðslu nema eftirlitið hafi sýnt að þær fullnægi reglum bandalagsins.

Afurðimar sem um getur í viðauka B og þær sem flokkast undir valfrjálsan innflutning í samræmi við 3. mgr. 3. gr. sem verða sendar, eftir að hafa verið fluttar inn á yfirráðasvæði bandalagsins, yfir á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, skal:

- annaðhvort taka í dýraheilbrigðisskoðun til að ganga úr skugga um að þær fullnægi reglum viðtökuaðildarríkisins,
- eða þær verður, eftir að almenn sjónræn skoðun hefur farið fram til að ganga úr skugga um að afurðimar séu samkvæmt skýrslunum, að senda undir eftirliti tollayfirvalda til viðtökustaðar þar sem dýraheilbrigðisskoðun skal fara fram;

- c) afurðir sem eru upprunnar í bandalaginu verða að falla undir skoðunarreglur sem eru settar í 5. gr.

2. Frá 1. janúar 1993, og þrátt fyrir 1. mgr., skulu allar afurðir, sem eru fluttar með flutningatækjum sem með reglubundnum og beinum hætti tengja tvo landfræðilega punkta í bandalaginu, falla undir skoðunarreglur sem eru settar í 5. gr.

7. gr.

1. Komist lögbær yfirvöld aðildarríkis, við eftirlit sem fram fer á viðtökustað sendingar, eða meðan á flutningi stendur, að því:

- a) að til staðar séu sjúkdómsvaldar sem orsaka sjúkdóm sem er nefndur í tilskipun 82/894/EBE⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 89/162/EBE⁽²⁾, dýrasjúkdómur sem getur einnig lagst á menn eða annar sjúkdómur, eða eitthvert það ástand sem getur stofnað dýrum eða mönnum í hættu, eða afurðimar komi frá svæði sem er smitað af dýrasjúkdómi, skulu þau, nema um sé að ræða dýraheilbrigðissjónarmið eða afurðir sem eiga að hljóta einhverja þá meðferð sem um getur í 4. gr. tilskipunar 80/215/EBE⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 88/660/EBE⁽⁴⁾, gefa fyrirmæli um að vörusendingin sé eyðilögð eða notuð á einhvern þann hátt sem mælt er fyrir um í reglum bandalagsins.

Sendandi eða fulltrúi hans skal bera kostnað af eyðileggingu vörusendingarinnar.

Lögbær yfirvöld viðtökuaðildarríkisins skulu þegar í stað tilkynna lögbærum yfirvöldum hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni með fjarritasendingu um þær upplýsingar sem liggja fyrir, ákvarðanir sem hafa verið teknar og rökstuðning fyrir þeim.

Beita má verndarráðstöfunum sem kveðið er á um í 9. gr.

Auk þess getur framkvæmdastjórnin, að beiðni aðildarríkis og í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr., til að takast á við þær aðstæður sem ekki er kveðið á um í löggjöf bandalagsins, tekið ákvörðun um nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að aðildarríkin beiti samræmdum aðgerðum;

- b) að vörur fullnægi ekki skilyrðunum sem eru sett í tilskipunum bandalagsins eða innlendum stöðlum, eða hafi ekki verið tekin ákvörðun um bandalagsstaðla sem kveðið er á um í tilskipunum, geta þau, að því tilskildu að það stangist ekki á við heilbrigðis- eða dýraheilbrigðissjónarmið, leyft sendanda eða fulltrúa hans að velja á milli þess:

— að eyðileggja vörur, eða

— nota vörur í öðrum tilgangi, þar með talið að senda þær til baka með leyfi lögbærs yfirvalds til lands upprunastarfsstöðvarinnar.

⁽¹⁾ Stjóð. EB nr. L 378, 31. 12. 1987, bls. 58.

⁽²⁾ Stjóð. EB nr. L 61, 4. 3. 1989, bls. 48.

⁽³⁾ Stjóð. EB nr. L 47, 21. 2. 1980, bls. 4.

⁽⁴⁾ Stjóð. EB nr. L 382, 31. 12. 1988, bls. 35.

Komi hins vegar í ljós að vottorð eða skýrslur eru ekki samkvæmt settum reglum verður sendandi að fá umþóttunartíma til að koma skjölunum í lag áður en gripið er til síðarnefnda úrræðisins.

2. Framkvæmdastjórnin skal í samræmi við málsmeðferðina í 18. gr. taka saman ská yfir sjúkdómsvalda og sjúkdóma þá sem um getur í 1. mgr. og nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar.

8. gr.

1. Í því tilviki sem kveðið er á um í 7. gr. skal lögbært yfirvald viðtökuáildarríkis hafa samband við lögbær yfirvöld sendingaraðildarríkisins án tafar. Síðarnefndu yfirvöldin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir og tilkynna lögbæru yfirvaldi fyrstnefnda aðildarríkisins um eðli eftirlitsins sem fram hefur farið, ákvarðanir sem hafa verið teknar og rökstuðning fyrir þeim.

Óttist yfirvald fyrsta aðildarríkisins að ráðstafanir séu ófullnægjandi skulu lögbær yfirvöld beggja aðildarríkjanna leita sameiginlegra leiða og aðferða til að bæta stöðuna; ef svo ber undir getur það falið í sér skoðun á staðnum.

Komi endurtekin vanræksla fram við eftirlit sem kveðið er á um í 7. gr. skal lögbært yfirvald viðtökuáildarríkisins tilkynna það framkvæmdastjórninni og dýraheilbrigðisyfirvöldum hinna aðildarríkjanna.

Framkvæmdastjórnin getur, að beiðni lögbærs yfirvalds viðtökuáildarríkisins eða að eigin framkvæði, og að teknu tilliti til þess hvers eðlis brotið er:

- sent skoðunarnefnd til viðkomandi starfsstöðvar, eða
- falið opinberum dýralækni, en nafn hans verður að vera á skrá sem framkvæmdastjórnin tekur saman að tillögu aðildarríkjanna og samkomulager um meðal hlutaðeigandi aðila, að kanna aðstæður í viðkomandi starfsstöð,
- farið fram á það við lögbæra yfirvaldið að það fjölgi afurðasýnum frá viðkomandi starfsstöð.

Hún skal tilkynna aðildarríkjunum um niðurstöður sínar.

Þegar grípa þarf til þessara ráðstafana vegna endurtekinnar vanrækslu af hálfu starfsstöðvar skal framkvæmdastjórnin fara fram á að viðkomandi starfsstöð greiði fyrir útgjöld vegna beitingar undirliða undanfarandi undirgreinar.

Uns framkvæmdastjórnin hefur komist að niðurstöðu verður sendingaraðildarríkið, að beiðni viðtökuáildarríkisins, að tryggja að eftirlit með afurðum frá umræddri starfsstöð verði tíðara og fella viðurkenningu niður ef til þess liggja alvarlegar ástæður er varða heilbrigði dýra eða manna.

Viðtökuáildarríkið getur fyrir sitt leyti aukið tíðni eftirlits með afurðum frá sömu starfsstöð.

Að beiðni annars hlutaðeigandi aðildarríkis ber framkvæmdastjórninni — þegar vanræksla hefur verið staðfest með sérfræðingsáliti — í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr., að gera viðeigandi ráðstafanir sem geta gengið svo langt að heimila aðildarríkjunum að banna um stundarsakir innflutning afurða sem koma frá þeirri starfsstöð á yfirráðasvæði þeirra. Ráðstafanir verður að endurskoða eða staðfesta eins skjótt og hægt er í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr.

Almennar reglur um beitingu þessarar greinar skal setja í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.

2. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á rétt til að áfrýja, sem er fyrir hendi í gildandi lögum aðildarríkjanna, ákvörðunum lögbærra yfirvalda.

Tilkynna skal sendanda eða fulltrúa hans og lögbæru yfirvaldi sendingaraðildarríkisins um ákvarðanir sem eru teknar af lögbæru yfirvaldi viðtökuáildarríkisins og rökstuðning fyrir þeim.

Fari sendandi eða fulltrúi hans fram á slíkt skal honum tilkynnt skriflega um umrædda ákvörðun og rökstuðning fyrir henni ásamt nákvæmum upplýsingum um áfrýjunarrétt hans samkvæmt gildandi lögum viðtökuáildarríkisins og um málsmeðferð og frest til að leggja fram kvörtun.

Komi hins vegar upp ágreiningur, og með fyrirvara um áður nefndan áfrýjunarrétt, geta báðir aðilar, komist þeir að samkomulagi um það, innan eins mánaðar hið mesta, fengið sérfræðing til að leggja mat sitt á deiluna, en hans verður að vera getið á skrá yfir sérfræðinga bandalagsins sem framkvæmdastjórnin tekur saman; bandalagið skal standa straum af kostnaði við sérfræðingsráðgjöf.

Sérfræðingar verða að láta álit sitt í ljós innan 72 klukkustunda. Deiluaðilar verða að láta álit sérfræðingsins að teknu tilhlýðilegu tilliti til dýraheilbrigðislöggjafar bandalagsins.

3. Móttakandi skal standa straum af kostnaði við að endursenda vörusendinguna, geymslu varanna, taka þær til annarra nota eða koma þeim í lög.

III. KAFLI

Sameiginleg ákvæði

9. gr.

1. Aðildarríki skal þegar í stað tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni brjótist út á yfirráða-

svæði þess aðrir sjúkdómar en þeir sem um getur í tilskipun 82/894/EBE, dýrasjúkdómar sem geta einnig lagst á menn eða annar sjúkdómur, eða eitthvert það ástand sem getur stofnað heilbrigði dýra eða manna í hættu.

Upprunaaðildarríkið skal þegar í stað koma í framkvæmd eftirlits- eða varúðarráðstöfunum sem kveðið er á um í reglum bandalagsins, einkum að því er tekur til þess að ákvarða sérstök hlutleysissvæði sem kveðið er á um í þessum reglum eða gera einhverja aðra ráðstöfun sem það álitur að komi að gagni.

Viðtöku- eða umflutningsaðildarríkið sem hefur komist að því við eftirlitið sem um getur í 5. gr. að einhver sjúkdómanna eða orsakanna sem um getur í fyrstu undirgrein séu til staðar getur, ef nauðsyn krefur, gert varúðarráðstafanirnar sem kveðið er á um í reglum bandalagsins.

Uns ráðstafanir hafa verið gerðar samkvæmt 4. mgr. getur viðtökuaðildarríkið, liggi til þess mikilvægar ástæður er varða heilbrigði dýra eða manna, gripið til tímabundinna vermdarráðstafana gagnvart umræddum starfsstöðvum eða, þegar um dýrasjúkdóm er að ræða, komið á verndarsvæði eins og kveðið er á um í reglum bandalagsins.

Tilkynna skal framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkj- unum án tafar um ráðstafanir sem aðildarríkin gera.

2. Einn eða fleiri fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar geta, að beiðni aðildarríkisins sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr., eða að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar, farið rakleiðis á umræddan stað til að rannsaka, í samvinnu við lögbær yfirvöld, hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar og skal leggja fram álit um ráðstafanirnar.

3. Hafi framkvæmdastjórninni ekki verið tilkynnt um ráðstafanir, eða telji hún ráðstafanirnar ófullnægjandi, getur hún, í samvinnu við hlutaðeigandi aðildarríki og þar til fastanefndin um dýraheilbrigði hefur komið saman, gripið til tímabundinna vermdarráðstafana vegna afurða sem koma frá svæði sem er sýkt af dýrasjúkdóminum eða frá ákveðinni starfsstöð. Þessar ráðstafanir skal leggja fyrir fastanefndina um dýraheilbrigði eins fljótt og kostur er og skal hún staðfesta þær, breyta þeim eða fella þær niður í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr.

4. Undir öllum kringumstæðum skal framkvæmdastjórnin fela fastanefndinni um dýraheilbrigði að endurskoða ástandið eins fljótt og kostur er. Hún skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr., vegna afurðanna sem um getur í 1. gr. og, gerist þess þörf, vegna upprunaafurðanna eða afurða sem eru fengnar af þeim. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með framvindu mála og, samkvæmt sömu málsmeðferð, breyta eða fella úr gildi ákvarðanir sem eru teknar eftir því hvernig ástandið þróast.

5. Ákveða skal nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar, og gerð skrárinnar yfir dýrasjúkdóma sem geta einnig lagst á menn, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr.

10. gr.

Hvert aðildarríki um sig og framkvæmdastjórnin skal tilnefna þau dýraheilbrigðisyfirvöld eða stofnanir sem bera ábyrgð á dýraheilbrigðiseftirlitinu og annast samstarf við skoðunaryfirvöld hinna aðildarríkjanna.

11. gr.

Aðildarríkin skulu einnig tryggja að embættismenn sem starfa á vegum dýraheilbrigðisyfirvalda þeirra, ef svo ber undir í samvinnu við embættismenn annarra slíkra stofnana, séu einkum færir um að:

- skoða athafnasvæði, skrifstofur, rannsóknarstofur, mannvirki, flutningatæki, svæði og búnað, hreinsunar- og viðhaldsvörur, vinnsluáðferðir sem eru notaðar við framleiðslu og vinnslu afurðanna og merkingu og útlitsfrágang afurðanna,
- hafa eftirlit með því hvort starfslíð fullnægi kröfunum sem mælt er fyrir um í textunum sem um getur í viðauka A,
- taka sýni úr fyrirliggjandi afurðum sem eiga að fara í geymslu eða taka á til sölu, markaðssetningar eða flutninga,
- rannsaka skýrslu- eða tölvugögn sem varða eftirlit á grundvelli ráðstafananna sem eru gerðar samkvæmt 1. mgr. 3. gr.

Með þetta í huga verða starfsstöðvamar sem eftirlit skal haft með að eiga samvinnu við embættismennina svo að þeim verði kleift að sinna skyldustörfum sínum.

12. gr.

1. Ákvæði 8. (3. mgr.), 10. og 11. gr. tilskipunar 64/433/EBE ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 88/657/EBE ⁽²⁾, falli niður.

2. Ákvæði 5. (3. og 4. mgr.), 9., 10. og 11. gr. tilskipunar 71/118/EBE ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 88/657/EBE, falli niður.

3. Í tilskipun 72/461/EBE ⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 87/489/EBE ⁽⁵⁾:

- i) falli 5. (2., 3., 4. og 5. mgr.), 6. og 8. gr. niður;
- ii) komi í 8. gr. a tilvísun í 9. gr. tilskipunar 89/662/EBE í stað 8. gr.

⁽¹⁾ Stjúd. EB nr. 121, 29. 7. 1964, bls. 2012/64.

⁽²⁾ Stjúd. EB nr. L 382, 31. 12. 1988, bls. 3.

⁽³⁾ Stjúd. EB nr. L 55, 8. 3. 1971, bls. 23.

⁽⁴⁾ Stjúd. EB nr. L 302, 31. 12. 1972, bls. 24.

⁽⁵⁾ Stjúd. EB nr. L 280, 3. 10. 1987, bls. 28.

4. Ákvæði 3. mgr. 7. gr. ásamt 12. og 16. gr. tilskipunar 77/99/EBE⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 89/227/EBE⁽²⁾, falli niður.

5. Í tilskipun 80/215/EBE:

i) falli 5. (2. mgr., 3. mgr., 4. mgr. og 5. mgr.), 6. og 7. gr. niður;

ii) komi í 7. gr. a tilvísun í 9. gr. tilskipunar 89/662/EBE í stað 7. gr.

6. Ákvæði 5. (3. og 4. mgr.), 7., 8. og 12. gr. tilskipunar 85/397/EBE⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 3768/85⁽⁴⁾, falli niður.

7. Ákvæði 1. og 3. mgr. 10. gr. tilskipunar 88/657/EBE falli niður.

8. Ákvæði 8. og 9. gr. tilskipunar 89/437/EBE⁽⁵⁾ falli niður.

9. Í viðauka B við tilskipun 72/462/EBE⁽⁶⁾ bætist eftirfarandi við á vottorðið: „Nafn og heimilisfang fyrsta mótakanda“.

13. gr.

1. Eftirfarandi grein bætist við tilskipanir 64/433/EBE og 71/118/EBE:

„19. gr.

Reglur sem eru settar í tilskipun 89/662/EBE^(*), um dýraheilbrigðiseftirlit í viðskiptum innan bandalagsins til að stuðla að því að hinum innra markaði verði komið á, skulu einkum gilda um eftirlit á upprunastað, með tilliti til skipulagningar og hvernig eftirlitinu er fylgt eftir af viðtökuaðildarráðgjafum og til verndarráðstafana sem eiga að koma til framkvæmda.

(*) Stjtfð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 13“.

2. Eftirfarandi grein bætist við tilskipanir 72/461/EBE og 80/215/EBE:

„15. gr.

Reglur sem eru settar í tilskipun 89/662/EBE^(*), um dýraheilbrigðiseftirlit í viðskiptum innan bandalagsins til að stuðla að því að hinum innra markaði verði komið á, skulu einkum gilda um eftirlit á upprunastað, með

(¹) Stjtfð. EB nr. L 26, 31. 1. 1977, bls. 85.

(²) Stjtfð. EB nr. L 93, 6. 4. 1989, bls. 25.

(³) Stjtfð. EB nr. L 226, 24. 8. 1985, bls. 13.

(⁴) Stjtfð. EB nr. L 362, 31. 12. 1985, bls. 8.

(⁵) Stjtfð. EB nr. L 212, 22. 7. 1989, bls. 87.

(⁶) Stjtfð. EB nr. L 302, 31. 12. 1972, bls. 28.

tilliti til skipulagningar og hvernig eftirlitinu er fylgt eftir af viðtökuaðildarráðgjafum og til verndarráðstafana sem eiga að koma til framkvæmda.

(*) Stjtfð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 13“.

3. Eftirfarandi grein bætist við tilskipun 77/99/EBE:

„24. gr.

Reglur sem eru settar í tilskipun 89/662/EBE^(*), um dýraheilbrigðiseftirlit í viðskiptum innan bandalagsins til að stuðla að því að hinum innra markaði verði komið á, skulu einkum gilda um eftirlit á upprunastað, með tilliti til skipulagningar og hvernig eftirlitinu er fylgt eftir af viðtökuaðildarráðgjafum og til verndarráðstafana sem eiga að koma til framkvæmda.

(*) Stjtfð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 13“.

4. Eftirfarandi grein bætist við tilskipanir 85/397/EBE og 88/657/EBE:

„18. gr.

Reglur sem eru settar í tilskipun 89/662/EBE^(*), um dýraheilbrigðiseftirlit í viðskiptum innan bandalagsins til að stuðla að því að hinum innra markaði verði komið á, skulu einkum gilda um eftirlit á upprunastað, með tilliti til skipulagningar og hvernig eftirlitinu er fylgt eftir af viðtökuaðildarráðgjafum og til verndarráðstafana sem eiga að koma til framkvæmda.

(*) Stjtfð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 13“.

5. Eftirfarandi grein bætist við tilskipun 88/437/EBE:

„17. gr.

Reglur sem eru settar í tilskipun 89/662/EBE^(*), um dýraheilbrigðiseftirlit í viðskiptum innan bandalagsins til að stuðla að því að hinum innra markaði verði komið á, skulu einkum gilda um eftirlit á upprunastað, með tilliti til skipulagningar og hvernig eftirlitinu er fylgt eftir af viðtökuaðildarráðgjafum og til verndarráðstafana sem eiga að koma til framkvæmda.

(*) Stjtfð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 13“.

14. gr.

Fram að 31. desember 1992 skulu viðskipti með afurðir sem eru tilgreindar í viðauka B hlfta, uns reglur bandalagsins hafa verið settar, reglum um eftirlit sem eru settar í þessari tilskipun, einkum reglum 2. mgr. 5. gr.

Aðildarríkin skulu tilkynna fyrir þann dag sem ákveðinn er í 19. gr. um skilyrði og reglur sem gilda í viðskiptum með afurðirnar sem um getur í fyrstu undirgrein.

Ráðið skal, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, ákvarða endanlegt skipulag sem á að gilda um viðskipti með afurðirnar sem eru taldar upp í viðauka B fyrir 31. desember 1991.

15. gr.

Í 9. gr. tilskipunar 64/432/EBE⁽¹⁾ bætist eftirfarandi liður við:

„2. a Einn eða fleiri fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar geta, að beiðni aðildarríkis eða að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar, farið rakiðis á umræddan stað til að rannsaka, í samvinnu við lögbær yfirvöld, hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar og leggja fram álit um ráðstafanir.“

16. gr.

1. Aðildarríkin skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en þremur mánuðum fyrir þann dag sem ákveðinn er í 1. mgr. 19. gr. áætlun um innlendar ráðstafanir sem á að gera til að ná markmiði þessarar tilskipunar, einkum um hve oft eftirlit á að fara fram.

2. Framkvæmdastjórnin skal rannsaka áætlanirnar sem aðildarríkin leggja fram í samræmi við 1. mgr.

3. Framkvæmdastjórnin skal á hverju ári og í fyrsta skipti árið 1991 senda aðildarríkjunum tilmæli um eftirlitsáætlun vegna næstkomandi árs; fastanefndin um dýraheilbrigði lætur á undan í ljós álit sitt á tilmælunum. Þessi tilmæli getur þurft að aðlaga síðar.

17. gr.

1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem sett er fram í þessari grein ber formanni, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis, að vísa málinu án tafar til fastanefndarinnar um dýraheilbrigði (hér á eftir kölluð „nefndin“) sem komið var á fót með ákvörðun 68/361/EBE⁽²⁾.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitu sínu á drögunum innan tveggja daga. Álituð skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir

⁽¹⁾ Stjórn. EB nr. 121, 29. 7. 1964, bls. 1977/64.

⁽²⁾ Stjórn. EB nr. L 255, 18. 10. 1968, bls. 23.

sem ráðið á að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni veða eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

4. Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álituð, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal.

Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekkert aðhafst innan 15 daga frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir nema ráðið hafi með einföldum meirihluta lýst sig andsnúið umræddum ráðstöfunum.

18. gr.

1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem sett er fram í þessari grein ber formanni, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis, að vísa málinu án tafar til fastanefndarinnar um dýraheilbrigði (hér á eftir kölluð „nefndin“) sem komið var á fót með ákvörðun 68/361/EBE.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitu sínu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álituð skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni veða eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

4. Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álituð, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal.

Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekkert aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir nema ráðið hafi með einföldum meirihluta lýst sig andsnúið umræddum ráðstöfunum.

IV. KAFLI

Bráðabirgða- og lokaákvæði

19. gr.

1. Fyrir 31. desember 1990 skal ráðið afgreiða með auknum meirihluta tillögu framkvæmdastjórnarinnar um dýraheilbrigðiseftirlit í viðskiptum innan bandalagsins með dýr á fæti.

Fyrir dagsetninguna sem um getur í fyrstu undirgrein skal ráðið ákveða með auknum meirihluta tillögu framkvæmdastjórnarinnar um reglur og almennar meginreglur sem gilda um eftirlit með innflutningi frá þriðju löndum á afurðum sem falla undir þessa tilskipun. Á sama hátt skal ákveða eftirlitsstöðvar á ytri landamærum, ásamt þeim kröfum sem þessar stöðvar verða að fullnægja, fyrir þennan dag.

2. Fyrir 31. desember 1992 skal ráðið endurskoða ákvæði þessarar tilskipunar á grundvelli skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um fengna reynslu, ásamt viðeigandi breytingartillögum, sem ráðið skal afgreiða með auknum meirihluta.

20. gr.

Fram að 31. desember 1992 geta aðildarríkin, þrátt fyrir 1. mgr. 5. gr. og til að unnt sé að taka smám saman upp eftirlitskerfið sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun:

- viðhaldið eftirliti með skjölum meðan á flutningum á kjöti og kjötafurðum stendur til að tryggja að kröfum, sem mælt er fyrir um í reglum bandalagsins, sé fullnægt vegna gin- og klaufaveiki og svínapestar,

— viðhaft eftirlit með skjölum meðan á flutningum á innfluttum afurðum frá þriðju löndum til aðildarríkjanna stendur.

21. gr.

Ráðið skal, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, ákvarða með auknum meirihluta, fyrir 1. október 1992, það skipulag sem á að taka gildi þegar bráðabirgðaákvæðin í 20. gr. falla úr gildi.

22. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja lög og stjórnsýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun þessari á þeim degi sem tiltekinn er í ákvörðun sem taka verður fyrir 31. desember 1990, í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 19. gr., þó eigi síðar en 31. desember 1991.

Lýðveldið Grikkland skal þó hafa eins árs frest til að fara að tilskipuninni.

23. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. desember 1989.

Fyrir hönd ráðsins,

H. NALLET

forseti.

VIDAUKJA

Dýraheilbrigðislöggjöf

- Tilskipun ráðsins 64/433/EBE frá 26. júní 1964 um heilbrigðisvanda sem hefur áhrif á viðskipti með nýtt kjötmeti innan bandalagsins (Stjtið. EB nr. 121, 29. 7. 1964, bls. 2012/64), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 88/657/EBE (Stjtið. EB nr. L 382, 31. 12. 1988, bls. 3),
- Tilskipun ráðsins 71/118/EBE frá 15. febrúar 1971 um heilbrigðisvanda sem hefur áhrif á viðskipti með nýtt alifuglakjöt innan bandalagsins (Stjtið. EB nr. L 55, 8. 3. 1971, bls. 23), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 88/657/EBE (Stjtið. EB nr. L 382, 31. 12. 1988, bls. 3),
- Tilskipun ráðsins 72/461/EBE frá 12. desember 1972 um vanda á sviði heilbrigðisstefnu sem hefur áhrif á viðskipti með nýtt kjötmeti innan bandalagsins (Stjtið. EB nr. L 302, 31. 12. 1972, bls. 24), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 87/489/EBE (Stjtið. EB nr. L 280, 3. 10. 1987, bls. 28),
- Tilskipun ráðsins 77/99/EBE frá 21. desember 1976 um heilbrigðisvanda sem hefur áhrif á viðskipti með kjötafurðir innan bandalagsins (Stjtið. EB nr. L 26, 31. 1. 1977, bls. 85), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 89/277/EBE (Stjtið. EB nr. L 93, 6. 4. 1989, bls. 25),
- Tilskipun ráðsins 80/215/EBE frá 22. janúar 1980 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti með kjötafurðir innan bandalagsins (Stjtið. EB nr. L 47, 21. 2. 1980, bls. 4), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 88/660/EBE (Stjtið. EB nr. L 382, 31. 12. 1988, bls. 35),
- Tilskipun ráðsins 85/397/EBE frá 5. ágúst 1985 um vanda er varðar heilbrigði almennings og dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan bandalagsins með hitameðhöndlaða mjólk (Stjtið. EB nr. L 226, 24. 8. 1985, bls. 13), eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 3768/85 frá 20. 12. 1985 (Stjtið. EB nr. L 362, 31. 12. 1985, bls. 8),
- Tilskipun ráðsins 88/657/EBE frá 14. desember 1988 um kröfur vegna framleiðslu og viðskipta með hakkað kjöt, kjötbita sem vega minna en 100 grömm hver biti og unnar kjötvörur (Stjtið. EB nr. L 382, 31. 12. 1988, bls. 3)⁽¹⁾,
- Tilskipun ráðsins 89/437/89 frá 20. júní 1989 um hreinlætis- og heilbrigðisvanda sem hefur áhrif á framleiðslu og markaðssetningu eggafurða (Stjtið. EB nr. L 212, 22. 7. 1989, bls. 87)⁽¹⁾.

VIDAUKI B

Afurðir sem falla ekki undir samhæfingu bandalagsins en viðskipti með þær eru háð eftirlitinu sem kveðið er á um í þessari tilskipun

Afurðir úr dýrarfkinu sem falla undir II. viðauka við sáttmálann:

- kjöt af kaninum og villtum dýrum,
- ógerilsneydd mjólk og mjólkurafurðir,
- fiskeldisafurðir til manneldis,
- sjávarafurðir til manneldis,
- lifandi samlokur (tvískelja lindýr) til manneldis,
- kjötafurðir af kaninum og villtum dýrum,
- blóð,
- dýrafita í fljótandi formi, hamsar og aukaafurðir sem myndast við bræðslu,
- hunang,
- sniglar til manneldis,
- froskalappir til manneldis.

^(*) Gildir frá 1. janúar 1992.

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 15. júlí 1991

um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE

(91/496/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Dýr á fæti eru talin upp í II. viðauka við sáttmálann.

Með setningu meginreglna í bandalaginu um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum frá þriðju löndum verður auðveldara að tryggja nægar vörubirgðir og stöðugleika markaðarins auk þess sem nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda dýraheilbrigði og almannaheilbrigði eru samhæfðar um leið.

Í 23. gr. tilskipunar ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á⁽³⁾, eru meðal annars sett ákvæði um að ráðið skuli setja almennar reglur og meginreglur um eftirlit með innflutningi frá þriðju löndum á dýrum sem falla undir áður nefnda tilskipun.

Sannprófa skal skjöl og auðkenni hvernar sendingar dýra frá þriðju löndum um leið og dýrin koma inn á yfirráðasvæði bandalagsins.

Setja ber meginreglur fyrir allt bandalagið um skipulagningu eftirlits með ástandi, sem lögbær dýraheilbrigðisyfirvöld annast, og um framhald þessa eftirlits.

Miklu máli skiptir að verndarráðstafanir séu gerðar. Í þessu tilliti þarf framkvæmdastjórnin að geta haft áhrif, meðal annars með því að heimsækja viðkomandi staði og samþykkja ráðstafanir sem hæfa aðstæðum.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. C 89, 6. 4. 1991, bls. 5.

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. C 183, 15. 7. 1991.

⁽³⁾ Stjútíð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 29. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 91/174/EBE (Stjútíð. EB nr. L 85, 5. 4. 1991, bls. 37.)

Til að eftirlitskerfið gangi vel er nauðsynlegt að ákveða málsmeðferð við viðurkenningu, hafa eftirlit með skoðunarstöðvum á landamærum og skiptast á embættismönnum sem hafa umboð til að annast eftirlit með lifandi dýrum frá þriðju löndum.

Sú staðreynd að eftirlit á innri landamærum verður lagt niður með tilkomu hins innri markaðar eykur enn mikilvægi þess að settar verði sameiginlegar meginreglur í bandalaginu.

Breyta ber tilskipunum 89/662/EBE⁽⁴⁾, 90/425/EBE, og 90/675/EBE til að aðlaga þær ákvæðum þessarar tilskipunar.

Nauðsynlegt virðist að gera tilteknar tímabundnar aðlögunarráðstafanir til að auðvelda breytinguna yfir í nýja eftirlitsfyrirkomulagið sem er innleitt með þessari tilskipun.

Framkvæmdastjórninni skal falið það verkefni að samþykkja ráðstafanir um beitingu þessarar tilskipunar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Aðildarríkin skulu láta fara fram dýraheilbrigðiseftirlit með dýrum sem eru flutt inn í bandalagið frá þriðju löndum, í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

2. Þessi tilskipun gildir ekki um dýraheilbrigðiseftirlit með gæludýrum sem ferðamenn flytja með sér, svo framfarlega sem slíkt er ekki gert í verslunarskyni, nema um hófdýr sé að ræða.

2. gr.

1. Í þessari tilskipun gilda skilgreiningarnar í 2. gr. tilskipunar 90/425/EBE eftir því sem við á.

2. Auk þess er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „skjalasannprófun“: sannprófun dýraheilbrigðisvottorða eða -skjala sem fylgja dýrinu;

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 13.

- b) „auðkennasannprófun“: sannprófun, sem fer eingöngu fram með sjónrænni skoðun, á því að samræmi sé milli skjalanna eða vottorðanna og dýranna og að dýrin séu merkt með réttum hætti;
- c) „eftirlit með ástandi“: eftirlit með sjálfu dýrinu, ef til vill með sýnatöku og prófi á rannsóknarstofu og, ef við á, viðbótareftirlit meðan dýrið er í sóttkví;
- d) „innflytjandi“: einstaklingur eða lögpersóna sem kemur með dýr til innflutnings til bandalagsins;
- e) „sending“: fjöldi dýra af sömu tegund sem sama dýraheilbrigðisvottorð eða -skjal gildir um, sem er flutt með sama flutningatæki og kemur frá sama þriðja landi eða sama hluta þriðja lands;
- f) „skoðunarstöð á landamærum“: skoðunarstöð sem er í nágrenni ytri landamæra eins af yfirráðasvæðunum sem um getur í I. viðauka við tilskipun ráðsins 90/675/EBE frá 10. desember 1990 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum⁽¹⁾, og sem er tilnefnd og viðurkennd í samræmi við 6. gr.

I. KAFLI

SKIPULAGNING OG FRAMHALD EFTIR-
LITS

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess:

- a) að innflytjendur láti starfsmenn heilbrigðiseftirlits skoðunarstöðvar á landamærum þar sem komið er með dýrin vita að minnsta kosti einum virkum degi áður um fjölda og tegund dýranna og áætlaðan komutíma þeirra;
- b) að farið sé með dýrin, undir opinberu eftirliti, beint á viðkomandi skoðunarstöð á landamærum sem um getur í 6. gr. eða, eftir atvikum, á sóttvarnarstöðina sem kveðið er á um í öðrum undirlið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 10. gr.;
- c) að ekki sé heimilt að fara með dýrin frá þessum stöðvum nema, með fyrirvara um sérákvæði sem kunna að verða samþykkt samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr., sannað hafi verið:
- i) með vottorði sem kveðið er á um í öðrum undirlið 1. mgr. 7. gr. eða í 8. gr., að dýraheilbrigðiseftirlit hafi farið fram með viðkomandi dýrum í samræmi við 1. mgr. og a-, b- og d-lið 2. mgr. 4. gr. og 8. og 9. gr., og að skilyrði lögbærs yfirvalds þar að lútandi hafi verið uppfyllt;

- ii) að búið sé að greiða fyrir dýraheilbrigðiseftirlitið og, ef við á, að trygging hafi verið lögð fram fyrir hugsanlegum kostnaði sem kveðið er á um í öðrum og þriðja undirlið 1. mgr. 10. gr., 6. mgr. 10. gr. og 2. mgr. 12. gr.;
- d) tollyfirvöld heimila ekki afgreiðslu til frjálsrar dreifingar á yfirráðasvæðunum sem um getur í I. viðauka við tilskipun 90/675/EBE nema, með fyrirvara um sérákvæði sem kunna að vera samþykkt í samræmi við málsmeðferð 23. gr., sannað sé að kröfum c-liðar hafi verið fullnægt.
2. Ef nauðsyn ber til skal samþykkja nákvæmar reglur um framkvæmd þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að á skoðunarstöð á landamærum yfirráðasvæðis sem um getur í I. viðauka tilskipunar 90/675/EBE séu skjöl og auðkenni sannprófuð vegna hverrar sendingar dýra frá þriðja landi, án tillits til tollafgreiðslustaðar, enda hafi skoðunarstöðin leyfi til þess, til að ganga úr skugga um:

- uppruna þeirra,
- síðari viðtökustað þeirra, einkum þegar um umflutning er að ræða eða dýr sem falla undir viðskipti sem hafa ekki verið samhæfð í bandalaginu eða sérstakar kröfur sem eru viðurkenndar með ákvörðun bandalagsins og varða viðtökuaðildarríkið,
- að upplýsingarnar í vottorðunum eða skjölunum veiti þær ábyrgðir sem krafist er í reglum bandalagsins eða, hafi viðskipti með dýrin ekki verið samhæfð í bandalaginu, þær ábyrgðir sem krafist er í innlendum reglum er gilda um hin ýmsu tilvik sem falla undir þessa tilskipun.
2. Með fyrirvara um undanþágur samkvæmt 8. gr., skal opinber dýralæknir annast eftirlit með ástandi dýra sem komið er með á skoðunarstöð á landamærum. Eftirlitið skal einkum felast í:
- a) klínískri rannsókn á dýrunum til að ganga úr skugga um að þau samrýmist upplýsingunum sem kveðið er á um í meðfylgjandi vottorði eða skjali og að þau séu klínískt heilbrigð.
- Samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr. er unnt að veita undanþágu fyrir tiltekna flokka og tegundir dýra, með tilteknum skilyrðum og í samræmi við reglur sem setja skal með sömu málsmeðferð, frá meginreglunni um klíníska rannsókn einstaklinga;
- b) rannsóknarstofuprófum sem teljast nauðsynleg eða sem kveðið er á um í reglum bandalagsins;
- c) töku opinberra sýna, ef til kemur, sem á að rannsaka með tilliti til efnaleifa og láta greina eins skjótt og auðið er;

⁽¹⁾ Stjórnartíðindi EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1.

- d) sannprófun á því að farið sé að þeim lágmarkskröfum sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 77/489/EBE frá 18. júlí 1977 um verndun dýra í millilandaflutningi⁽¹⁾.

Opinberi dýralæknirinn skal, með tilliti til síðara eftirlits með flutningi og, ef við á, til að sjá um að viðbótarkröfum viðtökufyrirtækis sé fullnægt, senda lögbærum yfirvöldum viðtökuaðildarríkis nauðsynlegar upplýsingar með upplýsingaskiptakerfinu sem kveðið er á um í 20. gr. tilskipunar 90/425/EBE.

Opinbera dýralækninum er heimilt að láta sérmenntaða starfsmenn, sem vinna undir hans stjórn, aðstoða sig við tiltekin verk.

3. Samt sem áður er heimilt, þrátt fyrir 1. og 2. mgr., að sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi dýra, sem eru flutt um höfn eða flugvöll inn á yfirráðasvæði sem er skilgreint í I. viðauka tilskipunar 90/675/EBE, fari fram í þeirri viðtökuhöfn eða á þeim viðtökuflugvelli, að því tilskildu að höfnin eða flugvöllurinn sé landamæraskoðunarstöð af því tagi sem um getur í 6. gr. og að dýrin verði flutt áfram, annaðhvort sjóleiðis eða með flugi, með sama skipi eða sömu flugvél. Í því tilviki skal lögbæra yfirvaldið sem annaðist sannprófun skjalanna tilkynna opinbera dýralækninum á skoðunarstöð viðtökuaðildarríkisins, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu dýraheilbrigðisyfirvalds á staðnum, með upplýsingaskiptakerfinu sem um getur í 20. gr. tilskipunar 90/425/EBE, að dýrin hafi farið þar um.

4. Allur kostnaður í tengslum við framkvæmd þessarar greinar hvílir á sendanda, viðtakanda eða fulltrúum þeirra, án endurgreiðslu af hálfu aðildarríkisins.

5. Ef nauðsyn ber til skal samþykkja nákvæmar reglur um framkvæmd þessarar greinar, þar með talið um þjálfun og hæfi aðstoðarmanna, samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr.

5. gr.

Banna skal innflutning inn á yfirráðasvæði sem er skilgreint í I. viðauka við tilskipun 90/675/EBE ef eftirlit leiðir í ljós:

- a) að dýr af tegundum sem falla undir samhæfðar innflutningsreglur bandalagsins, með fyrirvara um sérstök skilyrði með tilliti til flutnings og innflutnings hófdýra frá þriðju löndum sem kveðið er á um í 19. gr. tilskipunar 90/426/EBE⁽²⁾, koma frá yfirráðasvæði eða hluta yfirráðasvæðis þriðja lands sem er ekki, að því er viðkomandi tegundir varðar, talið upp í skránni sem er samin samkvæmt reglum bandalagsins eða sem innflutningur er bannaður frá samkvæmt ákvörðun bandalagsins;

- b) að önnur dýr en þau sem um getur í a-lið fullnægi ekki þeim kröfum sem kveðið er á um í innlendum reglum er gilda um hin ýmsu tilvik sem falla undir þessa tilskipun;
- c) að dýrin þjáist af eða grunur leikur á að þau þjáist af eða séu haldin smitandi sjúkdómi eða sjúkdómi sem geti stofnað heilbrigði manna eða dýra í hættu, eða einhverja aðra ástæðu sem kveðið er á um í reglum bandalagsins;
- d) að þriðja landið sem flytur dýrin út hafi ekki uppfyllt kröfur sem kveðið er á um í reglum bandalagsins;
- e) að ástand dýranna komi í veg fyrir áframhaldandi flutning á þeim;
- f) að dýraheilbrigðisvottorð eða -skjal sem fylgir með dýrunum uppfylli ekki þau skilyrði sem eru sett samkvæmt bandalagsreglum eða, ef reglur hafa ekki verið samhæfðar, þær kröfur sem kveðið er á um í innlendra löggjöf er gildir um hin ýmsu tilvik sem falla undir þessa tilskipun.

Samþykkja skal nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr.

6. gr.

1. Skoðunarstöðvar á landamærum skulu uppfylla skilyrði þessarar greinar.

2. Skoðunarstöðvar á landamærum skulu

- a) vera á komustað inn á yfirráðasvæði sem um getur í I. viðauka við tilskipun 90/675/EBE;

Samt sem áður er unnt að samþykkja tiltekna fjarlægð milli skoðunarstöðvar og komustaðar vegna landfræðilegra aðstæðna (t.d. affermingarbyggjur, járnbrautarstöðvar, fjallvegir) og að því tilskildu að löng leið sé á milli skoðunarstöðvarinnar og bújarða eða staða þar sem dýr eru haldin sem líkur eru á að séu með smitandi sjúkdóma;

- b) vera á tollsvæði þar sem unnt er að uppfylla önnur formsatriði sem varða stjórnsýslu, þar með talin tollmeðferð í tengslum við innflutning;

- c) tilnefndar og viðurkenndar í samræmi við 3. mgr.;

- d) vera undir stjórn opinbers dýralæknis sem í raun ber ábyrgð á eftirlitinu. Opinbera dýralækninum er heimilt að láta sérmenntaða starfsmenn, sem vinna undir hans stjórn, aðstoða sig.

3. Fyrir 1. janúar 1992, eftir að innlend yfirvöld hafa sett landamærastöðvar á úrtakslista í samráði við deildir framkvæmdastjórnarinnar sem sannprófa að stöðvarnar uppfylli lágmarkskröfur viðauka A, skulu aðildarríkin afhenda framkvæmdastjórninni skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem annast dýraheilbrigðiseftirlit, ásamt upplýsingum um eftirfarandi:

⁽¹⁾ Stjórið. EB nr. L 200, 8. 8. 1977, bls. 10.

⁽²⁾ Stjórið. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 42.

- a) tegund skoðunarstöðvar á landamærum:
- höfn,
 - flugvöllur,
 - skoðunarstöð við þjóðveg,
 - skoðunarstöð við járnbraut;
- b) tegund dýra sem unnt er að hafa eftirlit með á viðkomandi skoðunarstöð á landamærum, að teknu tilliti til búnaðar og dýraheilbrigðisstarfsfólks á staðnum, ef við á með upplýsingum um dýr sem ekki er unnt að hafa eftirlit með á þessum landamæraskoðunarstöðvum og afgreiðslutíma sérstaklega viðurkenndrar skoðunarstöðvar á landamærum að því er varðar skráð hófdýr;
- c) fjölda starfsmanna við dýraheilbrigðiseftirlit:
- fjölda opinberra dýralækna, og skal einn opinber dýralæknir hið minnsta vera við störf þegar skoðunarstöðin á landamærunum er opin,
 - fjölda sérmenntaðra aðstoðarmanna;
- d) lýsingu á búnaði og húsnæði þar sem fram fer:
- skjalasannprófun,
 - eftirlit með ástandi,
 - sýnataka,
 - almennu prófin sem mælt er fyrir um í b-lið 2. mgr. 4. gr.,
 - sérstök próf sem opinberi dýralæknirinn fyrirskipar;
- e) rými í því húsnæði sem er fyrir hendi til að hýsa dýrin í meðan beðið er eftir niðurstöðum úr prófum;
- f) tegund búnaðar fyrir hröð upplýsingaskipti, einkum við aðrar skoðunarstöðvar á landamærum;
- g) umfang viðskipta (tegund og fjöldi dýra sem fer um þessa skoðunarstöð á landamærum).
4. Í samráði við lögbær innlend yfirvöld skal framkvæmdastjórnin skoða þær skoðunarstöðvar á landamærum sem eru tilnefndar í samræmi við 3. mgr., með það í huga að tryggja samræmda beitingu reglna um dýraheilbrigðiseftirlit og að hinar ýmsu skoðunarstöðvar á landamærum hafi í raun yfir nauðsynlegum grunnvirkjum að ráða og fullnægi lágmarkskröfum viðauka A.
- Eigi síðar en 1. janúar 1992 skal framkvæmdastjórnin afhenda fastanefnd um dýraheilbrigði skýrslu um niðurstöðu skoðunarinnar sem um getur í fyrstu undirgrein ásamt tillögum, þar sem tillit er tekið til ályktana í skýrslunni, með það í huga að koma upp bandalagsskrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum. Skrána skal samþykkja og uppfæra í samræmi við málsmeðferð 22. gr.

Í skýrslunni skal gera grein fyrir vandamálum sem kæmu upp hjá tilteknum aðildarríkjum ef úrtakslistinn sem um getur í fyrstu undirgrein 3. mgr. hefði þau áhrif að fjölmargar skoðunarstöðvar á landamærum yrðu útilokaðar 1. júlí 1992.

Til að leysa þennan vanda er heimilt að starfrækja sumar þessara landamærastöðva og veita þeim þriggja ára frest hið mesta til að fara að kröfum þessarar tilskipunar að því er varðar búnað og skipulag.

Framkvæmdastjórnin skal birta skrána yfir viðurkenndar skoðunarstöðvar á landamærum og allar uppfærslur á henni í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

5. Ef nauðsyn ber til skal framkvæmdastjórnin samþykkja nákvæmar reglur um framkvæmd þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr.

7. gr.

1. Ef dýr af tegundum, sem falla undir innflutningsreglur sem hafa verið samhæfðar í bandalaginu, eru ekki ætluð til markaðssetningar á yfirráðasvæði aðildarríkisins sem annað eftirlitið sem um getur í 4. gr., skal opinberi dýralæknirinn á skoðunarstöðinni á landamærunum, með fyrirvara um þær sérkröfur sem gilda um skráð hófdýr sem auðkennisskráteinið, sem kveðið er á um í tilskipun 90/427/EBE⁽¹⁾, fylgir:

- láta viðkomandi fá staðfest afrit af frumriti vottorðanna eða, ef sendingu er skipt, nokkur staðfest afrit af frumriti vottorðanna fyrir dýrin; gildistími afritanna skal vera 10 dagar hið mesta,

- gefa út vottorð eftir fyrirmyndinni sem framkvæmdastjórnin segir til um í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 23. gr., þar sem fram kemur að eftirlitið sem um getur í 1. mgr. og a-, b- og d-lið 2. mgr. 4. gr. hafi farið fram og uppfylli kröfur opinbera dýralæknisins og þar sem tilgreint er hvaða sýni hafa verið tekin og niðurstöður úr rannsóknarstofuprófum eða hvenær búist er við að niðurstöðummar liggi fyrir.

- varðveita frumrit vottorðsins eða vottorðanna sem fylgja dýrunum.

2. Samþykkja skal nákvæmar reglur um beitingu 1. mgr. samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr.

3. Þegar dýrin sem um getur í 1. mgr. hafa farið um skoðunarstöðvar á landamærum og hafa verið flutt inn á yfirráðasvæði sem um getur í I. viðauka við tilskipun 90/675/EBE skulu viðskipti með þau fara fram í samræmi við reglur um dýraheilbrigðiseftirlit sem mælt er fyrir um í tilskipun 90/425/EBE.

(¹) Stjórnartíð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 55.

Í þeim upplýsingum sem lögbært yfirvald á viðtökustað sendir gegnum upplýsingaskiptakerfið sem kveðið er á um í 20. gr. tilskipunar 90/425/EBE skal einkum koma fram hvort:

- dýrin eiga að fara til aðildarríkis eða svæðis þar sem sérstakar kröfur gilda,
- sýni hafi verið tekin en niðurstöður hafi ekki legið fyrir þegar flutningatækið fór frá viðkomandi skoðunarstöð á landamærum.

8. gr.

A. Aðildarríkin skulu sjá til þess að:

1. dýraheilbrigðiseftirlit með innflutningi dýra af tegundum sem falla ekki undir viðauka A við tilskipun 90/425/EBE fari fram í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

- a) ef komið er með dýrin beint á eina af skoðunarstöðvunum á landamærum aðildarríkis sem hyggst flytja þau inn skal allt eftirlit sem kveðið er á um í 4. gr. fara fram á þeirri stöð;
- b) ef komið er með dýrin á skoðunarstöð á landamærum í öðru aðildarríki með fyrirfram veittu samþykki þess aðildarríkis:
 - i) skal annaðhvort allt eftirlit sem um getur í 4. gr. fara fram á þeirri stöð fyrir viðtökuaðildarríkið, einkum til að sjá til þess að farið hafi verið að dýraheilbrigðiskröfum þess ríkis;
 - ii) eða, ef samningur hefur verið gerður milli lögbærra stjórnvalda tveggja aðildarríkja og, ef við á, stjórnvalda umflutningsaðildarríkisins eða umflutningsaðildarríkjanna, einungis eftirlitið sem kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr. skal fara fram á þeirri stöð og í því tilviki skal eftirlitið sem kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr. fara fram í viðtökuaðildarríkinu.

Í síðara tilvikinu má þó ekki flytja dýrin úr viðkomandi skoðunarstöð á landamærum, þar sem sannpröfun skjala og auðkenna hefur farið fram, nema þau séu í lokuðum farartækjum og opinberi dýralæknirinn:

- hafi tilgreint á afriti eða, ef sendingu er skipt, á afritum upprunalegu vottorðanna að dýrin hafi farið þar um og eftirlit hafi farið fram,
- hafi tilkynnt dýraheilbrigðisyfirvaldi á viðtökustað eða, eftir atvikum, umflutningsaðildarríki eða -ríkjum, með upplýsingaskiptakerfinu sem kveðið er á um í 20. gr. tilskipunar 90/425/EBE, að dýrin hafi farið þar um,

- hafi, þrátt fyrir c-lið 1. mgr. 3. gr., samþykki lögbærra tollyfirvalda á framangreindri skoðunarstöð á landamærum vegna viðkomandi dýra.

Þegar um er að ræða dýr til slátrunar geta aðildarríkin eingöngu beitt málsmeðferð i-liðar.

Aðildarríkin skulu, á fundi í fastanefndinni með dýraheilbrigði, tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um þau tilvik þegar málsmeðferð ii-liðar er beitt.

2. Þar til búið er að samþykkja sérstakar ákvarðanir sem kveðið er á um í reglum bandalagsins skuli flytja inn dýr, sem falla undir viðskipti sem hafa verið samhæfð í bandalaginu en koma frá þriðja landi þar sem enn hafa ekki verið sett samræmd skilyrði um dýraheilbrigði, með eftirfarandi skilyrðum:

- þau skulu hafa verið í þriðja sendingarlandi að minnsta kosti þau tímabil sem kveðið er á um í 1. mgr. 10. gr. tilskipunar ráðsins 72/462/EBE frá 12. desember 1972 um heilbrigðis- og heilbrigðiseftirlitsvanda við innflutning á nautgripum og svínunum og nýju kjöti eða kjötafurdum frá þriðju löndum⁽¹⁾,
- haft skal eftirlit með þeim í samræmi við 4. gr.,
- ekki má flytja þau frá skoðunarstöð á landamærum eða sóttvarmarstöð nema eftirlitið sýni að dýrið eða sendingin:

- i) samrýmist, með fyrirvara um sérstakar kröfur sem gilda um viðkomandi þriðju lönd að því er varðar sjúkdóma sem eru framandi í bandalaginu, annaðhvort kröfum um dýraheilbrigði sem gilda í viðskiptum með viðkomandi tegundir og mælt er fyrir um í þeim tilskipunum sem um getur í viðauka A við tilskipun 90/425/EBE eða kröfum um dýraheilbrigði sem mælt er fyrir um í tilskipun 72/462/EBE;
- ii) eða, að því er varðar einn eða fleiri tiltekna sjúkdóma, uppfylli skilyrði um jafngildi, sem er viðurkennt samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr. á gagnkvæmnisgrundvelli, milli krafna þriðja landsins og krafna bandalagsins;

- ef þau eiga að fara til aðildarríkis sem hefur ávinning af viðbótarábyrgðum sem kveðið er á um í iii- og iv-lið e-liðar 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 90/425/EBE, skulu þau fullnægja

⁽¹⁾ Stjórt. EB nr. L 302, 31.12.1972, bls. 28. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 91/266 (Stjórt. EB nr. L 134, 29. 5. 1991, bls. 45).

viðkomandi kröfum sem mælt er fyrir um vegna viðskipta innan bandalagsins.

- þegar þau hafa farið um skoðunarstöð á landamærum skulu þau send til viðtökusláturhúss, ef um dýr til slátrunar er að ræða, eða til viðtökubújarðar, ef um er að ræða dýr til undaneldis og framleiðslu eða fiskeldisdýr;
- 3. ef eftirlitið sem kveðið er á um í 1. og 2. lið leiðir í ljós að dýrið eða sendingin samrýmist ekki þeim kröfum sem þar er mælt fyrir um, sé ekki heimilt að flytja dýrið eða sendinguna frá skoðunarstöð á landamærum eða úr sóttvarmarstöð og gilda þá ákvæði 12. gr.;
- 4. ef dýrin sem um getur í 1. lið eiga ekki að fara á markað á yfirráðasvæði aðildarríkisins sem annaðist dýraheilbrigðiseftirlitið skuli ákvæði 7. gr. gilda, einkum þau er varða útgáfu vottorðsins;
- 5. á viðtökustað skuli dýr til undaneldis og framleiðslu vera undir opinberu eftirliti lögbærra dýraheilbrigðisyfirvalda. Að loknu eftirlitstímabili, sem er ákvarðað í samræmi við málsmeðferð 23. gr., geta viðskipti með dýrin átt sér stað innan bandalagsins með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í tilskipun 90/425/EBE.

Dýr til slátrunar skulu, í sláturhúsi á viðtökustað, heyra undir reglur bandalagsins um slátrun á viðkomandi tegundum.

B. Ef nauðsyn ber til skal samþykkja nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr.

9. gr.

1. Aðildarríki skulu heimila umflutning dýra frá einu þriðja landi til annars þriðja lands, að því tilskildu að:

- a) opinber dýralæknir á skoðunarstöð á landamærum aðildarríkis sem yfirráðasvæðið, þar sem koma skal með dýrin til eftirlitsins sem kveðið er á um í 4. gr., tilheyri og, ef við á, þar til bætt stjórnvald umflutningsaðildarríkisins eða -ríkjanna hafi áður heimilað slíkan umflutning;
- b) viðkomandi aðili leggi fram sönnun um að fyrsta þriðja landið sem dýrin eru send til, eftir umflutning um eitt yfirráðasvæðanna sem um getur í I. viðauka við tilskipun 90/675/EBE, skuldbindi sig til þess að vísa í engu tilviki frá eða endursenda dýr sem það hefur leyft inn-

flutning eða umflutning á og að á yfirráðasvæðum sem um getur í I. viðauka við tilskipun 90/675/EBE muni það fara að reglum bandalagsins um vernd meðan á flutningi stendur;

- c) eftirlitið sem um getur í 4. gr. sannfæri dýralækninn um, ef við á eftir að dýrin hafa verið á sóttvarmarstöð, að dýrin standist kröfur þessarar tilskipunar eða, þegar um er að ræða dýr sem um getur í viðauka A við tilskipun 90/425/EBE, gefi kost á heilbrigðisábyrgðum sem eru viðurkenndar í samræmi við málsmeðferð 23. gr. og eru að minnsta kosti jafngildar kröfunum;
- d) lögbært yfirvald á skoðunarstöð á landamærum tilkynni lögbærum yfirvöldum umflutningsaðildarríkis eða -ríkja og lögbærum yfirvöldum brottfararstaðar á landamærum, með upplýsingaskiptakerfinu sem um getur í annarri undirgrein 4. mgr. 12. gr., að dýrin hafi farið þar um;
- e) þegar um er að ræða gegnumferð um eitt yfirráðasvæðanna sem um getur í I. viðauka við tilskipun 90/675/EBE fari slíkur umflutningur fram samkvæmt málsmeðferð um utanaðkomandi umflutning bandalagsins eða annarri tollmeðferð umflutnings sem kveðið er á um í reglum bandalagsins. Eina meðhöndlunin sem er leyfð meðan á umflutningi stendur skal vera sú sem fer fram á komustöðum inn á og brottfararstöðum frá einu af yfirráðasvæðunum sem um getur í I. viðauka og aðgerðir sem eiga að tryggja velferð dýranna.

2. Allur kostnaður í tengslum við beitingu þessarar greinar hvílir á sendanda, viðtakanda eða fulltrúum þeirra án þess að endurgreiðslur aðildarríkisins komi til.

10. gr.

1. Í tilvikum þegar reglur bandalagsins eða innlendar reglur á viðtökustað, á sviðum sem hafa ekki verið samhæfð og í samræmi við almenn ákvæði sáttmálans, kveða á um að lifandi dýr skuli sett í sóttkví eða einangrun er heimilt að setja dýrin í sóttkví eða einangrun:

- á sóttvarmarstöð í þriðja landi sem er upprunaland, að því tilskildu að hún hafi verið samþykkt samkvæmt málsmeðferðinni í 22. gr. og að dýraheilbrigðissérfræðingar bandalagsins skoði hana reglubundið, nema um sé að ræða gin- og klaufaveiki, hundaæði og Newcastle-veiki,
- á sóttvarmarstöð sem er á yfirráðasvæði bandalagsins og uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í viðauka B,
- á viðtökubújörð.

Heimilt er að mæla fyrir um, samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr., sérstakar verndarráðstafanir sem skulu gerðar við flutning milli sóttvarmarstöðvar, uppruna- og viðtökubýla og skoðunarstöðva á landamærum, og á sóttvarmarstöðvunum sem um getur í fyrsta undirlið fyrri undirgreinar.

2. Ef opinber dýralæknir sem ber ábyrgð á viðkomandi skoðunarstöð á landamærum fyrirskipar sóttkví skal setja dýrin í sóttkví, allt eftir umfangi þeirrar hættu sem opinberi dýralæknirinn greinir:

- annaðhvort á sjálfri skoðunarstöðinni eða í næsta nágrenni hennar,
- eða á viðtökubújörð,
- eða á sóttvarmarstöð sem er í nágrenni viðtökubújarðar.

3. Almenn skilyrði, sem sóttvarmarstöðvar sem um getur í fyrsta og öðrum undirlit 1. mgr. skulu uppfylla, eru sett í viðauka B.

Sérstök viðurkenningarskilyrði er gilda um hinar ýmsu dýrategundir skulu samþykkt samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr.

4. Fylgja skal málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 22. gr. við viðurkenningu og alla síðari uppfærslu á skránni yfir sóttvarmarstöðvar sem um getur í fyrsta og öðrum undirlit 1. mgr. og fyrsta undirlit 2. mgr. Sóttvarmarstöðvarnar falla undir eftirlitið sem kveðið er á um í 19. gr.

Framkvæmdastjórnin skal birta skrána yfir sóttvarmarstöðvar og allar síðari uppfærslur á henni í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

5. Önnur undirgrein 1. mgr. og 3. mgr. og 4. mgr. skulu ekki gilda um sóttvarmarstöðvar sem eru eingöngu fyrir dýrin sem um getur í 1. mgr. A-hluta 8. gr.

6. Allur kostnaður í tengslum við beitingu þessarar greinar hvílir á sendanda, viðtakanda eða fulltrúum þeirra, án endurgreiðslu af hálfu aðildarríkisins.

7. Eigi síðar en 1. janúar 1996 skal framkvæmdastjórnin afhenda ráðinu skýrslu, ef til vill ásamt tillögum, um þörfina fyrir sóttvarmarstöðvar í bandalaginu og fjárframlag frá bandalaginu til reksturs þeirra.

11. gr.

1. Með fyrirvara um önnur ákvæði þessa kafla skal opinber dýralæknir eða lögbært yfirvald annast það dýraheilbrigðiseftirlit sem telst viðeigandi ef grunur leikur á að ekki sé farið að dýralækningalöggjöfnni eða vafi leikur á sannkenndum viðkomandi dýrs.

2. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir á sviði stjórnsýslu eða réttargæslu til að refsa fyrir brot einstaklinga eða lögpersóna á dýraheilbrigðislöggjöfnni ef í ljós kemur að reglur bandalagsins hafa verið brotnar, einkum ef sýnt er að vottorðin eða skjölin sem eru gefin út samsvara ekki raunverulegu ástandi dýranna, að auðkenni samrýmast ekki þessum reglum, ekki hefur verið komið með dýrin í skoðun

á skoðunarstöð á landamærum eða dýrin hafa ekki verið send á þann viðtökustað sem áður var tiltekinn.

12. gr.

1. Ef eftirlitið sem um getur í þessari tilskipun leiðir í ljós að dýr stenst ekki kröfur, sem mælt er fyrir um í reglum bandalagsins eða, á sviðum sem enn hafa ekki verið samhæfð í bandalaginu, innlendum reglum, eða eftirlitið leiðir í ljós vanrækslu skulu lögbær yfirvöld í samráði við innflytjanda eða fulltrúa hans ákveða:

- a) að hýsa, fódra og brynna og, ef nauðsyn ber til, meðhöndla dýrin; eða
- b) eftir atvikum, að setja þau í sóttkví eða setja sendinguna í einangrun;
- c) að sendingin skuli endursend frá þeim yfirráðasvæðum sem um getur í I. viðauka við tilskipun 90/675/EEB, innan þeirra tímamarka sem lögbær innlend yfirvöld setja, svo framarlega sem slíkt samræmist ákvæðum um heilbrigði dýra eða velferð.

Í því tilviki skal opinber dýralæknir á viðkomandi skoðunarstöð á landamærum:

- tilkynna öðrum skoðunarstöðvum á landamærum, í samræmi við 4. mgr., að sendingunni hafi verið vísað frá, og gera grein fyrir þeim brotum sem hafa komið í ljós,
- samkvæmt fyrirkomulagi sem skilgreint skal í samræmi við málsmeðferð 23. gr., ógilda það dýraheilbrigðisvottorð eða -skjal sem fylgir sendingunni sem vísað var frá;
- með millibili sem framkvæmdastjórnin ákveður, veita upplýsingar fyrir milligöngu lögbærra stjórnvalda um það í hverju brotin eru fólgin og hversu oft þau hafa átt sér stað.

Ef endursending er óframkvæmanleg, einkum með tilliti til velferðar dýranna,

- má opinberi dýralæknirinn, að fengnu samþykki lögbærs yfirvalds og að lokinni skoðun meðan dýrin eru enn lifandi, heimila slátrun dýranna til manneldis með þeim skilyrðum sem eru sett í reglum bandalagsins,
- skal opinberi dýralæknirinn, að öðrum kosti, fyrirskipa slátrun dýranna í öðrum tilgangi en til manneldis eða fyrirskipa að skrokkunum verði fargað og tilgreina skilyrði um eftirlit með nýtingu afurðanna sem verða til með þessum hætti.

Stjórnvöld skulu, í samræmi við 4. mgr., tilkynna framkvæmdastjórninni um þau tilvik þar sem þessum undanþágum er beitt.

Framkvæmdastjórnin skal reglubundið láta fastanefndina um dýraheilbrigði vita um slík tilvik.

2. Kostnaður sem stofnað er til vegna þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í 1. mgr., þar með talið förgun sendingarinnar eða nýting kjötsins í öðrum tilgangi, hvílir á innflytjanda eða fulltrúa hans.

Afrakstur af sölu afurðanna sem um getur í þriðju undirgrein c-liðar 1. mgr. skal renna til eiganda dýranna eða fulltrúa hans, að frádrægunum áðurnefndum kostnaði.

3. Ef nauðsyn ber til skal samþykkja nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr.

4. Upplýsingar til lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna, skoðunarstöðva á landamærum og framkvæmdastjórnarinnar ber að senda innan ramma áætlunar um þróun tölvuskránningar dýraheilbrigðisreglna.

Í því skyni mun framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferð 23. gr., innleiða tölvuvætt gagnavinnslukerfi sem tengir skoðunarþjónustu á landamærum, lögbær dýraheilbrigðisvirkni og framkvæmdastjórnina, tekur til allra gagna um innflutning á dýrum frá þriðju löndum (SHIFT-áætlunin) og verður tengt við kerfið fyrir upplýsingaskipti milli dýraheilbrigðisyfirvalda sem kveðið er á um í 20. gr. tilskipunar 90/425/EBE.

5. Lögbær yfirvöld skulu, eftir atvikum, láta í té allar upplýsingar, sem þau hafa yfir að ráða, í samræmi við tilskipun ráðsins 89/608/EBE frá 21. nóvember 1989 um gagnkvæma aðstoð stjórnvalda í aðildarríkjunum og samvinnu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar til að tryggja rétta beitingu löggjafar um heilbrigði dýra og dýra-rækt⁽¹⁾.

13. gr.

Framkvæmdastjórnin skal, samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr. og á grundvelli áætlana sem um getur í annarri undirgrein, samþykkja reglur um innflutning dýra til slátrunar, sem eru ætluð til manneldis á staðnum, og dýra til undaneldis og framleiðslu á tilteknum hlutum yfirráðasvæðanna sem um getur í I. viðauka við tilskipun 90/675/EBE, í því skyni að taka tillit til sérstakra náttúrulegra takmarkana þessara yfirráðasvæða, einkum fjarlægðar þeirra frá meginlandssvæði bandalagsins.

Með hliðsjón af þessu, og eigi síðar en 31. desember 1991, skulu aðildarríkin leggja áætlun fyrir framkvæmdastjórnina þar sem sett er fram málsmeðferð við eftirlit með innflutningi á dýrum frá þriðju löndum til svæðanna sem um getur í fyrstu undirgrein. Í þessum áætlunum skal tilgreina það eftirlit sem fer fram til að koma í veg fyrir að dýr sem eru flutt inn á þessi yfirráðasvæði eða afurðir úr þessum dýrum

(¹) Stjórn. EB nr. L 351, 2. 12. 1989, bls. 34.

verði við einhverjar aðstæður sendar áfram til annarra hluta yfirráðasvæðis bandalagsins.

14. gr.

Til að framfylgja eftirlitinu sem um getur í 3. mgr. 7. gr. þessarar tilskipunar skal auðkenning og skrásetning sem kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 90/425/EBE, nema um sé að ræða dýr til slátrunar og skráð hófdýr, fara fram á viðtökustað dýranna, ef við á að loknu eftirlitstímabilinu sem kveðið er á um í 5. mgr. A-hluta 8. gr. þessarar tilskipunar.

Ákvarða skal málsmeðferð við auðkenningu og merkingu dýra til slátrunar samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr.

15. gr.

1. Aðildarríki skulu innheimta heilbrigðisgjald við innflutning dýra, sem um getur í þessari tilskipun, til að greiða kostnað sem stofnað er til við heilbrigðisskoðanir og -eftirlit, eins og kveðið er á um í 4., 5., og 8. gr.

2. Ráðið skal, með auknum meirihluta og að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, taka ákvörðun fyrir 1. júlí 1992 um fjárhæð eða fjárhæðir gjaldanna sem um getur í 1. mgr. og um nákvæmar reglur og meginreglur um framkvæmd þessarar tilskipunar og hugsanleg undantekningartilvik.

16. gr.

Samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr. og á gagnkvæmum grundvelli er heimilt, með ákveðnum skilyrðum og einkum í ljósi niðurstaðna úr eftirliti sem fer fram áður en þessi tilskipun er samþykkt, að láta sannprófun auðkenna og/eða eftirlit með ástandi fara sjaldnar fram, samanber þó eftirlit með því að farið sé að kröfum um velferð dýra meðan á flutningi stendur.

Þegar framkvæmdastjórnin veitir undanþágur af þessu tagi skal hún taka tillit til eftirfarandi:

- a) ábyrgðir viðkomandi þriðja lands fyrir því að farið sé að kröfum bandalagsins, einkum kröfum í tilskipunum 72/462/EBE og 90/426/EBE;
- b) heilbrigðisástands dýra í viðkomandi þriðja landi;
- c) upplýsinga um almennt heilbrigðisástand í þriðja landinu;
- d) þeirra ráðstafana sem þriðja landið gerir til að hafa eftirlit með og berjast gegn sjúkdómum;
- e) skipulags og heimilda dýraheilbrigðisþjónustunnar;
- f) reglna um leyfi fyrir tilteknum efnum og fullnægingu krafna sem eru settar fram í 7. gr. tilskipunar ráðsins

86/469/EBE frá 16. september 1986 um athuganir á efnaleifum í dýrum og nýju kjöti ⁽¹⁾;

- g) niðurstaðna úr skoðunarheimsóknnum á vegum bandalagsins;
- h) niðurstaðna úr eftirliti sem fer fram við innflutning.

17. gr.

Ákvæði þessarar tilskipunar skulu ekki hafa áhrif á rétt samkvæmt gildandi lögum aðildarríkis til að áfrýja ákvörðunum lögbærra yfirvalda.

Ákvarðanir sem lögbær yfirvöld viðtökuáildarríkis taka, og rökin fyrir slíkum ákvörðunum, ber að tilkynna til þess innflytjanda sem slíkar ákvarðanir varða, eða fulltrúa hans.

Að beiðni hlutaðeigandi innflytjanda, eða fulltrúa hans, skal afhenda honum skriflegar upplýsingar um áðurnefndar ákvarðanir og rökin fyrir þeim, ásamt upplýsingum um áfrýjunarrétt hans samkvæmt gildandi lögum aðildarríkisins þar sem skoðunarstöðin á landamærunum er, og um þá málsmeðferð og þann frest sem í gildi er.

II. KAFLI

ÖRYGGISÁKVÆÐI

18. gr.

1. Ef sjúkdómur sem um getur í tilskipun 82/894/EBE frá 21. desember 1982 um tilkynningu dýrasjúkdóma innan bandalagsins ⁽²⁾, dýrasjúkdómur sem einnig getur lagst á menn, annar sjúkdómur eða annað sem kann að stofna heilbrigði dýra eða manna í alvarlega hættu kemur upp eða breiðist út á yfirráðasvæði þriðja lands, eða ef einhver önnur alvarleg ástæða er varðar heilbrigði dýra réttlætir slíkt, einkum með tilliti til niðurstaðna úr eftirliti dýraheilbrigðissérfræðinga á vegum framkvæmdastjórnarinnar, er framkvæmdastjórninni heimilt, að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis, að gera þegar í stað eina af eftirfarandi ráðstöfunum eftir því hve alvarlegt ástandið er:

- fella niður tímabundið innflutning frá viðkomandi þriðja landi eða hluta þess og, eftir atvikum, frá umflutningslandi sem er þriðja land,
- setja sérstök skilyrði um innflutning á dýrum frá viðkomandi þriðja landi eða hluta þess.

2. Ef eftirlit sem kveðið er á um í þessari tilskipun leiðir í ljós að sending dýra kunni að stofna heilbrigði dýra eða

⁽¹⁾ Stjórnartíð. EB nr. L 275, 26. 9. 1986, bls. 36.

⁽²⁾ Stjórnartíð. EB nr. L 378, 31. 12. 1982, bls. 58. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun 90/134/EBE (Stjórnartíð. EB nr. L 76, 22. 3. 1990, bls. 23).

manna í hættu skulu lögbær dýraheilbrigðisfyrirvöld þegar í stað gera eftirfarandi ráðstafanir:

- leggja hald á og farga sendingunni,
- þegar í stað tilkynna öðrum skoðunarstöðvum á landamærum og framkvæmdastjórninni um niðurstöðurnar og uppruna dýrana, í samræmi við 4. mgr. 12. gr.

3. Í því tilviki sem kveðið er á um í 1. mgr. er framkvæmdastjórninni heimilt að gera tímabundnar verndarráðstafanir vegna dýra er heyra undir 9. gr.

4. Fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar er heimilt að heimsækja viðkomandi þriðja land þegar í stað.

5. Ef aðildarríki tilkynnir framkvæmdastjórninni opinberlega að þörf sé á að gera verndarráðstafanir og framkvæmdastjórnin hefur ekki beitt ákvæðum 1. og 3. mgr. eða vísað málinu til fastanefndar um dýraheilbrigði í samræmi við 6. mgr., er aðildarríkinu heimilt að gera tímabundnar verndarráðstafanir vegna viðkomandi dýra.

Ef aðildarríki gerir tímabundnar verndarráðstafanir gagnvart þriðja landi samkvæmt skilmálum þessarar greinar skal það tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni þar um í samræmi við 5. mgr. 12. gr.

6. Áður en 10 virkir dagar eru liðnir skal vísa málinu til fastanefndar um dýraheilbrigði, samkvæmt skilmálum 22. gr., með það í huga að framlengja, breyta eða fella úr gildi ráðstafanir sem kveðið er á um í 1., 3. og 5. mgr.

7. Ákvarðanir um að framlengja, breyta eða fella úr gildi ráðstafanir sem eru gerðar með skírskotun til 1., 2., 3. og 6. skulu teknar í samræmi við málsmeðferð 22. gr.

8. Ef nauðsyn ber til skal samþykkja nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr.

III. KAFLI

SKOÐUN

19. gr.

1. Dýraheilbrigðissérfræðingum á vegum framkvæmdastjórnarinnar er heimilt, í samvinnu við lögbær innlend yfirvöld og að því marki sem er nauðsynlegt fyrir samræmi í beitingu á kröfum þessarar tilskipunar, að ganga úr skugga um að skoðunarstöðvar á landamærum, sem eru samþykktar í samræmi við 6. gr., og sóttvarnarstöðvar, sem eru samþykktar í samræmi við 10. gr., uppfylli skilyrðin sem eru talin upp í viðaukum A og B.

2. Dýraheilbrigðissérfræðingum á vegum framkvæmdastjórnarinnar er heimilt, í samvinnu við lögbær innlend yfirvöld, að annast eftirlit á staðnum.

3. Þegar skoðun fer fram á yfirráðsvæði aðildarríkis skal það aðildarríki veita dýraheilbrigðissérfræðingum á vegum framkvæmdastjórnarinnar alla þá aðstoð sem er nauðsynleg til að þeir geti unnið verk sitt.

4. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna aðildarríkjunum um niðurstöður skoðana.

5. Framkvæmdastjórnin skal láta fastanefndina um dýraheilbrigði kanna aðstæður ef hún telur að niðurstaða eftirlits réttlæti slíkt. Henni er heimilt að samþykkja nauðsynlegar ákvarðanir í samræmi við málsmeðferð 22. gr.

6. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með framvindu mála. Í ljósi þeirrar framvindu og í samræmi við málsmeðferð 22. gr. er henni heimilt að breyta eða fella úr gildi þær ákvarðanir sem um getur í 5. mgr.

7. Ef nauðsyn ber til skal samþykkja nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr.

20. gr.

Ef lögbært yfirvald aðildarríkis telur, á grundvelli eftirlits sem fer fram á þeim stað þar sem á að markaðssetja dýrin, að brotið sé í bága við ákvæði þessarar tilskipunar á skoðunarstöð á landamærum í öðru aðildarríki skulu þau þegar í stað gera stjórnvöldum þess aðildarríkis viðvart.

Síðarnefnda yfirvaldið skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir og tilkynna lögbæra yfirvaldinu í fyrrnefnda aðildarríkinu um það eftirlit sem hefur farið fram, þær ákvarðanir sem hafa verið teknar og rökstuðning fyrir þeim.

Ef lögbært yfirvald fyrrnefnda aðildarríkisins telur ráðstafanir ófullnægjandi skal það, ásamt lögbæru yfirvaldi hlutaðeigandi aðildarríkis, leita leiða til að bæta ástandið, ef nauðsyn ber til með því að heimsækja hlutaðeigandi aðildarríki.

Ef eftirlitið sem um getur í fyrstu undirgrein leiðir í ljós að ítrekað er brotið í bága við ákvæði þessarar tilskipunar skal lögbært yfirvald viðtökuaðildarríkis tilkynna það framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja.

Framkvæmdastjórnin skal, að beiðni lögbærs yfirvalds viðtökuaðildarríkis eða að eigin frumkvæði og í samvinnu við lögbært innlent yfirvald, senda skoðunarhóp til hlutaðeigandi aðildarríkis. Skoðunarhópurinn getur, allt eftir því hvers eðlis meinta brotið er, verið um kyrrt í hlutaðeigandi aðildarríki þar til ákvarðanirnar sem um getur í síðustu undirgrein hafa verið teknar.

Þar til niðurstöður framkvæmdastjórnarinnar liggja fyrir skal hlutaðeigandi aðildarríki, að beiðni viðtökuaðildarríkis, efla eftirlit á viðkomandi skoðunarstöð á landamærum eða sóttvarnarstöð.

Viðtökuaðildarríkinu er að sínu leyti heimilt að efla eftirlit með dýrum sem koma frá þessum upprunastöðum.

Að beiðni eins eða tveggja hlutaðeigandi aðildarríkja skal framkvæmdastjórnin, ef skoðunin sem um getur í fimmtu undirgrein staðfestir brotið, gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við málsmeðferð 22. gr. Þessar ráðstafanir ber að staðfesta eða endurskoða eins skjótt og auðið er í samræmi við sömu málsmeðferð.

21. gr.

1. Hvert aðildarríki skal gera áætlun um skipti á starfsmönnum sem eru tilnefndir til að annast eftirlit með dýrum frá þriðju löndum.

2. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu samræma áætlanirnar sem um getur í 1. mgr. innan fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

3. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framfylgja áætlunum sem byggjast á samræmingunni sem um getur í 2. mgr.

4. Ár hvert, á grundvelli skýrslna frá aðildarríkjunum, skal fastanefndin um dýraheilbrigði endurskoða framkvæmd áætlana.

5. Aðildarríkin skulu taka tillit til þeirrar reynslu sem þau hafa aflað sér, í því skyni að bæta og þróa skiptiáætlanir.

6. Heimilt er að bandalagið veiti fé til að stuðla að þróun skiptiáætlana. Í tilskipun ráðsins 90/424/EBE frá 26. júní 1990 um útgjöld á sviði dýraheilbrigðismála⁽¹⁾ eru settar nákvæmar reglur um slíkt fjárframlag og þá fjárhæð sem áætlað er að komi á fjárlög Evrópubandalaganna.

7. Ef nauðsyn ber til skal samþykkja nákvæmar reglur um beitingu 1., 4. og 5. mgr. samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr.

IV. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

22. gr.

Þegar vísað er til málsmeðferðarinnar sem kveðið er á um í þessari grein skal grípa til aðgerða í samræmi 17. gr. tilskipunar 89/662/EBE.

⁽¹⁾ Stjótd. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 19. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 91/133/EBE (Stjótd. EB nr. L 66, 13. 3. 1991, bls. 18).

23. gr.

Þegar vísað er til málsmeðferðarinnar sem kveðið er á um í þessari grein skal grípa til aðgerða í samræmi 18. gr. tilskipunar 89/662/EBE.

24. gr.

Ef nauðsyn ber til skal breyta viðaukum þessarar tilskipunar samkvæmt málsmeðferðinni í 23. gr.

25. gr.

Ákvæði þessarar tilskipunar hafa ekki áhrif á skuldbindingar sem grundvallast á tollákvæðum.

26. gr.

1. Ákvæði 12. og 28. gr. tilskipunar 72/462/EBE falli niður.

Þar til ákvarðanir sem kveðið er á um í 5. og 6. gr. þessarar tilskipunar hafa verið teknar gilda þau ákvæði sem eru sett samkvæmt 12. gr. tilskipunar 72/462/EBE.

2. Ákvæði 20. og 21. gr. tilskipunar 90/426/EBE og 27. gr. og 2. mgr. 29. gr. tilskipunar 90/539/EBE falli niður.

27. gr.

1. Tilskipun 89/662/EBE er breytt sem hér segir:

a) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 1992“ í 2. mgr. 19. gr. komi „31. desember 1996“;

b) Í stað 22. gr. komi eftirfarandi:

„22. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáskilgæði til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. júlí 1992.“

2. Tilskipun 90/425/EBE er breytt sem hér segir:

a) Í stað 7. gr. komi eftirfarandi:

„7. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess, við eftirlit sem fer fram á stöðum þar sem heimilt er að flytja dýr og afurðir, sem um getur í I. viðauka, frá þriðju löndum inn á yfirráðasvæðin sem eru skilgreind í I. viðauka tilskipunar 90/675/EBE(*), svo sem höfnum, flugvöllum og skoðunarstöðvum á landamærum sem liggja að þriðju löndum:

a) að fram fari eftirlit með vottorðum eða skjölum sem fylgja dýrum og afurðum;

b) að dýr og afurðir frá bandalaginu heyri undir eftirlitsreglum sem mælt er fyrir um í 5. mgr.

c) að afurðir frá þriðju löndum heyri undir reglum sem eru settar í tilskipun 90/675/EBE;

d) að dýr frá þriðju löndum heyri undir reglum sem eru settar í tilskipun 91/496/EBE.

2. Frá 1. janúar 1993 og þrátt fyrir 1. mgr. skulu þó öll dýr og afurðir, sem eru flutt með flutningatæki sem tengir saman tvo landfræðilega aðgreinda staði í bandalaginu með reglulegum og beinum hætti, heyra undir eftirlitsreglum sem mælt er fyrir um í 5. gr.“

b) Í stað 23. gr. komi eftirfarandi:

„23. gr.

Ráðið skal, á grundvelli skýrslu framkvæmdastjórnarinnar og hugsanlegra tillagna sem ráðið tekur ákvörðun um með auknum meirihluta, endurskoða:

— ákvæði 10. gr. og a-liðar 2. mgr. 5. gr. fyrir 1. janúar 1993,

— önnur ákvæði fyrir 1. janúar 1996.“

c) Í 26. gr.:

í stað ii-liðar fyrstu undirgreinar komi:

„ii) önnur ákvæði þessarar tilskipunar fyrir 1. júlí 1992.“;

önnur undirgrein falli niður.

3. Tilskipun 90/675/EBE er breytt sem hér segir:

a) Í stað 6. mgr. 19. gr. komi eftirfarandi:

„6. Áður en 10 virkir dagar eru liðnir skal vísa málinu til fastanefndar um dýraheilbrigði, samkvæmt skilmálum 23. gr., með það í huga að framfengja, breyta eða fella úr gildi ráðstafanir sem kveðið er á um í 1., 3. og 5. mgr. Einnig er heimilt að samþykkja nauðsynlegar ákvarðanir samkvæmt málsmeðferð 23. gr., þar með talið ákvarðanir sem tengjast flutningi afurða innan bandalagsins og umflutningi.“

b) Í stað „31. desember 1991“ í 32. gr. komi „1. júlí 1992“.

28. gr.

Í samræmi við málsmeðferð 23. gr. er framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja til þriggja ára þær bráðabirgðaráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að auðvelda breytinguna yfir í nýja eftirlitsfyrirkomulagið, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

29. gr.

Aðildarríkjunum er heimilt að nýta sér fjárhagsaðstoð bandalagsins sem kveðið er á um í 38. gr. tilskipunar 90/424/EBE vegna framkvæmdar þessarar tilskipunar, einkum vegna uppsetningar netkerfis fyrir upplýsingaskipti milli dýraheilbrigðisþjónustu og landamærastöðva.

30. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að:

- a) ákvæðum of 3. mgr. 6. gr. og 13., 18. og 21. gr. eigi síðar en 1. desember 1991;
- b) öðrum ákvæðum þessarar tilskipunar eigi síðar en 1. júlí 1992.

Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun

þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Samþykkja skal nákvæmar reglur um beitingu þessarar tilskipunar, einkum 3. mgr. 8. gr., og taka upp kerfið, sem um getur í annarri undirgrein 4. mgr. 12. gr., eigi síðar en 1. júlí 1992.

Ef það næst ekki fyrir daginn sem um getur í fyrri undirgrein skal gera bráðabirgðaráðstafanir sem kveðið er á um í 28. gr. fyrir þann dag.

31. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. júlí 1991.

Fyrir hönd ráðsins,

P. BUKMAN

forseti.

VIÐAUKIA

Almenn skilyrði fyrir viðurkenningu skoðunarstöðva á landamærum

Til að hljóta EBE-viðurkenningu skulu skoðunarstöðvar á landamærum hafa á að skipa:

1. sérstakri aðrein fyrir flutning dýra á fæti, svo að ekki þurfi að láta dýrin bíða að óþörfu;
2. aðstöðu (sem auðvelt er að þrifa og sóthreinsa) fyrir fermingu og affermingu ýmissa flutningatækja, skoðun, fódrun, brynningu og meðhöndlun dýranna, þar sem rými, lýsing og loftræsting er fullnægjandi með tilliti til þess fjölda dýra sem á að skoða;
3. nógu mörgum dýralæknum og sérþjálfuðum aðstoðarmönnum til að þeir geti, með tilliti til þess fjölda dýra sem fer um viðkomandi skoðunarstöð á landamærum, sannprófað fylgiskjöl og framkvæmt klíniska eftirlitið sem um getur í 4., 5., 8. og 9. gr. þessarar tilskipunar;
4. nógu rúmgóðu húsnæði fyrir starfsmennina sem annast dýraheilbrigðisefurlitið, þar með talið búningsherbergi, sturtur og salerni;
5. húsnæði og aðstöðu sem hentar fyrir sýnatöku og úrvinnslu sýna í tengslum við kerfisbundna eftirlitið sem mælt er fyrir um í bandalagsreglum;
6. rannsóknarstofu með sérhæfða þjónustu þar sem unnt er að gera sérstök próf á sýnunum sem eru tekin á stöðinni;
7. fyrirtæki í næsta nágrenni stöðvarinnar með aðstöðu og búnað til að hýsa, fódra, brynna, meðhöndla og, ef nauðsyn ber til, slátra dýrunum;
8. hentugri aðstöðu, ef skoðunarstöðvarnar eru áningar- eða umfermingarstaðir við flutning dýra, til að unnt sé að afferma, brynna, fódra og hýsa dýrin ef þörf krefur og meðhöndla þau eða, ef nauðsyn ber til, slátra þeim á staðnum á þann hátt að þau þurfi ekki að þjást að óþörfu;
9. viðeigandi búnaði fyrir hröð upplýsingaskipti við aðrar skoðunarstöðvar á landamærum og lögbær dýraheilbrigðisvöld sem um getur í 20. gr. tilskipunar 90/425/EBE;
10. búnaði og aðstöðu fyrir þrif og sóthreinsun.

Viðauki B

Almenn skilyrði fyrir viðurkenningu sóttvarnarstöðva

1. Kröfur 2., 4., 5., 7., 9. og 10. liðar viðauka A skulu gilda.
2. Þar að auki skulu sóttvarnarstöðvar:
 - vera undir stöðugu eftirliti opinbers dýralæknis og vera á hans ábyrgð,
 - vera á stað sem er langt frá bújörðum og öðrum stöðum þar sem dýr eru haldin sem líkur eru á að séu með smitandi sjúkdóma,
 - hafa á að skipa góðu eftirlitskerfi til að tryggja viðunandi eftirlit með dýrunum.

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 10. desember 1990

um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum

(90/675/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Dýraafurðir, afurðir úr dýraríkinu og plöntuafurðir sem eftirlit er haft með í því skyni að koma í veg fyrir útbreiðslu smitandi dýrasjúkdóma eru taldar upp í II. viðauka við sáttmálann.

Með setningu meginreglna í bandalaginu um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum frá þriðju löndum verður auðveldara að tryggja nægar vörubirgðir og stöðugleika markaðarins auk þess sem nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda dýraheilbrigði og almannaheilbrigði eru samhæfðar um leið.

Í 19. gr. tilskipunar ráðsins 89/662/EBE frá 11. desember 1989 um dýraheilbrigðiseftirlit í viðskiptum innan bandalagsins til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽³⁾, og 23. gr. tilskipunar ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði

⁽¹⁾ Stjúd. EB nr. C 252, 6. 10. 1990, bls. 10.

⁽²⁾ Álit var skilað 23. nóvember 1990 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum EB*).

⁽³⁾ Stjúd. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 13.

komið á ⁽⁴⁾, eru meðal annars sett ákvæði um að ráðið skuli, fyrir 31. desember 1990, setja meginreglur um eftirlit með innflutningi frá þriðju löndum á afurðum sem falla undir áðurnefndar tilskipanir.

Sannprófa skal skjöl og auðkenni hvernar sendingar afurða frá þriðju löndum um leið og afurðir koma inn í bandalagið.

Setja ber meginreglur fyrir allt bandalagið um skipulagningu eftirlits með ástandi, sem lögbær dýraheilbrigðisyfirlit annast, og um framhald þessa eftirlits.

Miklu máli skiptir að verndarráðstafanir séu gerðar. Í þessu tilliti þarf framkvæmdastjórnin að geta haft áhrif, meðal annars með því að heimsækja viðkomandi staði og gera þær ráðstafanir sem hæfa aðstæðum.

Til að eftirlitsstarfið gangi vel er nauðsynlegt að ákveða málsmeðferð við viðurkenningu, hafa eftirlit með skoðunarstöðvum á landamærum og skiptast á embættismönnum sem hafa umboð til að annast eftirlit með vörum frá þriðju löndum.

Sú staðreynd að eftirlit á innri landamærum verður lagt niður með tilkomu hins innri markaðar eykur enn mikilvægi þess að settar verði sameiginlegar meginreglur í bandalaginu.

Nauðsynlegt virðist að gera tilteknar tímabundnar aðlögunarráðstafanir til að auðvelda breytinguna yfir í nýja eftirlitsfyrirkomulagið sem er innleitt með þessari tilskipun.

⁽⁴⁾ Stjúd. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 29.

Framkvæmdastjórninni skal falið að samþykkja ráðstafanir um beitingu þessarar tilskipunar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA,

1. gr.

1. Aðildarríkin skulu láta fara fram dýraheilbrigðiseftirlit með afurðum sem eru fluttar inn í bandalagið frá þriðju löndum, í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

2. Þrátt fyrir ákvæði þessarar tilskipunar gilda innlendar kröfur um dýraheilbrigði áfram um afurðir sem viðskipti með hafa ekki verið samhæfð í bandalaginu, eða kröfur sem byggjast á bandalagsreglum hafi slíkar kröfur ekki verið samhæfðar að fullu innan bandalagsins.

2. gr.

1. Í þessari tilskipun gilda skilgreiningarnar í 2. gr. tilskipunar 89/662/EBE og tilskipunar 90/425/EBE eftir því sem við á.

2. Auk þess er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „afurðir“: dýraafurðir eða afurðir úr dýraríkinu sem um getur í tilskipunum 89/662/EBE og 90/425/EBE eða, með þeim skilyrðum sem eru tilgreind í 18. gr.:

- nýr fiskur sem er landað beint úr fiskiskipi,
- tiltekna plöntuafurðir,
- aukaafurðir úr dýraríkinu sem falla ekki undir II. viðauka sáttmálans;

b) „skjalasannprófun“: sannprófun dýraheilbrigðisvottorða eða -skjala sem fylgja afurðinni;

c) „auðkennasannprófun“: sannprófun, sem fer eingöngu fram með sjónrænni skoðun, á því að samræmi sé milli skjalanna eða vottorðanna og afurðanna og að afurðirnar séu stimplaðar og merktar í samræmi við reglur bandalagsins eða, að því er varðar afurðir sem viðskipti með hafa ekki verið samhæfð í bandalaginu, í samræmi við innlenda löggið er gildir um hin ýmsu tilvik sem kveðið er á um í þessari tilskipun;

d) „eftirlit með ástandi“: eftirlit með sjálfri afurðinni, ef til vill með sýnatöku og prófi á rannsóknarstofu;

e) „innflytjandi“: einstaklingur eða lögpersóna sem framvísar afurðum til innflutnings til bandalagsins;

f) „sending“: magn afurða af sömu tegund, sem sama dýraheilbrigðisvottorð eða -skjal gildir um, sem er flutt með sama flutningatæki og kemur frá sama þriðja landi eða hluta þriðja lands;

g) „skoðunarstöð á landamærum“: skoðunarstöð sem er í nágrenni ytri landamæra eins af yfirráðasvæðunum sem um getur í I. viðauka, og sem er tilnefnd og viðurkennd í samræmi við 9. gr.;

h) „lögbært yfirvald“: stjórnvald aðildarríkis sem hefur umboð til þess að láta fara fram dýraheilbrigðiseftirlit og eftirlit með dýrarækt, eða annað yfirvald sem fær slíkt umboð í hendur frá yfirmenda stjórnvaldinu.

I. KAFLI

SKIPULAGNING OG FRAMHALD EFTIRLITS

3. gr.

Með fyrirvara um sérákvæði sem samþykkt verða í samræmi við 17. gr. skulu aðildarríkin sjá til þess að tollyfirvöld leyfi ekki innflutning til notkunar á yfirráðasvæði sem um getur í I. viðauka nema sannað sé:

- i) með vottorði, sem kveðið er á um í 1. mgr. 10. gr., um að dýraheilbrigðiseftirlit hafi farið fram með afurðunum í samræmi við 4., 5., 6. og 8. gr., og að skilyrði lögbærra yfirvalda þar að lútandi hafi verið uppfyllt;
- ii) að búið sé að greiða fyrir dýraheilbrigðiseftirlitið og, ef við á, að trygging hafi verið lögð fram fyrir hugsanlegum kostnaði sem kveðið er á um í 3. mgr. 16. gr. Ef nauðsyn ber til skal samþykkja nákvæmar reglur um framkvæmd þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 24. gr.

4. gr.

1. Sannprófa skal skjöl og auðkenni hverrar sendingar afurða frá þriðja landi, án tillits til tollafgreiðslustaðar, til að ganga úr skugga um:

- uppruna þeirra,
- síðari viðtökustað þeirra, einkum ef viðskipti með afurðirnar hafa ekki verið samhæfð í bandalaginu,
- að upplýsingarnar í skjölunum veiti þær ábyrgðir sem krafist er í reglum bandalagsins eða, hafi viðskipti með afurðirnar ekki verið samhæfð í bandalaginu, þær ábyrgðir sem krafist er í innlendum reglum er gilda um hin ýmsu tilvik sem falla undir þessa tilskipun.

2. Skjala- og auðkennasannprófuninni skal framfylgt

- i) við innflutning inn á yfirráðasvæði, sem um getur í I. viðauka, um skoðunarstöð á landamærum eða einhverja aðra landamærastöð sem er talin upp í skrá sem

aðildarríkin skulu uppfæra með jöfnu millibili og senda framkvæmdastjórninni. Framkvæmdastjórnin sér um að birta skrána í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*;

- ii) af starfsmönnum dýraheilbrigðiseftirlits skoðunarstöðvarinnar á landamærunum eða, þegar um er að ræða landamærostöð sem um getur í i-lið, af lögbærum yfirvöldum.

Þegar skjala- og auðkennasannprófun vegna afurðanna fer fram á slíkum landamærostöðvum skal þegar í stað senda þær undir tollaftirliti til næstu skoðunarstöðvar á landamærum í það eftirlit sem kveðið er á um í 8. gr.

3. Banna skal innflutning inn á yfirráðasvæði sem er skilgreint í I. viðauka ef eftirlit leiðir í ljós:

- a) að afurðir koma frá yfirráðasvæðis þriðja lands sem uppfyllir ekki eftirtalin skilyrði:

- i) að því er varðar afurðir sem samhæfðar innflutningsreglur gilda um:

- að þær séu tilgreindar í skrá sem er gerð í samræmi við reglur bandalagsins, einkum tilskipun 72/462/EBE ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 90/425/EBE,
- að innflutningur sé ekki bannaður samkvæmt ákvörðun bandalagsins;

- ii) ef ekki er um samhæfðar reglur að ræða, einkum reglur um heilbrigði dýra, að þær uppfylli ekki kröfur sem kveðið er á um í innlendra löggjöf er gildir um hin ýmsu tilvik sem falla undir þessa tilskipun;

- b) að dýraheilbrigðisvottorð eða -skjal sem fylgir afurðunum uppfyllir ekki þau skilyrði sem eru sett samkvæmt bandalagsreglum eða, ef reglur hafa ekki verið samhæfðar, þær kröfur sem kveðið er á um í innlendra löggjöf er gildir um hin ýmsu tilvik sem falla undir þessa tilskipun.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að innflytjendum sé skylt að láta starfsmenn dýraheilbrigðiseftirlits skoðunarstöðvar á landamærum þar sem framvísa á afurðunum vita fyrirfram um magn, tegund og áætlaðan komutíma afurðanna.

5. Ef:

- afurðir eiga að fara til aðildarríkis eða svæðis þar sem sérstakar kröfur gilda,
- sýni hafa verið tekin en niðurstöðurnar liggja ekki fyrir þegar flutningatækið fer frá viðkomandi skoðunarstöð á landamærum,

⁽¹⁾ Stjórnartíð. EB nr. L 302, 31. 12. 1972, bls. 28.

— innflutningur er leyfður í sérstökum tilgangi,

skulu upplýsingar frá lögbærum yfirvöldum viðtökustaðarinnar sendar:

- að því er varðar afurðir sem falla undir tilskipun 90/425/EBE, með tölvukerfinu sem kveðið er á um í 20. gr. þeirrar tilskipunar.

— í samræmi við 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 89/662/EBE að því er hinar afurðirnar varðar.

6. Setja skal nákvæmar reglur um beitingu 1. – 5. mgr. samkvæmt málsmeðferðinni í 24. gr.

7. Allur kostnaður í tengslum við beitingu þessarar greinar hvílir á sendanda, viðtakanda eða fulltrúa þeirra, án endurgreiðslu af hálfu aðildarríkisins.

5. gr.

1. Að því er varðar aðgang að tollfrjálsu svæði eða tollfrjálsri vörugæmslu, sem er skilgreint í a- og b-lið 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2504/88 ⁽²⁾, skulu lögbær yfirvöld sjá til þess að fram fari skjalasannprófun og sannprófun á afurðunum með einfaldri sjónrænni skoðun til að kanna hvort samræmi er milli skjalanna eða vottorðanna og afurðanna og, ef nauðsyn ber til og ástæða er til grunsemda, sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi. Afurðir sem eru fluttar af tollfrjálsu svæði eða úr tollfrjálsri vörugæmslu til notkunar á yfirráðasvæði sem um getur í I. viðauka skulu heyra undir það eftirlit sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

2. Setja skal nákvæmar reglur um framkvæmd þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 24. gr.

6. gr.

1. Þegar tekið er við afurðunum í vörugæmslu skulu lögbær yfirvöld sannprófa auðkenni afurðanna sem, samkvæmt tollvörugæmslureglunum sem eru skilgreindar í reglugerð (EBE) nr. 2503/88 ⁽³⁾ eða reglum um bráðabirgðagæmslu sem eru skilgreindar í reglugerð (EBE) nr. 4151/88 ⁽⁴⁾, ber að geyma í vörugæmslu sem lögbær yfirvöld tilnefna á grundvelli viðmiðunarreglna sem eru settar samkvæmt málsmeðferð 24. gr.

Auk þess skal lögbært yfirvald láta fara fram viðeigandi dýraheilbrigðiseftirlit í vörugæmslunni í samræmi við 5. mgr.

2. Aðildarríkin skulu semja skrá yfir vörugæmslur sem um getur í 1. mgr., þar sem tilgreind er sú tegund dýraheilbrigðiseftirlits sem fer fram við móttöku og afhendingu afurðanna sem um getur í 2. gr. Þau skulu senda skrána og

⁽²⁾ Stjórnartíð. EB nr. L 225, 15. 8. 1988, bls. 8.

⁽³⁾ Stjórnartíð. EB nr. L 225, 15. 8. 1988, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjórnartíð. EB nr. L 367, 31. 12. 1988, bls. 1.

allar uppfærslur á henni til framkvæmdastjórnarinnar.

Framkvæmdastjórnin skal birta skrána yfir vörugæmslum-
ar og allar uppfærslur á henni í *Stjórnartíðindum Evrópu-
bandalaganna*.

3. Tolleftirlit skal haft með afurðum sem eru geymdar
í vörugæmslu sem aðildarríki tilnefnir og eiga að fara í
frjálsa dreifingu á yfirráðasvæðum sem um getur í I. við-
auka, og áður en þær eru settar í frjálsa dreifingu skal viðhafa
eftirlitið sem kveðið er á um í 8. gr. eða, ef viðskipti með
afurðir hafa ekki verið samræmd í bandalaginu, eftirlitið
sem greint er frá í 11. gr.

Ef sendingu er skipt skal eftirfarandi fylgja með þeim af-
urðum sem eru fluttar úr vörugæmslunni:

— vottorðið sem kveðið er á um í öðrum undirlið 1. mgr.
10. gr. og gefið er út af opinberum dýralækni á grund-
velli vottorðanna sem fylgdu með afurðasendingunum
þegar þær voru settar í vörugæmsluna, og skal tilgreina
uppruna afurðanna í vottorðinu,

— í samræmi við annan undirlið b-liðar 4. mgr. 11. gr.,
áfrít af upprunalegu vottorðunum.

4. Kostnaður við dýraheilbrigðiseftirlitið sem kveðið er á
um í þessari grein hvílir á þeim rekstraraðila sem óskar eftir
tollvörugæmslu eða bráðabirgðagæmslu fyrir afurðina.

Þennan kostnað, þar með talið tryggingarfé fyrir kostnaði
sem stofnað er til þegar möguleikarnir sem kveðið er á um
í 3. mgr. 16. gr. eru nýttir, skal greiða áður en afurðir eru
settar í vörugæmsluna.

5. Setja skal nákvæmar reglur um beitingu þessarar
greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 24. gr.

7. gr.

1. Með fyrirvara um ráðstafanir sem eru samþykktar
samkvæmt 19. gr. þurfa aðildarríkin ekki að láta kröfur
3. mgr. 4. gr. ná til afurða sem hvorki samræmast reglum
bandalagsins né, hafi viðskipti með þær ekki verið samhæfð
í bandalaginu, viðeigandi innlendum reglum og sem eiga að
fara í gæmslu á tollfrjálsu svæði, svo framarlega sem:

— samræmi er milli afurðanna eða sendinganna og með-
fylgjandi skjala,

— afurðir eru sendar áfram til þriðja lands með þeim
skilyrðum sem mælt er fyrir um í 12. gr.,

— afurðir eru geymdar þannig að þær séu alveg að-
skildar frá þeim afurðum sem á að leyfa innflutning
á til notkunar á þeim yfirráðasvæðum sem um getur í
I. viðauka.

2. Setja skal nákvæmar reglur um beitingu þessarar
greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 24. gr.

8. gr.

Afurðir, sem falla undir samhæfðar dýraheilbrigðisreglur
bandalagsins um viðskipti og eru afhentar á komustað inn á
yfirráðasvæði sem er skilgreint í I. viðauka, skulu fullnægja
eftirfarandi kröfum:

1. Ef

a) komustaðurinn er skoðunarstöð á landamærum
skal þegar í stað fara fram það eftirlit með afurð-
unum sem kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr. og 2. lið
hér á eftir:

b) komustaðurinn er landamærastöð sem um getur í
2. mgr. 4. gr. eða afurðir koma úr vörugæmslu
í samræmi við 3. mgr. 6. gr. skal þegar í stað flytja
þær undir tolleftirliti til næstu skoðunarstöðvar á
landamærum þar sem opinber dýralæknirinn skal:

— sjá til þess að eftirlitið sem kveðið er á um í
1. mgr. 4. gr. hafi farið fram með réttum hætti,

— annast eftirlitið sem kveðið er á um í 2. lið.

2. Opinber dýralæknirinn skal:

a) annast eftirlit með ástandi hverrar sendingar á
grundvelli sýnis sem er dæmigert fyrir sendinguna,
til að tryggja að afurðir séu enn í hæfu ástandi
til þeirrar notkunar sem er tiltekin í meðfylgjandi
vottorði eða skjali;

b) annast rannsóknarstofuþróf sem skulu fara fram á
staðnum;

c) taka opinber sýni til rannsókna með tilliti til efna-
leifa eða lifandi smitefna og láta greina þau eins
skjótt og auðið er.

Opinbera dýralækninum er heimilt að láta sérmenntaða
starfsmenn, sem vinna undir hans stjórn, aðstoða sig við
tiltekin verk.

3. Framkvæmdastjórnin skal, samkvæmt málsmeðferð-
inni í 24. gr., setja nákvæmar reglur um framkvæmd
eftirlitsins sem kveðið er á um í 1. og 2. lið.

Að beiðni aðildarríkis, studdri nauðsynlegum rökum, eða að eigin frumkvæði er framkvæmdastjórninni heimilt samkvæmt sömu málsmeðferð, með vissum skilyrðum og einkum á grundvelli niðurstaðna úr fyrra eftirliti, að lækka tíðni eftirlits að því er varðar tiltekin þriðju lönd eða starfsstöðvar í þriðju löndum sem veita fullnægjandi ábyrgðir fyrir því að eftirlit hafi farið fram á upprunastað.

Þegar framkvæmdastjórnin veitir undanþágur af þessu tagi tekur hún tillit til eftirfarandi:

- a) ábyrgðar viðkomandi þriðja lands fyrir því að farið sé að kröfum bandalagsins, einkum kröfum í tilskipunum 72/462/EBE og 90/426/EBE ⁽¹⁾;
 - b) heilbrigðisástands dýra í viðkomandi þriðja landi;
 - c) upplýsinga um almennt heilbrigðisástand í landinu;
 - d) þeirra ráðstafana sem þriðja landið gerir til að hafa eftirlit með og berjast gegn sjúkdómum;
 - e) skipulags og heimilda dýraheilbrigðisþjónustunnar;
 - f) að farið sé að þeim lágmarkskröfum um hreinlæti við framleiðslu sem mælt er fyrir um í lögum bandalagsins;
 - g) reglna um leyfi fyrir tilteknum efnum og fullnæggingu krafna sem eru settar fram í 7. gr. tilskipunar 86/469/EBE ⁽²⁾;
 - h) niðurstaðna úr skoðunarheimsóknnum á vegum bandalagsins;
 - i) niðurstaðna úr innflutningseftirliti.
4. Samt sem áður er heimilt, þrátt fyrir 2. lið, að eftirlit með afurðum, sem eru fluttar um höfn eða flugvöll inn á yfirráðasvæði sem um getur í I. viðauka, fari fram í viðtökuhöfn eða á viðtökuflugvelli, að því tilskildu að í þeirri höfn eða á þeim flugvelli sé landamæraskoðunarstöð af því tagi sem um getur í 2. gr. og að afurðirnar séu annaðhvort fluttar sjóleiðis eða með flugi.

9. gr.

1. Skoðunarstöðvar á landamærum skulu uppfylla skilyrði þessarar greinar.
2. Skoðunarstöðvar á landamærum skulu
 - i) vera í nágrenni komustaðar inn á yfirráðasvæði sem um getur í I. viðauka;
 - ii) tilnefndar og viðurkenndar í samræmi við 3. mgr.;
 - iii) vera undir stjórn opinbers dýralæknis sem í raun ber ábyrgð á eftirlitinu. Opinbera dýralækninum er heimilt að láta sérmenntaða starfsmenn aðstoða sig.

⁽¹⁾ Stjúd. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 42.

⁽²⁾ Stjúd. EB nr. L 275, 26. 9. 1986, bls. 36.

3. Fyrir 31. mars 1991, eftir að innlend yfirvöld hafa sett landamærastöðvar á úrtakslista í samráði við deildir framkvæmdastjórnarinnar sem sannprófa að stöðvarnar fullnægi lágmarkskröfum II. viðauka, skulu aðildarríkin afhenda framkvæmdastjórninni skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem annast dýraheilbrigðiseftirlit með afurðum, ásamt upplýsingum um:

- a) tegund skoðunarstöðvar á landamærum:
 - höfn,
 - flugvöllur,
 - skoðunarstöð við þjóðveg,
 - skoðunarstöð við járnbraut;
 - b) tegund afurða sem unnt er að hafa eftirlit með á viðkomandi skoðunarstöð á landamærum, að teknu tilliti til búnaðar og dýraheilbrigðisstarfsfólks á staðnum, ef til vill með upplýsingum um afurðir sem ekki er unnt að hafa eftirlit með á þessum landamæraskoðunarstöðvum;
 - c) fjölda starfsmanna við dýraheilbrigðiseftirlit:
 - fjölda opinberra dýralækna, og skal einn opinber dýralæknir hið minnsta vera við störf þegar skoðunarstöðin á landamærunum er opin,
 - fjölda sérmenntaðra aðstoðarmanna;
 - d) lýsingu á búnaði og húsnæði sem er fyrir hendi, með tilliti til mismunandi eftirlits sem fer fram í tengslum við:
 - skjalasannpröfun,
 - eftirlit með ástandi,
 - sýnatöku,
 - rannsóknarstofu fyrir almenn próf sem eru gerð á staðnum og mælt er fyrir um í b-lið 2. mgr. 8. gr.,
 - rannsóknarstofu fyrir sérstök próf sem opinberi dýralæknirinn fyrirskipar;
 - e) rými í því húsnæði og kæligeymslum sem er fyrir hendi til að geyma afurðirnar í meðan beiðni er eftir niðurstöðum úr prófum;
 - f) tegund búnaðar fyrir hröð upplýsingaskipti, einkum við aðrar skoðunarstöðvar á landamærum;
 - g) málsmeðferð við lausn deilumála við þriðju lönd;
 - h) umfang viðskipta (tegund og magn afurða sem fer um þessa skoðunarstöð á landamærum).
4. Í samráði við lögbær innlend yfirvöld skal framkvæmdastjórnin skoða þær skoðunarstöðvar á landamærum sem eru tilnefndar í samræmi við 3. mgr., með það í huga að tryggja samræmda beitingu reglna um dýraheilbrigðiseftirlit og að hinar ýmsu skoðunarstöðvar á landamærum hafi í raun yfir nauðsynlegum grunnvirkjum að ráða og fullnægi lágmarkskröfum II. viðauka.

Eigi síðar en 31. desember 1991 skal framkvæmdastjórnin afhenda fastanefnd um dýraheilbrigði skýrslu um niðurstöðu þessarar skoðunar ásamt tillögum, þar sem tillit er tekið til ályktana í skýrslunni, með það í huga að koma upp bandalagsskrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru viðurkenndar í samræmi við málsmeðferð 24. gr.

Í skýrslunni skal gera grein fyrir vandamálum sem kæmu upp hjá tilteknum aðildarríkjum ef úrtakslistinn sem um getur í fyrstu undirgrein 3. mgr. hefði þau áhrif að fjölmargar skoðunarstöðvar á landamærum yrðu útilokaðar 1. janúar 1992.

Í samræmi við málsmeðferð 23. gr. er í mesta lagi unnt að veita þriggja ára frest til þess að skoðunarstöðvar á landamærum aðildarríkja sem um getur í fyrri undirgrein geti fullnægt kröfum þessarar tilskipunar, einkum hvað varðar búnað og skipulag.

Framkvæmdastjórnin skal birta skrána yfir skoðunarstöðvar á landamærum og allar uppfærslur á henni í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

5. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja nákvæmar reglur um framkvæmd þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 24. gr.

10. gr.

1. Ef afurðir, sem viðskipti með hafa verið samhæfð í bandalaginu, eru ekki ætlaðar til innflutnings og notkunar á yfirráðasvæði aðildarríkisins sem annaðist eftirlitið sem um getur í 2. lið 8. gr., skal opinberi dýralæknirinn sem ber ábyrgð á skoðunarstöðinni á landamærunum:

- láta viðkomandi einstakling fá afrit af frumriti vottorðanna eða, ef sendingu er skipt, nokkur staðfest afrit af frumriti vottorðanna fyrir afurðirnar; gildistími afritanna skal ákveðinn í samræmi við málsmeðferð 24. gr. og fer hann eftir tegund viðkomandi afurðar,
- gefa út vottorð eftir fyrirmyndinni sem framkvæmdastjórnin segir til um í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 24. gr., þar sem fram kemur að eftirlitið sem um getur í 2. lið 8. gr. hafi farið fram og uppfylli kröfur opinbera dýralæknisins og þar sem tilgreint er hvaða sýni hafa verið tekin og niðurstöður úr rannsóknarstofuprófum,
- varðveita frumrit vottorðsins eða vottorðanna sem fylgja með afurðunum.

2. Samþykkja skal nákvæmar reglur um beitingu 1. mgr., einkum um afurðir sem eru fluttar inn í ákveðnum tilgangi, samkvæmt málsmeðferðinni í 24. gr.

3. Viðskipti með afurðir sem um getur í tilskipun 89/662/EBE og sem eru fluttar inn á yfirráðasvæðin sem um getur í I. viðauka við þessa tilskipun skulu fara fram í samræmi við ákvæði þeirrar tilskipunar, einkum II. kafla.

11. gr.

1. Ákvæði þessarar greinar skulu gilda um afurðirnar sem um getur í 2. gr., ef reglur um viðskipti með þær hafa ekki enn verið samhæfðar í bandalaginu, og sem, eftir að hafa verið fluttar inn á eitthvert yfirráðasvæðanna sem um getur í I. viðauka, skulu sendar áfram til annars aðildarríkis sem leyfir að slíkar afurðir séu fluttar inn á yfirráðasvæði sitt.

2. Með öllum sendingum afurða skal viðhafa eftirlitið sem kveðið er á um í 1. mgr. 4. og:

- a) annaðhvort skal dýraheilbrigðiseftirlitinu sem mælt er fyrir um í 8. gr. framfylgt á skoðunarstöð á landamærum á yfirráðasvæði þess aðildarríkis sem afurðirnar eru fluttar til, einkum til að sannreyna að viðkomandi afurðir samræmist lögum viðtökuaðildarríkisins;
- b) eða, hafi tvíhliða samningur um fyrirkomulag skoðana áður verið gerður milli aðildarríkis, sem ræður yfir svæðinu þar sem komustaðurinn á eitt yfirráðasvæðanna sem um getur í I. viðauka er, og viðtökuaðildarríkis, og hugsanlega einnig umflutningsaðildarríkis eða -ríkja, afurðirnar skulu sendar undir tolf eftirliti til viðtökustaðarins þar sem dýraheilbrigðiseftirlitið skal fara fram.

Aðildarríkin skulu, á fundi í fastanefndinni um dýraheilbrigði, tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um eftirlitskerfið sem er samþykkt með hlidsjón af þessari grein.

3. Í því tilviki sem um getur í a-lið 2. mgr. skal 10. gr. gilda.

4. Í þeim tilvikum sem um getur í b-lið 2. mgr.:

- a) skal sannprófun skjala og auðkenna og eftirlit með ástandi fara fram á skoðunarstöð á landamærum sem er á yfirráðasvæði viðtökuaðildarríkis;
- b) skulu lögbær yfirvöld sem annast sannprófun skjala og auðkenna
 - tilkynna opinbera dýralækninum á skoðunarstöð viðtökustaðarins, innan ramma áætlunar um tölvuskráningu dýraheilbrigðisreglna um innflutning (SHIFT-áætlunin), að afurðirnar hafi farið um þeirra umdæmi, og hvenær áætlað er að þær berist,
 - tilgreina á afriti eða, ef sendingu er skipt, á afritum upprunalegu vottorðanna að afurðirnar hafi farið um þeirra umdæmi,
 - varðveita frumrit vottorðsins eða vottorðanna sem tengjast afurðunum.

Ef sérstakar aðstæður réttlæta slíkt, og að tilhlýðilega rökstuddri beiðni aðildarríkis, er heimilt að láta eftirlit með ástandi fara fram á öðrum stað en þeim sem um getur í a-lið.

Þann stað skal ákvarða í samræmi við málsmeðferð 24. gr.

5. Í þeim tilvikum sem kveðið er á um í 4. mgr. skal flytja afurðirnar samkvæmt málsmeðferð um utanaðkomandi umflutning bandalagsins, sem er skilgreind í reglugerð (EBE) nr. 2726/90⁽¹⁾, með ökutækjum eða í gámum sem lögbær yfirvöld innsigla.

Viðskipti með afurðir sem eru fluttar inn að loknu eftirliti í samræmi við þessa grein skulu heyra undir ákvæði tilskipunar 89/662/EBE.

6. Ef það eftirlit með ástandi sem um getur í þessari grein leiðir í ljós að ekki er unnt að flytja vörurnar inn til notkunar innanlands skulu ákvæði 16. gr. gilda.

7. Samþykkinga skal nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 24. gr.

12. gr.

1. Aðildarríki skulu heimila flutning afurða frá einu þriðja landi til annars þriðja lands, að því tilskildu að:

- viðkomandi aðili leggi fram sönnun um að fyrsta þriðja landið sem afurðirnar eru sendar til, eftir umflutning um eitt yfirráðasvæðanna sem um getur í I. viðauka, skuldbindi sig til þess að vísa í engu tilviki frá eða endursenda afurðir sem það hefur leyft innflutning eða umflutning á;
- opinber dýralæknir á skoðunarstöð á landamærum aðildarríkis, sem ræður yfir svæðinu þar sem eftirlitið fer fram sem kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr., hafi áður heimilað slíkan flutning;
- þegar um er að ræða gegnumferð um eitt yfirráðasvæðanna sem um getur í I. viðauka fari slíkur flutningur fram, án þess að vörurnar séu affermdar, undir eftirliti lögbærra yfirvalda og með ökutækjum eða í gámum sem lögbær yfirvöld innsigla. Eina meðhöndlunin sem er leyfð meðan á flutningi stendur er sú sem fer fram á komustöðum inn á og brottfararstöðum frá einu af yfirráðasvæðunum sem um getur í I. viðauka.

2. Allur kostnaður í tengslum við beitingu þessarar greinar hvílir á sendanda, viðtakanda eða fulltrúum þeirra án þess að endurgreiðslur frá aðildarríkinu komi til.

3. Samþykkinga skal nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 24. gr.

13. gr.

1. Lögbæra dýraheilbrigðisyfirvaldið skal annast sannprófun auðkenna og, ef við á og með fyrirvara um ákvæði 15. gr., eftirlit með ástandi afurða sem verða tollafgreiddar annars staðar en kveðið er á um í 5., 6., 10., 11. og 12. gr.

⁽¹⁾ Stjórnartíðindi EB nr. L 262, 26. 9. 1990, bls. 1.

2. Ef nauðsyn ber til skal samþykkinga nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 24. gr.

14. gr.

1. Þessi kafli, að undanskildum ákvæðum 15. gr., gildir ekki um afurðir sem:

i) eru hluti af persónulegum farangri ferðamanna og ætlaðar til einkaneyslu þeirra, að því tilskildu að magnið sé ekki meira en það magn sem er ákveðið í samræmi við 3. mgr. og að því tilskildu að afurðirnar komi frá þriðja landi eða hluta þriðja lands sem talið er upp í skránni sem er gerð í samræmi við reglur bandalagsins og að innflutningur sé ekki bannaður frá landinu;

ii) eru sendar í litlum pakkningum til einstaklinga, að því tilskildu að innflutningur þessarar afurða sé ekki viðskiptalegs eðlis, að magnið sé ekki meira en það magn sem er skilgreint í samræmi við 3. mgr., að afurðirnar komi frá þriðja landi eða hluta þriðja lands sem talið er upp í skránni sem er gerð í samræmi við reglur bandalagsins og að innflutningur frá landinu sé ekki bannaður;

iii) eru ætlaðar áhöfn og farþegum til neyslu um borð í flutningatækjum í flutningum á milli landa, að því tilskildu að þær komi frá þriðja landi, hluta þriðja lands eða starfsstöð sem innflutningur er ekki bannaður frá samkvæmt reglum bandalagsins.

Slíkum afurðum eða matúrgangi skal fargað þar sem afferming fer fram. Ekki er þó nauðsynlegt að farga afurðum ef þær eru fluttar beint, eða eftir að hafa verið undir tímabundnu tolleftriliti, úr einu flutningatæki í annað;

iv) hafa fengið hitameðhöndlun í loftþéttum slátum með Fo-gildi 3,00 eða meira, ef magnið er ekki meira en það sem er ákveðið í samræmi við 3. mgr., og:

a) eru hluti af persónulegum farangri ferðamanna og ætlaðar til einkaneyslu þeirra;

b) eru sendar í litlum pakkningum til einstaklinga, að því tilskildu að innflutningur þessarar afurða sé ekki viðskiptalegs eðlis.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki hafa áhrif á reglur um nýtt kjöt og kjötafurðir í samræmi við 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 72/462/EBE.

3. Í samræmi við málsmeðferð 24. gr. skal framkvæmdastjórnin ákveða þyngdarmörk fyrir mismunandi afurðir sem kunna að falla undir undanþágur 1. mgr.

15. gr.

Með fyrirvara um ákvæði þessa kafla skal opinber dýralæknir eða lögbært yfirvald annast það dýraheilbrigðiseftirlit sem telst viðeigandi ef grunur leikur á að ekki sé farið að dýralækningalöggjöfinni eða vafi leikur á sannkennslum afurðar.

16. gr.

1. Ef lögbært yfirvald kemst að raun um að afurðin uppfylli ekki kröfur, sem mælt er fyrir um í reglum bandalagsins eða innlendum reglum, á sviðum sem enn hafa ekki verið samhæfð í bandalaginu eða ef eftirlitið leiðir í ljós vanrækslu, skal lögbæra yfirvaldið í samráði við innflytjanda eða fulltrúa hans annaðhvort:

- a) ákveða að sendingin skuli endursend frá þeim yfirráðasvæðum sem um getur í I. viðauka, innan þeirra tíma-marka sem lögbær innlend yfirvöld setja, svo framarlega sem slíkt samræmist ákvæðum um dýraheilbrigðissskóðanir og dýraheilbrigði.

Í því tilviki skal opinber dýralæknir á landamærastöðvinnu:

- tilkynna öðrum skóðunarstöðvum á landamærum, í samræmi við 5. mgr., að sendingunni hafi verið vísað frá, og gera grein fyrir þeim brotum sem komið hafa í ljós;
- samkvæmt fyrirkomulagi sem framkvæmdastjórnin skilgreinir í samræmi við málsmeðferð 24. gr., ógilda það dýraheilbrigðisvottorð eða skjal sem fylgir sendingunni sem var vísað frá;
- með millibili sem framkvæmdastjórnin ákveður, veita upplýsingar fyrir milligöngu lögbærra stjórnvalda um það í hverju brotin eru fólgin og hversu oft þau hafa átt sér stað;

- b) eða, ef endursending er óframkvæmanleg, ákveða að farga sendingunni á yfirráðasvæði þess aðildarríkis þar sem eftirlitið fór fram.

2. Með fyrirvara um þá valkosti sem kveðið er á um í þriðju undirgrein 5. mgr. 24. gr. tilskipunar 72/462/EBE og fyrsta undirlíð b-liðar 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 90/425/EBE, er unnt að veita undanþágur frá ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar í samræmi við málsmeðferð 24. gr., meðal annars til að heimila að afurðir séu notaðar í öðrum tilgangi en til manneldis. Á grundvelli slíkra undanþága og með sömu málsmeðferð ber að samþykkja skilyrði um notkun viðkomandi afurða.

3. Innflytjandi eða fulltrúi hans skulu vera ábyrgir fyrir kostnaði sem stofnað er til við endursendingu eða förgun sendingarinnar eða nýtingu afurðarinnar í öðrum tilgangi.

4. Ef nauðsyn ber til skal samþykkja nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 24. gr.

5. Ákvæði um miðlun upplýsinga til aðildarríkjanna verða samþykkt á grundvelli áætlunar um tölvuskráningu dýraheilbrigðisreglna um innflutning (SHIFT-áætlunin),

6. Lögbær yfirvöld skulu, eftir atvikum, afhenda framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum allar upplýsingar sem þau hafa yfir að ráða, í samræmi við tilskipun ráðsins 89/608/EBE frá 21. nóvember 1989 um gagnkvæma aðstoð stjórnvalda í aðildarríkjunum og samvinnu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar til að tryggja rétta beitingu löggjafar um heilbrigði dýra og dýrarækt ⁽¹⁾.

17. gr.

Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferð 24. gr. og á grundvelli áætlana sem um getur í annarri málsgrein, samþykkja reglur um innflutning til tiltekinn hluta yfirráðasvæðanna sem um getur í I. viðauka, í því skyni að taka tillit til sérstakra náttúrulegra takmarkana þessara yfirráðasvæða, einkum fjarlægðar þeirra frá meginlandssvæði bandalagsins.

Með hliðsjón af þessu, og eigi síðar en 1. júlí 1991, leggja lýðveldið Frakkland og lýðveldið Grikkland áætlun fyrir framkvæmdastjórnina þar sem tilgreint er hvers konar eftirlit skuli haft með innflutningi á afurðum, upprunnum í þriðju löndum, til frönsku umdæmanna erlendis og tiltekinn eyja og eyjaklasa með tilliti til sérstakra náttúrulegra og landfræðilegra takmarkana þessara yfirráðasvæða.

Í þessum áætlunum skal tilgreina hvaða eftirlit eigi að koma í veg fyrir að afurðir sem eru fluttar inn á þessi yfirráðasvæði verði við einhverjar aðstæður endursendar til annarra hluta yfirráðasvæða bandalagsins.

18. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferð 24. gr., semja skrá yfir plöntuafurðir sem falla undir annan undirlíð a-liðar 2. mgr. 2. gr. og kunna, einkum með tilliti til síðari viðtökustaðar þeirra, að leiða til hættu á útbreiðslu smitsjúkdóma og skulu þess vegna settar undir dýraheilbrigðiseftirlitið sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, einkum það sem kveðið er á um í 4. gr., svo að unnt sé að staðfesta uppruna- og fyrrihugaðan viðtökustað slíkra plöntuafurða.

Með sömu málsmeðferð skal samþykkja eftirfarandi:

- þau dýraheilbrigðisskilyrði sem þriðju lönd skulu uppfylla og þær ábyrgðir sem ber að veita, einkum hvers konar vinnslu skuli fyrirskipa í ljósi aðstæðna á sviði dýraheilbrigðis í löndum þeirra,
- skrá yfir þriðju lönd sem mega, í ljósi þessara ábyrgða, fá leyfi til að flytja út plöntuafurðirnar, sem um getur í fyrstu málsgrein, til bandalagsins,

⁽¹⁾ Stjórn. EB nr. L 351, 2. 12. 1989, bls. 34.

— sérstakar skoðunarreglur sem kunna að vera nauðsynlegar, sér í lagi um sýnatöku úr þessum afurðum, einkum þegar innflutningur er í lausri vigt.

2. Þar til búið er að samþykkja bandalagsreglur um innflutning þessara afurða er framkvæmdastjórninni heimilt, í samræmi við málsmeðferð 24. gr., að víkka út reglurnar um dýraheilbrigðisskoðanir sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, þannig að þær nái til aukaafurða úr dýraríkinu sem ekki falla undir II. viðauka sáttmálans, með því að setja sérstök tiltekin viðmið sem farið skal eftir við dýraheilbrigðiseftirlit vegna þessara afurða.

3. Nýr fiskur sem þegar í stað er landað úr skipi sem siglir undir fána þriðja ríkis skal, áður en hann er fluttur inn til notkunar á yfirráðasvæði sem er skilgreint í I. viðauka, settur undir eftirlitið sem mælt er fyrir um að því er varðar fisk sem er landað þegar í stað úr skipum sem sigla undir fánum aðildarríkja bandalagsins.

4. Í samræmi við málsmeðferð 24. gr. er heimilt að veita undanþágur frá ákvæðum 9. gr. og, að því er varðar starfsmenn sem eiga að framfylgja eftirlitinu, ákvæðum 2. mgr. 8. gr. fyrir hafnir þar sem fiski er landað.

II. KAFLI

ÖRYGGISÁKVÆÐI

19. gr.

1. Ef sjúkdómur sem um getur í tilskipun 82/894/EBE ⁽¹⁾, dýrasjúkdómur sem einnig getur lagst á menn, annar sjúkdómur eða annað sem kann að stofna heilbrigði dýra eða manna í alvarlega hættu kemur upp eða breiðist út á yfirráðasvæði þriðja lands, eða ef einhver önnur alvarleg ástæða er varðar heilbrigði dýra og manna réttlætir slíkt, einkum með tilliti til niðurstaðna úr eftirliti dýraheilbrigðissérfræðinga á vegum framkvæmdastjórnarinnar, er framkvæmdastjórninni heimilt, að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis, að gera þegar í stað eina af eftirfarandi ráðstöfunum eftir því hve alvarlegt ástandið er:

— fella um tíma niður innflutning frá viðkomandi þriðja landi eða hluta þess og, eftir atvikum, frá umflutningslandi sem er þriðja land,

— setja sérstök skilyrði um innflutning frá viðkomandi þriðja landi eða hluta þess.

2. Ef eftirlit sem kveðið er á um í þessari tilskipun leiðir í ljós að sending afurða kunni að stofna heilbrigði dýra eða manna í hættu skulu lögbær dýraheilbrigðisyfirvöld þegar í stað gera eftirfarandi ráðstafanir:

— leggja hald á og farga sendingunni,

— þegar í stað tilkynna öðrum skoðunarstöðvum á landamærum og framkvæmdastjórninni um niðurstöðurnar og uppruna afurðanna, í samræmi við 5. mgr. 16. gr.

3. Í því tilviki sem kveðið er á um í 1. mgr. er framkvæmdastjórninni heimilt að gera tímabundnar vemdarráðstafanir vegna afurða er heyra undir 12. gr.

4. Fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar er heimilt að heimsækja viðkomandi þriðja land þegar í stað.

5. Ef aðildarríki tilkynnir framkvæmdastjórninni opinberlega að þörf sé á að gera vemdarráðstafanir vegna afurða sem falla ekki undir samhæfðar innflutningsreglur, og framkvæmdastjórnin hefur ekki beitt ákvæðum 1. og 3. mgr. eða vísað málinu til fastanefndarinnar um dýraheilbrigði í samræmi við 6. mgr., er aðildarríkinu heimilt að gera tímabundnar vemdarráðstafanir vegna viðkomandi afurða.

Ef aðildarríki gerir tímabundnar vemdarráðstafanir gagnvart þriðja landi eða starfsstöð í þriðja landi samkvæmt skilmálum þessarar greinar skal það tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um það í samræmi við 5. mgr. 16. gr.

6. Framkvæmdastjórnin skal þegar í stað láta fastanefndina um dýraheilbrigði kanna ástandið. Henni er heimilt að samþykkja nauðsynlegar ákvarðanir samkvæmt málsmeðferð 23. gr., þar með talið ákvarðanir sem tengjast flutningi afurða innan bandalagsins og umflutningi.

7. Ákvarðanir um að breyta, fella úr gildi eða framlengja ráðstafanir sem eru gerðar með skírskotun til 1., 2., 3. og 6. mgr. skulu teknar í samræmi við málsmeðferð 23. gr.

8. Ef nauðsyn ber til skal samþykkja nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 24. gr.

III. KAFLI

SKOÐUN

20. gr.

1. Dýraheilbrigðissérfræðingum á vegum framkvæmdastjórnarinnar er heimilt, í samvinnu við lögbær innlend yfirvöld og að því marki sem er nauðsynlegt fyrir samræmi í beitingu á kröfum þessarar tilskipunar, að ganga úr skugga um að skoðunarstöðvar á landamærum, sem eru viðurkenndar í samræmi við 9. gr., uppfylli skilyrðin sem eru talin upp í II. viðauka.

2. Dýraheilbrigðissérfræðingum á vegum framkvæmdastjórnarinnar er heimilt, í samvinnu við lögbær innlend yfirvöld, að annast eftirlit á staðnum.

⁽¹⁾ Stjórn. EB nr. L 378, 31. 12. 1982, bls. 58.

3. Þegar skoðun fer fram á yfirráðasvæði aðildarríkis skal það aðildarríki veita dýraheilbrigðissérfræðingum á vegum framkvæmdastjórnarinnar alla þá aðstoð sem er nauðsynleg til að þeir geti unnið verk sitt.

4. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna aðildarríkjunum um niðurstöður eftirlits.

5. Framkvæmdastjórnin skal láta fastanefndina um dýraheilbrigði kanna aðstæður ef hún telur að niðurstaða eftirlits réttlæti síft. Henni er heimilt að samþykkja nauðsynlegar ákvarðanir í samræmi við málsmeðferð 23. gr.

6. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með framvindu mála. Í ljósi þeirrar framvindu og í samræmi við málsmeðferð 23. gr. er henni heimilt að breyta eða fella úr gildi þær ákvarðanir sem um getur í 5. mgr.

7. Ef nauðsyn ber til skal samþykkja nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 24. gr.

21. gr.

1. Ef lögbært yfirvald aðildarríkis telur, á grundvelli eftirlits sem fer fram á þeim stað þar sem á að markaðssetja afurðimar, að brotið sé í bága við ákvæði þessarar tilskipunar á skoðunarstöð á landamærum, komustað sem um getur í i-lið 2. mgr. 4. gr., í frfhöfn, á tollfrjálsum svæði sem um getur í 5. gr. eða í tollfrjálstri vörugeymslu, sem um getur í 6. gr., í öðru aðildarríki skuli þau þegar í stað gera lögbærum stjórnvöldum þess aðildarríkis viðvart.

Lögbæra stjórnvaldið skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir og tilkynna lögbæra yfirvaldinu í fyrrnefnda aðildarríkinu um það eftirlit sem hefur farið fram, þær ákvarðanir sem hafa verið teknar og rökin fyrir þeim.

Ef lögbært yfirvald fyrrnefnda aðildarríkisins telur ráðstafanirnar ófullnægjandi skal það, ásamt lögbæru yfirvaldi hlutaðeigandi aðildarríkis, leita leiða til að bæta ástandið, ef nauðsyn ber til með því að heimsækja hlutaðeigandi aðildarríki.

Ef eftirlitið sem um getur í fyrstu undirgrein leiðir í ljós að ítrekað er brotið í bága við ákvæði þessarar tilskipunar skal lögbært yfirvald viðtökuaðildarríkis tilkynna það framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja.

Framkvæmdastjórninni er heimilt, að beiðni lögbærs yfirvalds viðtökuaðildarríkis eða að eigin frumkvæði og að teknu tilliti til þess hvers eðlis meinta brotið er:

— að senda skoðunarhóp til hlutaðeigandi aðildarríkis í samvinnu við lögbær innlend yfirvöld,

— að biðja lögbært yfirvald að efla eftirlitið sem fer fram á viðkomandi skoðunarstöð á landamærum, komustað, frfhöfn, tollfrjálsum svæði eða tollfrjálstri vörugeymslu.

Þar til niðurstöður framkvæmdastjórnarinnar liggja fyrir skal hlutaðeigandi aðildarríki, að beiðni viðtökuaðildarríkis, efla eftirlit á viðkomandi skoðunarstöð á landamærum, komustað, frfhöfn, tollfrjálsum svæði eða tollfrjálstri vörugeymslu.

Viðtökuaðildarríkinu er að sínu leyti heimilt að efla eftirlit með afurðum sem koma frá þessum upprunastöðum.

Að beiðni eins eða tveggja hlutaðeigandi aðildarríkja skal framkvæmdastjórnin, ef skoðunin sem um getur í fyrsta undirlit fjórðu undirgreinar staðfestir brotið, gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við málsmeðferð 23. gr. Þessar ráðstafanir ber að staðfesta eða endurskoða eins skjótt og auðið er í samræmi við sömu málsmeðferð.

2. Ákvæði þessarar tilskipunar skulu ekki hafa áhrif á rétt samkvæmt gildandi lögum aðildarríkis til að áfrýja ákvörðunum lögbærra yfirvalda.

Ákvarðanir sem lögbær yfirvöld taka, og rökin fyrir slíkum ákvörðunum, ber að tilkynna rekstraraðilanum sem þessar ákvarðanir varða, eða fulltrúa hans.

Að beiðni viðkomandi rekstraraðila eða fulltrúi hans skal honum tilkynnt skriflega um umræddar ákvarðanir og rökin fyrir þeim ásamt nákvæmum upplýsingum um áfrýjunarrétt hans samkvæmt gildandi lögum aðildarríkisins sem annast eftirlitið og um málsmeðferð og frest til að leggja fram kvörtun.

3. Samþykkja skal nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar samkvæmt málsmeðferðinni í 24. gr.

22. gr.

1. Hvert aðildarríki skal gera áætlun um skipti á embættismönnum sem eru tilnefndir til að annast eftirlit með vörum frá þriðju löndum.

2. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu samræma áætlanimar sem um getur í 1. mgr. innan fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

3. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framfylgja áætlunum sem byggjast á samræmingunni sem um getur í 2. mgr.

4. Ár hvert, á grundvelli skýrslna frá aðildarríkjunum, skal fastanefndin um dýraheilbrigði endurskoða framkvæmd áætlana.

5. Aðildarríkin skulu taka tillit til þeirrar reynslu sem þau hafa aflað sér, í því skyni að bæta og þróa skiptiáætlunir.

6. Heimilt er að bandalagið veiti fé til að stuðla að þróun skiptiáætlana. Í tilskipun ráðsins 90/424/EBE frá 26. júní

1990 um útgjöld á sviði dýraheilbrigðismála ⁽¹⁾ eru settar nákvæmar reglur um fjárframlag bandalagsins og þá fjárhæð sem áætlað er að komi á fjárlög þess.

7. Ef nauðsyn ber til skal samþykkja nákvæmar reglur um beitingu 1., 4. og 5. mgr. samkvæmt málsmeðferðinni í 24. gr.

IV. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

23. gr.

Þegar vísað er til málsmeðferðarinnar sem kveðið er á um í þessari grein skal fastanefndin um dýraheilbrigði, sem komið var á fót með ákvörðun 68/361/EBE ⁽²⁾, taka ákvarðanir í samræmi við reglurnar í 17. gr. tilskipunar 89/662/EBE.

24. gr.

Þegar vísað er til málsmeðferðarinnar sem kveðið er á um í þessari grein skal fastanefndin um dýraheilbrigði taka ákvarðanir í samræmi við reglurnar í 18. gr. tilskipunar 89/662/EBE.

25. gr.

Heimilt er að auka við II. viðauka þessarar tilskipunar í samræmi við málsmeðferð 24. gr.

26. gr.

Ákvæði þessarar tilskipunar hafa ekki áhrif á skuldbindingar sem grundvallast á tollákvæðum.

27. gr.

Ákvæði 23. gr. tilskipunar 72/462/EBE falli hér með niður. Þar til ákvarðanir sem kveðið er á um í 6. mgr. 4. gr. hafa verið teknar gilda þau ákvæði sem eru sett samkvæmt 23. gr. tilskipunar 72/462/EBE.

28. gr.

Í stað 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 89/662/EBE komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu sjá til þess, við eftirlit sem fer fram á stöðum þar sem heimilt er að flytja afurðir frá þriðju löndum inn á yfirráðasvæðin sem eru skilgreind í I. viðauka tilskipunar 90/675/EBE^(*), svo sem höfnum,

⁽¹⁾ Stjórnartíð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 19.

⁽²⁾ Stjórnartíð. EB nr. L 255, 18. 10. 1968, bls. 23.

flugvöllum og skoðunarstöðvum á landamærum sem liggja að þriðju löndum:

- a) að fram fari skjalasannprófun á uppruna afurðanna;
- b) að afurðir sem eru upprunnar í bandalaginu heyri undir reglur um eftirlit sem kveðið er á um í 5. gr.;
- c) að afurðir frá þriðju löndum heyri undir reglurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 90/675/EBE.

(*) Stjórnartíð. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1.“

29. gr.

Í stað 7. gr. tilskipunar 90/425/EBE komi eftirfarandi:

„7. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess, við eftirlit sem fer fram á stöðum þar sem heimilt er að flytja dýr og afurðir, sem um getur í 1. gr., frá þriðju löndum inn á yfirráðasvæðin sem um getur í I. viðauka tilskipunar 90/675/EBE^(*), svo sem höfnum, flugvöllum og skoðunarstöðvum á landamærum sem liggja að þriðju löndum:

- a) að vottorð eða skjöl sem fylgja dýrum og afurðum séu skoðuð;
- b) að afurðir frá þriðju löndum heyri undir reglurnar í tilskipun 90/675/EBE;
- c) að dýr sem eru flutt inn frá þriðju löndum séu send undir tolf eftirliti til skoðunarstöðvar á landamærum til að þar geti farið fram dýraheilbrigðiseftirlit. Ekki er unnt að tollafgreiða dýrin sem um getur í viðauka A nema eftirlitið sýni að þau samræmast reglum bandalagsins;
- d) að dýr og afurðir frá bandalaginu heyri undir eftirlitsreglurnar sem mælt er fyrir um í 5. mgr.

2. Dýrin skulu flutt beint inn á yfirráðasvæði bandalagsins um eina af skoðunarstöðvunum á landamærum aðildarríkisins sem hyggst flytja þau inn og skoðuð þar í samræmi við b-lið 1. mgr.

Aðildarríki sem flytja inn dýr frá þriðju löndum á grundvelli innlendra dýraheilbrigðisreglna skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum, einkum umflutningsaðildarríkjunum, um þennan innflutning og þau skilyrði sem þau setja um slíkan innflutning.

Viðtökuaðildarríki skal banna að dýr séu send áfram frá yfirráðasvæði þeirra hafi þau ekki verið þar í tiltekinn tíma sem mælt er fyrir um í sérstökum bandalagsreglum, nema þau séu send áfram, án um-

flutnings, til annars aðildarríkis sem notfærir sér þennan sama möguleika.

Samt sem áður er heimilt, þar til bandalagsreglurnar hafa verið samþykktar, að flytja þessi dýr inn á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en þess sem um getur í annarri undirgrein, eftir að það aðildarríki og, ef við á, umflutningsaðildarríki hafa fyrirfram samþykkt eftirlitsfyrirkomulagið. Aðildarríkin skulu, innan fastanefndarinnar um dýraheilbrigði, tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um beitingu þessarar undanþáguákvæða og það eftirlitsfyrirkomulag sem er samþykkt.

3. Frá 1. janúar 1993 og þrátt fyrir 1. mgr. skulu þó öll dýr og afurðir, sem eru flutt með flutningatæki sem tengir saman tvo landfræðilega aðgreinda staði í bandalaginu með reglulegum og beinum hætti, heyrja undir eftirlitsreglurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr.

(*) Stjtið. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1.“

30. gr.

Í samræmi við málsmeðferð 24. gr. er framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja til þriggja ára þær aðlögunarráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að auðvelda breytinguna yfir í nýja eftirlitsfyrirkomulagið sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

31. gr.

Aðildarríkjunum er heimilt að nýta sér fjárhagsaðstoð bandalagsins sem kveðið er á um í 38. gr. tilskipunar 90/424/EBE vegna framkvæmdar þessarar tilskipunar.

32. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1991. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Samþykkja skal nákvæmar reglur um beitingu þessarar tilskipunar, einkum 3. mgr. 8. gr., og taka upp SHIFT-áætlunina eigi síðar en 31. desember 1991.

Ef það næst ekki fyrir daginn sem um getur í fyrri undirgrein skal gera aðlögunarráðstafanir sem kveðið er á um í 30. gr. fyrir þann dag.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli sem um getur í 1. mgr. skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

33. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. desember 1990.

Fyrir hönd ráðsins,

V. SACCOMANDI

forseti.

I. VÍÐAUKI

1. Yfirlýðing Konungsríkisins Belgíu.
2. Yfirlýðing Konungsríkisins Danmerkur, nema Færeyjar og Grænland.
3. Yfirlýðing Sambandslýðveldisins Þýskalands.
4. Yfirlýðing Konungsríkisins Spánnar, nema Kanaríeyjar, Ceuta og Melilla.
5. Yfirlýðing Lýðveldisins Grikklands.
6. Yfirlýðing Lýðveldisins Frakklands.
7. Yfirlýðing Írlands.
8. Yfirlýðing Lýðveldisins Ítalíu.
9. Yfirlýðing Stórhertogadæmisins Lúxemborgar.
10. Evrópskt yfirlýðing Konungsríkisins Hollands.
11. Yfirlýðing Lýðveldisins Portúgals.
12. Yfirlýðing Hins Sameinaða Konungsríkis Stóra-Bretlands og Írlands.

II. VIÐAUKI

Til að hljóta EBE-viðurkenningu skulu skoðunarstöðvar á landamærum hafa á að skipa:

- þeim starfsmönnum sem eru nauðsynlegir til að sannprófa skjölin (heilbrigðis- og dýraheilbrigðisvottorð eða önnur skjöl sem mælt er fyrir um í löggjöf bandalagsins) sem fylgja afurðunum,
 - nógu mörgum dýralæknum og sérþjálfuðum aðstoðarmönnum til að þeir geti, með tilliti til þess magns afurða sem er afgreitt á viðkomandi skoðunarstöð á landamærum, sannprófað samræmi á milli afurðanna og skjalanna sem fylgja þeim og haft kerfisbundið eftirlit með ástandi hvernar sendingar,
 - nógu mörgum starfsmönnum til að taka slembisýni úr sendingum afurða, sem er framvísað á tiltekinni skoðunarstöð á landamærum, og vinna úr sýnunum,
 - nógu rúmgóðu húsnæði fyrir starfsmennina sem annast dýraheilbrigðiseftirlitið,
 - húsnæði og aðstöðu sem hentar fyrir sýnatöku og úrvinnslu sýna í tengslum við kerfisbundna eftirlitið sem mælt er fyrir um í bandalagsreglum (örverufræðilegir staðlar),
 - rannsóknarstofu með sérhæfða þjónustu nálægt viðkomandi skoðunarstöð á landamærum þar sem unnt er að gera sérstök próf á sýnunum sem eru tekin á þeirri stöð,
 - húsnæði og kæligeymslum þar sem unnt er að geyma hluta sendinga sem eru teknir til prófunar og afurðir sem opinberi dýralæknirinn sem ber ábyrgð á viðkomandi skoðunarstöð á landamærum hefur ekki enn gefið leyfi til að verði settar í frjálssa dreifingu,
 - viðeigandi búnaði fyrir hröð upplýsingaskipti, einkum við aðrar skoðunarstöðvar á landamærum (frá 1. janúar 1993 með tölvukerfinu sem kveðið er á um í 20. gr. tilskipunar 90/425/EBE eða SHIFT-áætluninni).
-

TILSKIPUN RÁÐSINS 96/43/EB

frá 26. júní 1996

um breytingu og samanfellingu á tilskipun 85/73/EBE í því skyni að tryggja fjármögnun á dýraheilbrigðisskoðunum og -eftirliti með dýrum á fæti og tilteknum dýraafurðum og um breytingu á tilskipunum 90/675/EBE og 91/496/EBE

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

fara fram í sendingaraðildarráttum með dýrum á fæti og dýraafurðum.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Dýr á fæti og dýraafurðir eru taldar upp í vörulistanum í II. viðauka við sáttmálann. Þessi dýr og dýraafurðir eru tekjulind fyrir hluta bændastéttarinnar.

Með tilskipun ráðsins 85/73/EBE frá 29. janúar 1985 um fjármögnun á dýraheilbrigðisskoðunum og -eftirliti með dýraafurðum, sem fellur undir viðauka A við tilskipun 89/662/EBE og tilskipun 90/675/EBE ⁽⁴⁾, eru settar meginreglur um gjaldtöku fyrir slíkt eftirlit.

Með tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽⁵⁾, eru meðal annars sett ákvæði um dýraheilbrigðiseftirlit sem á að

Með tilskipun ráðsins 90/675/EBE frá 10. desember 1990 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum ⁽⁶⁾, og tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem flutt eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum og um breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE ⁽⁷⁾, eru meðal annars sett ákvæði um sannpröfun skjala og auðkenna og eftirlit með ástandi dýra frá þriðju löndum.

Dýraheilbrigðiseftirlit er fjármagnað með ýmsu móti í aðildarráttunum, meðal annars með gjaldtöku sem þó kann að vera breytileg. Mismunurinn kann að hafa áhrif á samkeppnisstyrki fyrir afurðir sem að mestu leyti falla undir sameiginlegt markaðsskipulag.

Ef lögð eru mismunandi gjöld á atvinnurekendur, við innflutning dýra á fæti til landa bandalagsins frá þriðju löndum, getur það leitt til þess að viðskiptunum verði beint annað.

Til að koma í veg fyrir slíkt ber að setja samhæfð ákvæði um fjármögnun á skoðunum og eftirliti.

Opinber yfirvöld bera ábyrgð á því að skoðanimar og eftirlitið fari fram. Samt sem áður ber að tryggja fjármögnun

⁽¹⁾ Stjtuð. EB nr. C 219, 3. 8. 1993, bls. 15.⁽²⁾ Stjtuð. EB nr. C 315, 22. 11. 1993, bls. 630.⁽³⁾ Stjtuð. EB nr. C 34, 2. 4. 1994, bls. 23.⁽⁴⁾ Stjtuð. EB nr. L 32, 5. 2. 1985, bls. 14. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/17/EB (Stjtuð. EB nr. L 78, 28. 3. 1996, bls. 30).⁽⁵⁾ Stjtuð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 29. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/118/EBE (Stjtuð. EB nr. L 62, 15. 3. 1993, bls. 49).⁽⁶⁾ Stjtuð. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 95/52/EB (Stjtuð. EB nr. L 265, 8. 11. 1995, bls. 16).⁽⁷⁾ Stjtuð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 56. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun 92/438/EBE (Stjtuð. EB nr. L 243, 25. 8. 1992, bls. 27).

skoðana og eftirlits með því að heimta gjald af atvinnurekendum.

dýraheilbrigðisábyrgða verða gerðir.

Tilskipanir ráðsins 90/675/EBE og 91/496/EBE ber að laga að þessum meginreglum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA,

1. gr.

Nauðsynlegt er að kveða á um fjármögnun eftirlits sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 96/23/EB frá 29. apríl 1996 um eftirlitsráðstafanir vegna tiltekinnna efna og efnaleifa í dýrum á fæti og dýraafurðum og um niðurfellingu tilskipana 85/358/EBE og 86/496/EBE og ákvarðana 89/187/EBE og 91/664/EBE ⁽¹⁾.

Í stað yfirskriftar, greina og viðauka tilskipunar 85/73/EBE komi viðaukinn við þessa tilskipun.

2. gr.

Einnig skulu fara fram tæknilegar aðlaganir á viðaukum við tilskipun 85/73/EBE svo að unnt sé að taka tillit til þeirrar reynslu sem fengist hefur.

1. Í ii-lið 3. gr. tilskipunar 90/675/EBE komi orðin „sem kveðið er á um í tilskipun 96/23/EB(*)“ í fyrstu línu á eftir „ii) að búið sé að greiða fyrir dýraheilbrigðiseftirlitið“ og á undan „og, ef við á, að...“.

Enn fremur skal setja nákvæmar reglur um fjármögnun á dýraheilbrigðisskoðunum á öðrum afurðum úr dýraríkinu en kjöti sem um getur í tilskipunum 64/433/EBE ⁽²⁾, 71/118/EBE ⁽³⁾ og 72/462/EBE ⁽⁴⁾.

„(*) Stjttð. EB nr. L 125, 23. 5. 1996, bls. 10.“

2. Ákvæði 15. gr. tilskipunar 91/496/EBE verði svohljóðandi:

„15. gr.

Til að tryggja að eftirlitskerfið með fiskafurðum sé rekið af hagkvæmni, og til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni í þessum geira, skal setja slíkar nákvæmar reglur um fiskafurðir sem falla undir tilskipun ráðsins 91/493/EBE frá 22. júlí 1991 um hollustuhætti við framleiðslu og markaðssetningu fiskafurða ⁽⁵⁾.

Aðildarríkin skulu innheimta gjald fyrir heilbrigðiseftirlit við innflutning dýra sem um getur í þessari tilskipun, í samræmi við tilskipun 96/23/EB(*)).

Reglur skulu taka mið af sérstökum eiginleikum fiskafurða og þess hvers eðlis eftirlitið sem kveðið er á um í tilskipun 91/493/EBE er og mikilvægi þess að gjöld séu fastákveðin í bandalaginu vegna samkeppnisreglna.

(*) Stjttð. EB nr. L 125, 23. 5. 1996, bls. 10.“

3. gr.

Þetta fyrirkomulag skal ekki taka til fiskafurða ef markaðssetning þeirra fellur ekki undir ákvæði tilskipunar 91/493/EBE.

Eigi síðar en 1. janúar 1999 skal ráðið endurskoða þessa tilskipun á grundvelli skýrslu framkvæmdastjórnarinnar, og tillagna ef svo ber undir.

4. gr.

Að því er varðar afurðir úr dýraríkinu frá þriðju löndum ber að hafa hliðsjón af þeim degi þegar samningar um jafngildi

1. Aðildarríkin skulu samþykkja lög og stjórnsýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að:

⁽¹⁾ Stjttð. EB nr. L 125, 23. 5. 1996, bls. 10.

⁽²⁾ Stjttð. EB nr. 121, 29. 7. 1964, bls. 2012/64. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/5/EBE (Stjttð. EB nr. L 57, 2. 3. 1992, bls. 1).

⁽³⁾ Stjttð. EB nr. L 55, 8. 3. 1971, bls. 23. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/116/EBE (Stjttð. EB nr. L 62, 15. 3. 1993, bls. 1).

⁽⁴⁾ Stjttð. EB nr. L 302, 31.12.1972, bls. 28. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 1601/92 (Stjttð. EB nr. L 173, 27. 6. 1992, bls. 13).

⁽⁵⁾ Stjttð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 15.

i) ákvæðum 7. gr. og e-liðar I. mgr. I. kafla viðauka A eigi síðar en 1. júlí 1996;

ii) ákvæðum II. kafla II. þáttar III. kafla viðauka A og II. kafla viðauka C eigi síðar en 1. janúar 1997;

iii) öðrum breytingum eigi síðar en 1. júlí 1997.

5. gr.

Aðildarríkin skulu fá lengri frest, sem rennur út eigi síðar en 1. júlí 1999, til að fara að ákvæðum I. þáttar III. kafla viðauka A.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

6. gr.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 26. júní 1996.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um mál-efni sem tilskipun þessi nær til.

Fyrir hönd ráðsins,

M. PINTO

forseti.

VIÐAUKI

TILSKIPUN RÁÐSINS 85/73/EBE

frá 29. janúar 1985

um fjármögnun á dýraheilbrigðisskoðunum og -eftirliti sem fellur undir tilskipanir
89/662/EBE, 90/425/EBE, 90/675/EBE og 91/496/EBE

(breytt og samsteypt)

1. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess, í samræmi við fyrirkomulagið sem mælt er fyrir um í viðauka A, að bandalagsgjald sé innheimt fyrir kostnaði við skoðanir á og eftirlit með afurðunum sem eru taldar upp í þeim viðauka, þar með talið skoðanir og eftirlit sem fer fram í því skyni að tryggja vernd dýra í sláturhúsum í samræmi við kröfur tilskipunar 93/119/EBE.

2. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess, í samræmi við fyrirkomulagið sem mælt er fyrir um í viðauka B, að bandalagsgjald sé innheimt fyrir kostnaði við skoðanir og eftirlit sem kveðið er á um í tilskipun 96/23/EB⁽¹⁾.

3. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess, í samræmi við fyrirkomulagið sem mælt er fyrir um í viðauka C, að bandalagsgjald sé innheimt fyrir kostnaði við skoðanir á og eftirlit með þeim dýrum á fæti sem eru talin upp í þeim viðauka.

4. gr.

1. Þar til ákvæðin um bandalagsgjöld hafa verið samþykkt skulu aðildarríkin tryggja fjármögnun á skoðunum og eftirliti sem ekki falla undir 1., 2. og 3. gr.

2. Að því er varðar 1. mgr. er aðildarríkjum heimilt að innheimta innlend gjöld í samræmi við þær meginreglur sem eru samþykktar um bandalagsgjöld.

5. gr.

1. Bandalagsgjöld skulu ákveðin þannig að þau nægi fyrir kostnaði lögbærra yfirvalda í tengslum við:

⁽¹⁾ Stjóð. EB nr. L 125, 23. 5. 1996, bls. 10.

— launagreiðslur og kostnað við almannatryggingar í tengslum við eftirlitsþjónustuna,

— stjórnunarkostnað í tengslum við eftirlit og skoðanir, þar með er heimilt að telja útgjöld sem eru nauðsynleg vegna starfsþjálfunar skoðunarmanna,

vegna eftirlits og skoðana sem um getur í 1., 2. og 3. gr.

2. Ekki skal leyfa neina endurgreiðslu gjalda, hvorki beina né óbeina, sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Þó telst sá möguleiki að aðildarríki styðjist í einstökum tilvikum við fastákveðna meðaltalið, sem kveðið er á um í viðaukum A, B og C, ekki til óbeinnar endurgreiðslu.

3. Aðildarríki skal vera heimilt að innheimta hærri fjárhæð en sem nemur bandalagsgjöldum, svo framarlega sem heildargjöldin sem aðildarríkið innheimtir eru ekki hærri en raunkostnaður við skoðun.

4. Með fyrirvara um tilnefningu á því yfirvaldi sem hefur heimild til að innheimta bandalagsgjöld skulu gjöldin koma í staðinn fyrir allan annan kostnað eða gjöld vegna heilbrigðisskoðunar sem ríkisstjórnir, héraðs- eða sveitarstjórnir aðildarríkja leggja á vegna skoðana og eftirlits, sem um getur í 1., 2. og 3. gr., og útgáfu vottorða þar að lútandi.

Þessi tilskipun skal ekki koma í veg fyrir að aðildarríki innheimti gjöld til að berjast gegn smitsjúkdómum dýra.

6. gr.

1. Aðildarríkin skulu með jöfnu millibili senda framkvæmdastjórninni

— upplýsingar um skiptingu og notkun bandalagsgjalda; þau verða að geta fært rök fyrir útreikningsaðferðunum,

— upplýsingar um umreikningssengið, sem er samþykkt á hverju ári í samræmi við 7. gr.,

— upplýsingar um staðinn eða staðina þar sem gjöld bandalagsins eru innheimt, ásamt nauðsynlegum gögnum.

2. Sem liður í því eftirliti á staðnum sem framkvæmdastjórnin annast er henni heimilt, að höfðu samráði við lögber innlend yfirvöld, að fylgjast með því hvernig beitingu ákvæða þessarar tilskipunar er háttað.

3. Ef aðildarríki álitur að eftirlit í öðru aðildarríki fari ekki fram með réttum hætti og að gjöldin sem kveðið er á um í þessari tilskipun nægi ekki eða nægi ekki fyllilega fyrir kostnaði við eftirlitið, skal því vera heimilt að beita viðkomandi ákvæðum tilskipunar 89/608/EBE, einkum 10. og 11. gr.

7. gr.

1. Umreikningsgengi fjárhæða í ECU, sem eru tilgreindar í þessari tilskipun, yfir í innlendan gjaldmiðil skal vera það gengi sem er birt árlega í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna* á fyrsta virkum degi septembermánaðar.

Gjaldið tekur gildi frá 1. janúar á næstkomandi ári.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr.:

— skulu aðildarríkin nota fyrir árið 1994 umreikningsgengið sem var í gildi 1. september 1992,

— skulu aðildarríkin nota fyrir árin 1995 – 1998 meðaltal umreikningsgengisins sem er birt í samræmi við 1. mgr. fyrir næstu þrjú ár á undan.

8. gr.

Ráðinu er heimilt, með auknum meirihluta og að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, að breyta viðaukum A, B og C við þessa tilskipun, meðal annars með það fyrir augum að samþykkja fastar fjárhæðir bandalagsgjalda, setja nákvæmar framkvæmdarreglur þar að lútandi og samþykkja undanþáguákvæði.

9. gr.

1. Lýðveldinu Grikklandi skal heimilt að víkja frá meginreglunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun ef kostnaður við gjaldheimtu er hærri en gjaldtekjan vegna landfræðilegra aðstæðna í afskekktum héruðum.

Griísk stjórnvöld skulu láta framkvæmdastjórnina vita til hvaða landsvæða undanþáguákvæðin ná.

Upplýsingunum skulu fylgja öll nauðsynleg skjöl.

2. Vegna annarra mjög afskekktu héraða má heimila öðrum aðildarríkjum að beita sömu undanþáguákvæðum, í samræmi við málsmeðferð 18. gr. tilskipunar 89/662/EBE.

Viðauki A

I. KAFLI

Gjöld fyrir kjöt sem fellur undir tilskipanir 64/433/EBE, 71/118/EBE, 91/495/EBE og 92/45/EBE

Gjaldið sem um getur í 1. gr. er ákveðið í samræmi við 1. mgr. 5. gr., sem hér segir:

1. Með fyrirvara um 4. og 5. lið innheimta aðildarríkin eftirfarandi fastar fjárhæðir vegna skoðunarkostnaðar við slátrun:
 - a) nautakjöt og kálfkjöt:
 - fullorðnir nautgripir: 4,5 ECU á hvert dýr,
 - ungneйти: 2,5 ECU á hvert dýr;
 - b) hófdýr/einhófa dýr: 4,4 ECU á hvert dýr;
 - c) svínakjöt: skrokkar sem vega
 - minna en 25 kg: 0,5 ECU á hvert dýr,
 - 25 kg eða meira: 1,30 ECU á hvert dýr;
 - d) kindakjöt og geitakjöt: skrokkar sem vega
 - minna en 12 kg: 0,175 ECU á hvert dýr,
 - 12 til 18 kg: 0,35 ECU á hvert dýr,
 - meira en 18 kg: 0,5 ECU á hvert dýr;
 - e) alifuglakjöt:
 - i) annaðhvort fast gjald sem hér segir:
 - fyrir kjúklinga og unghænar, aðra unga alifugla sem vega minna en 2 kg og varphænar: 0,01 ECU á hvert dýr,
 - aðrir ungir alifuglar, slátrunarþyngd 2 kg eða meira: 0,02 ECU á hvert dýr,
 - aðrir fullvaxnir stórir alifuglar sem vega 5 kg eða meira: 0,04 ECU á hvert dýr;
 - ii) eða ef aðildarríki ákveður að gera ekki greinarmun á flokkum alifugla eins og gert er í i-lið: 0,03 ECU á hvern fugl;
 - f) kanínukjöt og kjöt af litlum veiðifuglum og veiðiloðdýrum:
 - fyrir kanfnur, litla veiðifugla og veiðiloðdýr, föstu fjárhæðirnar sem mælt er fyrir um í e-lið;
 - fyrir eftirtalin landspendýr:
 - villisvín: þá fjárhæð sem mælt er fyrir um í c-lið, að viðbættum kostnaði við tríkínuprófið sem kveðið er á um í tilskipun 92/45/EBE ef fjárhæðin nægir ekki fyrir þeim kostnaði,
 - jörturdýr: þá fjárhæð sem mælt er fyrir um í d-lið.
2. Eftirlit og skoðanir í tengslum við stykkjunina, sem meðal annars er getið um í b-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 64/433/EBE og b-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 71/118/EBE, er greitt
 - a) annaðhvort: fast gjald að viðbætti fastri fjárhæð sem er 3 ECU á hvert tonn af kjöti sem kemur inn á stykkjunarstöð.
Sú fjárhæð bætist við fjárhæðirnar sem um getur í 1. lið hér að framan;
 - b) eða: með því að innheimta fyrir raunkostnaði fyrir hvern unninn klukkutíma við skoðun.Fari stykkjunin fram á starfsstöðinni sem kjötið kemur frá skal lækka fjárhæðina sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein um allt að 55%.
Kjósi aðildarríki að miða gjaldtöku við hvern unninn klukkutíma verður það að geta sýnt framkvæmda-stjórninni fram á að fasta fjárhæðin í a-lið nægi ekki fyrir raunkostnaði.

3. Aðildarríkin innheimta fjárhæð sem svarar til raunkostnaðar við eftirlit og skoðun á kjöti sem meðal annars er geymt samkvæmt d-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 64/433/EBE og c-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 71/118/EBE. Unnt er að setja nákvæmar reglur um beitingu þessa liðar samkvæmt málsmæðferðinni sem kveðið er á um í 16. gr. tilskipunar 64/433/EBE eða 21. gr. tilskipunar 71/118/EBE, einkum í því augnamiði að leysa mál er varða kjöt sem hefur verið tilefni flutunar og kjöt sem er geymt í skamman tíma í senn í mörgum kæligeymslum.
4. Til að mæta auknum kostnaði er aðildarríkjum heimilt:
- a) annaðhvort: að hækka fasta fjárhæð gjaldanna sem mælt er fyrir um í 1. lið og a-lið 2. liðar vegna einstakra starfsstöðva.
- Skilyrði sem ber að uppfylla, auk þeirra sem mælt er fyrir um í a-lið 5. liðar, geta verið sem hér segir:
- aukinn kostnaður við skoðun vegna þess að aldur, stærð, þyngd og heilbrigðisástand sláturdýranna er ólíkt,
 - lengri biðtími og annar tími sem nýtist ekki skoðunarmönnum vegna þess að skipulag er ófullnægjandi á starfsstöðinni sem annast flutning dýranna eða vegna tæknilegra örðugleika eða bilana, til dæmis hjá eldri starfsstöðvum,
 - tíðar tafir meðan slátrun stendur yfir, t.d. vegna þess að starfsmenn eru of fáir og tími skoðunarmanna nýtist illa af þeim sökum,
 - aukinn kostnaður vegna sérstaks flutningstíma,
 - meiri tími fer í skoðanir vegna þess að slátrunartími breytist oft án þess að skoðunarmennirnir fái við það ráðið,
 - miklar truflanir meðan slátrun stendur yfir, þegar verið er að gera tilskildar ráðstafanir um hreinlæti og sóthreinsun,
 - skoðanir á dýrum sem að beiðni eiganda er slátrað utan venjulegs slátrunartíma.
- Hækkun á föstu verði aðalgjaldskrár fer eftir því hve mikið kostnaðurinn hefur hækkað;
- b) eða: að innheimta sérstakt gjald sem svarar til raunkostnaðar.
5. Aðildarríkjum þar sem launakostnaður, skipulag starfsstöðva og tengsl dýralækna og skoðunarmanna víkja frá EB-meðaltalinu, sem liggur til grundvallar föstu fjárhæðunum sem kveðið er á um í 1. lið og a-lið 2. liðar, er heimilt að víkja frá þessum ákvæðum og lækka fjárhæðirnar þannig að þær samsvari raunkostnaði við skoðun:
- a) almennt séð, svo framfarlega sem verulegur munur er á framfærslukostnaði og launakostnaði;
- b) vegna tiltekinna starfsstöðvar, ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
- lágmarksfjöldi sé slátrað á dag, svo að unnt sé að skipuleggja störf skoðunarmanna fyrirfram,
 - fjöldi sláturdýra sé jafn, svo að unnt sé að skipuleggja afhendingu dýranna fyrirfram og nýta þannig tíma skoðunarmannanna með skynsamlegum hætti,
 - nákvæm starfstilhögun og skipulag sé fyrir hendi í starfsstöðinni; mikil afköst við slátrun og hámarksnýting á tíma skoðunarmannanna,
 - enginn biðtími eða annar tími sem nýtist ekki skoðunarmönnum;
 - aldur, stærð, þyngd og heilbrigðisástand sláturdýranna sé eins líkt og nokkur kostur er.
- Beiting þessara undanþága má ekki undir neinum kringumstæðum leiða til meiri lækkana en 55% af þeim fjárhæðum sem eru tilgreindar í 1. lið og a-lið 2. liðar.
6. a) Gjöldin sem um getur í 1., 2. og 3. lið eru innheimt, eftir því sem við á, í slátruhúsinu, stykkjunarstöðinni eða kæligeymslunni. Stjórnanda eða eiganda starfsstöðvarinnar, þar sem áður nefnd starfsemi fer fram, ber að greiða gjöldin, en þó er þeim heimilt að láta einstaklinginn eða lögaðilann sem starfsemi er rekin fyrir greiða gjaldið sem sett er upp fyrir viðkomandi starfsemi.
- Þegar heilbrigðisskoðun á lifandi alifuglum fer fram á upprunabýlinu, í samræmi við tilskipun

- 71/118/EBE, er heimilt að innheimta þar fjárhæð sem er allt að því 20% af föstu fjárhæðinni sem mælt er fyrir um í e-lið 1. liðar.
- b) Þegar um er að ræða starfsstöðvar sem reka starfsemi af fleiri en einum toga eða samþætta framleiðslu-keðjur er aðildarríkjnum heimilt, þrátt fyrir það sem tiltekið er um innheimtustað í fyrsta málslið a-liðar, að innheimta í eitt skipti og á einum stað heildargjald sem hinar mismunandi fjárhæðir eru innifaldar í.
- c) Ef gjaldið sem er innheimt í sláturhúsinu nægir fyrir öllum skoðunarkostnaði sem um getur í a-lið skal aðildarríki ekki innheimta neitt gjald í stykkjunarstöðinni eða kæligeymslunni.

II. KAFLI

Gjöld fyrir kjöt sem fellur undir tilskipun 72/462/EBE, III. kafla tilskipunar 71/118/EBE, III. kafla tilskipunar 92/45/EBE og 11. kafla I. viðauka við tilskipun 92/118/EBE

- Gjaldið sem um getur í 1. gr. er föst lágmarksfjárhæð sem er 5 ECU á hvert tonn (með beini), að lágmarki 30 ECU á hverja vörusendingu.
Aðildarríkjnum er þó heimilt að víkja frá þessu ákvæði og hækka þá fjárhæð til að hún samsvari raunkostnaði.
- Samt sem áður er aðildarríkjum heimilt að halda þessum lægri fjárhæðum gjaldanna til 30. júní 1997 að því er varðar innflutning frá löndum sem hafa hafið samningaviðræður við Evrópusambandið eigi síðar en 20. febrúar 1995 með það fyrir augum að gera heildarsamning um jafngildi dýraheilbrigðisábyrgða (heilbrigði dýra og manna) er byggist á meginreglunni um gagnkvæma meðferð, og sem slíkur samningur hefur verið gerður við fyrir 31. desember 1996.
Fjárhæð gjaldsins sem er innheimt við innflutning frá einhverju þeirra þriðju landa sem um getur í fyrstu undirgrein ber að ákvarða, eftir að heildarsamningur hefur verið gerður við viðkomandi þriðja land, samkvæmt málsmeðferðinni sem um getur í 3. mgr., að teknu tilliti til eftirfarandi meginþátta:
 - tíðni eftirlits,
 - hversu hátt gjald viðkomandi þriðja land setur á innflutning vara sem eru upprunnar í ríkjum Evrópusambandsins,
 - niðurfellingu annarra greiðslna sem þriðja landið gerir kröfu um, til dæmis fyrir lögboðna geymslu eða innheimtu heilbrigðisábyrgða.
- Þegar ákvarðanir sem kveðið er á um í 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 90/675/EBE eru samþykktar ber að aðlaga fjárhæðirnar sem um getur í 1. lið samkvæmt sömu málsmeðferð og með tilliti til þess að ákvæðið er að draga úr tíðni eftirlits.
Við töku þessara ákvarðana tekur framkvæmdastjórnin einkum tillit til ábyrgða sem þriðju lönd veita varðandi viðurkenningu á meginreglunni um svæðaskiptingu og á öðrum meginreglum bandalagsins.
- Gjaldið sem um getur í 1. lið er greitt af innflytjanda, eða umboðsmanni hans, og innheimt á tollstofunni sem er ábyrg fyrir viðkomandi skoðunarstöð á landamærum eða á skoðunarstöðinni sjálfri.
- Aðildarríkjnum er heimilt að veita hluta gjaldtekjunnar, sem kveðið er á um í þessum kafla, í sameiginlegan heilbrigðissjóð sem er ætlað að efla dýraheilbrigðisþjónustu svo að unnt sé að bregðast skjótar við þegar framandi sjúkdómar koma upp.

III. KAFLI

Gjöld fyrir fiskafurðir sem falla undir tilskipun 91/493/EBE

I. Þáttur

Fiskafurðir sem falla undir I. kafla tilskipunar 91/493/EBE

Gjaldið sem um getur í 1. gr. er ákveðið í samræmi við 1. mgr. 5. gr., sem hér segir:

- a) Aðildarríkin skulu innheimta gjald sem nemur skoðunarkostnaði við opinbert eftirlit sem fer fram samkvæmt II. lið V. kafla viðaukans við tilskipun 91/493/EBE;

- b) gjaldið, sem kveðið er á um í a-lið, skal vera 1 ECU á hvert tonn af fiskafurðum fyrir fyrstu 50 tonn, og 0,5 ECU á hvert tonn þar yfir. Það ber að innheimta þegar varan er fyrst markaðsett, nema það hafi verið innheimt við löndun, og skal í öllum tilvikum greitt af fyrsta kaupanda. Aðildarríkjum er heimilt að koma á kerfi sem gerir kleift að leggja saman magn fiskafurða á tilteknu tímabili og fyrirkomulagi um miðstýrða innheimtu við fyrstu sölu;
- c) Þrátt fyrir ákvæði b-liðar mega gjöldin sem innheimt eru fyrir tegundirnar sem um getur í II. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3703/85 ekki fara yfir 50 ECU á hverja affermda vörusendingu ef raunkostnaður fer ekki fram úr þeirri fjárhæð;
- d) innheimta gjaldsins, sem kveðið er á um í a-lið, skal ekki hafa áhrif á innheimtu gjaldsins sem um getur í 2. lið ef um er að ræða frekari verkun fiskafurða, sbr. þó b-lið 7. liðar.
2. a) Aðildarríkin skulu innheimta gjald sem nemur skoðunarkostnaði við opinbert eftirlit sem fer fram samkvæmt I. lið V. kafla viðauka við tilskipun 91/493/EBE og við opinbert eftirlit sem kveðið er á um í II. lið í áðurnefndum V. kafla.
- b) Gjaldið, sem kveðið er á um í a-lið, skal vera 1 ECU og ber að innheimta það fyrir hvert tonn af fiskafurðum sem kemur inn á starfsstöð þar sem forvinnsla og/eða verkun slíkra afurða fer fram, eða sem kemur úr verksmiðjuskipi.
- Enn fremur skulu aðildarríki innheimta fyrir raunkostnaði við skoðun sem fer fram á verksmiðjuskipi í þriðja landi.
- c) Að beiðni aðildarríkis, sem leggur fram nauðsynleg skjöl þar að lútandi, er heimilt að ákveða lægri fjárhæð gjalda fyrir tegundirnar sem um getur í c-lið 1. liðar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr. tilskipunar 89/662/EBE.
3. a) Ef aðildarríki lítur svo á, að lokinni nákvæmri athugun á kostnaði við eftirlit, sem um getur í a-lið 1. liðar, vegna tiltekinnar afurðar á yfirráðasvæði þess, að gjaldtaka í samræmi við b-lið 1. liðar nægi ekki fyrir raunkostnaði er því heimilt að koma á fyrirkomulagi um álagningu gjalda fyrir hvern klukkutíma sem unninn er vegna þessarar afurðar.
- b) Ef aðildarríki lítur svo á, að lokinni nákvæmri athugun á kostnaði við eftirlit, sem um getur í a-lið 2. liðar, vegna tiltekinnar afurðar á yfirráðasvæði þess, að gjaldtaka í samræmi við b-lið 2. liðar á tiltekinni starfsstöð nægi ekki fyrir raunkostnaði er því heimilt að koma á fyrirkomulagi um álagningu gjalda fyrir hvern klukkutíma sem unninn er fyrir starfsstöðvar þar sem afurðin er meðhöndluð.
- Kjósi aðildarríki að miða gjaldtöku við hvern unninn klukkutíma verður það að geta sýnt framkvæmdastjórninni fram á að gjaldtaka í samræmi við b-lið 1. liðar og b-lið 2. liðar nægi ekki fyrir raunkostnaði.
4. a) Aðildarríkjum skal heimilt að lækka fjárhæðina sem kveðið er á um í b-lið 1. liðar ef eftirlitið sem kveðið er á um í 1. lið er auðveldað vegna þess að:
- fiskurinn er flokkaður eftir ferskleika og/eða stærð í samræmi við reglugerðir (EBE) nr. 103/76 og nr. 104/76, eða metinn í samræmi við alþjóðlegar reglur, og/eða
 - fyrstu sölu viðskipti eru flokkuð saman, til dæmis á uppboði eða fiskmarkaði.
- Beiting þessara ákvæða má ekki undir neinum kringumstæðum leiða til meiri lækkana en sem nemur 55%.
- Að beiðni aðildarríkis, sem leggur fram nauðsynleg skjöl þar að lútandi, er þó unnt að ákveða meiri lækkun í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr. tilskipunar 89/662/EBE.
- b) Aðildarríkjum skal vera heimilt að lækka fjárhæð gjaldsins sem kveðið er á um í 2. lið ef:
- forvinnsla eða verkun fer fram á sama stað og fyrsta verkunin eða fyrsta salan, og/eða
 - rekstrarskilyrðin og ábyrgðir vegna eigin eftirlits starfsstöðvar eru með þeim hætti að unnt er að draga úr þörfinni á skoðunarmönnum í tiltekinni starfsstöð.

Beiting þessara ákvæða má ekki undir neinum kringumstæðum leiða til meiri lækkana en sem nemur 55%.

Að beiðni aðildarríkis, sem leggur fram nauðsynleg skjöl þar að lútandi, er þó unnt að ákveða meiri lækkun í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr. tilskipunar 89/662/EBE.

5. Aðildarríki skulu innheimta fjárhæð sem svarar til raunkostnaðar við eftirlit á fiskafurðum í starfsstöðvum þar sem einungis fer fram kæling, frysting, þökkun eða geymsla. Ef gjaldið sem innheimt er í samræmi við 1. og 2. lið nægir hins vegar fyrir öllum skoðunarkostnaði við eftirlitið sem kveðið er á um í V. kafla viðauka við tilskipun 91/493/EBE skal aðildarríkið þó ekki innheimta gjaldið sem getið er um í þessum lið.
6. a) Stjórnanda eða eiganda starfsstöðvarinnar, þar sem áður nefnd starfsemi fer fram, ber að greiða gjöldin sem kveðið er á um í 2. og 5. lið en þó er þeim heimilt að láta einstaklinginn eða iðgaðilann sem starfsemin er rekin fyrir greiða gjaldið sem sett er upp fyrir viðkomandi starfsemi.
- b) Aðildarríkjunum er heimilt, fyrir fiskafurðir sem fara í forvinnslu og/eða verkun á yfirráðasvæði þeirra, að innheimta í eitt skipti og á einum stað heildargjald sem hinar mismunandi fjárhæðir eru innifaldar í. Aðildarríki sem óska eftir að nýta sér þennan möguleika skulu fyrst láta framkvæmdastjórnina vita um það.
7. Aðildarríki skulu innleiða kerfi til að hafa eftirlit með því að viðkomandi rekstraraðilar hafi greitt gjöldin sem kveðið er á um í þessum kafla.
Aðildarríkin skulu einkum sjá til þess, með hliðsjón af innlendum ákvæðum, að rekstraraðilum berist skrifleg kvittun eða önnur sönnun um einstaka greiðslu eða heildargreiðslu þeirra gjalda sem kveðið er á um í a-lið 1. liðar þessa kafla, nema fiskafurðirnar fari í forvinnslu eða verkun á yfirráðasvæði aðildarríkisins þar sem þeim var landað og að því tilskildu að gjaldið sé greitt að fullu í starfsstöðinni þar sem fiskurinn er forunninn eða verkaður.
Ef nauðsyn ber til skal samþykka nákvæm framkvæmdarákvæði í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr. tilskipunar 89/662/EBE.
Aðildarríkin skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni.
8. Með fyrirvara um að farið sé að ákvæðum þessa þáttar um fjárhæð gjalda, og að teknu tilliti til skipulagsfrávika sem gilda um Finnland og Svíþjóð með skírskotun til sameiginlegs markaðsskipulags samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 3759/92, er Finnlandi og Svíþjóð heimilt, á grundvelli nauðsynlegra skjala þar að lútandi og í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr. tilskipunar 89/662/EBE, að beita öðrum innheimtuaðferðum þar til endurskoðunin sem kveðið er á um í 3. gr. tilskipunar 96/43/EB hefur farið fram.

II. Þáttur

Fiskafurðir sem falla undir II. kafla tilskipunar 91/493/EBE

1. Ákvæði 1. liðar I. þáttar þessa viðauka skulu gilda um fiskafurðir sem um getur í annarri málsgrein 10. gr. tilskipunar 91/493/EBE.
Enn fremur skulu aðildarríki innheimta viðbótarfjárhæð til að standa undir skoðunarkostnaði vegna þessarar tegundar skips og affermingar, að lágmarki 1 ECU á hvert affermt tonn.
2. Vegna annarra fiskafurða en þeirra sem um getur í 1. lið, þ.e. allra fiskafurða sem fara um skoðunarstöð á landamærum, skal gjaldið sem kveðið er á um í 1. gr. ákveðið með tilliti til 1. mgr. 5. og miðað við fasta lágmarksfjárhæð sem er 5 ECU á hvert tonn, þó minnst 30 ECU á vörusendingu, en fasta lágmarksfjárhæðin 5 ECU á tonn skal þó, þegar um er að ræða magn sem fer yfir 100 tonn, lækkað í:
 - 1,5 ECU á hvert viðbótartonn af fiskafurðum ef þær eru ekki forunnar að öðru leyti en að hafa verið slægðar;
 - 2,5 ECU á hvert viðbótartonn af öðrum fiskafurðum.

3. Þegar ákvarðanir sem kveðið er á um í 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 90/675/EEB eru samþykktar ber að aðlaga fjárhæðirnar sem um getur í 2. lið samkvæmt sömu málsmeðferð og með tilliti til þess að ákveðið er að draga úr tíðni eftirlits.

Við töku þessara ákvarðana tekur framkvæmdastjórnin einkum tillit til ábyrgða sem þriðju lönd veita varðandi viðurkenningu á meginreglunni um svæðaskiptingu, jafngildi, gagnkvæmni og á öðrum meginreglum bandalagsins, einkum þegar þessi þriðju lönd hafa gert heildarsamning við bandalagið um jafngildi dýraheilbrigðisábyrgða (heilbrigði dýra og manna).

Beiting þessa frávíks má ekki undir neinum kringumstæðum leiða til þess að fjárhæð gjaldanna verði lægri en fjárhæðirnar sem eru innheimtar, í samræmi við b-lið 1. mgr. og b-lið 2. mgr. 1. þáttar, vegna afurða sem er landað úr skipum sem sigla undir fánum aðildarríkja bandalagsins.

Innheimta gjaldsins skal vera með fyrirvara um innheimtu gjaldsins sem kveðið er á um í b-lið 2. liðar 1. kafla þegar um frekari verkun er að ræða.

Við beitingu á ákvæðum þessa kafla skulu aðildarríkin leggja þau gjöld sem kveðið er á um í 1. þætti á innfluttar vörur sem landað er úr skipum sem sigla undir fána Grænlands.

4. Aðildarríkjunum er heimilt að víkja frá ákvæðum 2. liðar með því að hækka gjöld þannig að þau nemi raunkostnaði.
5. Gjaldið sem kveðið er á um í 2. lið skal greitt af innflytjanda, eða umboðsmanni hans, og innheimt á tollstofunni sem er ábyrg fyrir viðkomandi skoðunarstöð á landamærum eða á skoðunarstöðinni sjálfri.
6. Aðildarríkjunum er heimilt til 31. desember 1999 að leggja þau gjöld sem kveðið er á um í 1. þætti á innfluttar vörur sem landað er úr fiskiskipum í eigu fyrirtækja um sameiginlegan verkefni sem eru skráð í samræmi við viðkomandi ákvæði bandalagsins.

Viðauki B

**GJÖLD SEM EIGA AÐ TRYGGJA AÐ EFTIRLIT MEÐ DÝRUM Á FÆTI OG VÖRUM
ÚR DÝRARÍKINU SEM KVEÐIÐ ER Á UM Í TILSKIPUN 96/23/EBE FARI FRAM**

1. Gjaldið sem um getur í 2. gr. skal ákveðið sem hér segir:
 - a) fyrir dýr á fæti sem á að slátra og kjöt sem fellur undir I. kafla viðauka A: 1,35 ECU á hvert tonn af kjöti af slátruðu dýri;
 - b) fyrir fiskeldisafurðir sem falla undir III. kafla viðauka A: 0,1 ECU á hvert tonn af markaðssettri vöru;
 - c) fyrir mjólk og mjólkurafurðir: 0,02 ECU á hverja 1 000 lítra af hrá mjólk;
 - d) fyrir eggjaafurðir: sú fjárhæð sem svarar til raunkostnaðar við eftirlit;
 - e) fyrir hunang: aðildarríkjunum er heimilt að innheimta þá fjárhæð sem svarar til raunkostnaðar við skoðun og eftirlit.
2. Að því tilskildu að þau virði ákvæði 1. liðar um fjárhæð gjaldanna er aðildarríkjunum heimilt að velja eina eftirfarandi tilhögun:
 - a) allt gjaldið sem um getur í 1. lið er innheimt á starfsstöð sem er hluti framleiðslukeðjunnar:
 - í sláturhúsi, að því er varðar gjaldið sem er tilgreint í a-lið 1. liðar.
 - í starfsstöð þar sem forvinnsla og/eða verkun fer fram, að því er varðar gjaldið sem er tilgreint í b-lið 1. liðar.
 - í mjólkurstöð fyrir hrá mjólk, að því er varðar gjaldið sem er tilgreint í c-lið 1. liðar;
 - b) innheimtu gjaldsins sem um getur í 1. lið er dreift á öll framleiðslustigin, þar með talið eldisstig, í samræmi við viðmiðanir sem aðildarríkin setja.
3. Stjórnanda eða eiganda viðkomandi starfsstöðvar eða starfsstöðva ber að greiða gjöldin sem um getur í 1. lið en þó er þeim heimilt að láta einstaklinginn eða lögaðilann sem starfsemin er rekin fyrir greiða gjaldið sem sett er upp.

Viðauki C

GJÖLD VEGNA DÝRA Á FÆTI

I. KAFLI

Dýr á fæti og afurðir úr dýraríkinu sem falla undir tilskipun 90/425/EBE

1. Til að fjármagna eftirlit á upprunastað ber að innheimta gjald.
2. Í samræmi við málsmeðferðina í 8. gr. ber að mæla fyrir um gildissvið og fjárhæð gjaldsins, framkvæmdarreglur þar að lútandi, þar með talið einkum hverjir eru gjaldskyldir, og öll undantekningartilvik.

II. KAFLI

Dýr á fæti ætluð til innflutnings sem falla undir tilskipun 91/496/EBE

1. Gjaldið sem um getur í 3. gr. er ákveðið sem hér segir:
 - a) vegna dýrategunda sem um getur í I. kafla viðauka A, föst fjárhæð, 5 ECU á tonn í líffþyngd, að lágmarki 30 ECU á hverja vörusendingu;
 - b) vegna annarra dýrategunda, raunkostnaður við skoðun annaðhvort fyrir hvert dýr eða hvert innflutt tonn, að lágmarki 30 ECU á hverja vörusendingu, enda gildi þetta lágmark ekki um innfluttar tegundir sem um getur í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/432/EBE.

Aðildarríkjunum er þó heimilt að víkja frá þessum ákvæðum og hækka fjárhæðirnar þannig að þær samsvari raunkostnaði.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að halda þessum lágu gjöldum til 30. júní 1997 að því er varðar innflutning frá löndum sem hafa hafið samningaviðræður við Evrópusambandið eigi síðar en 20. febrúar 1995 með það fyrir augum að gera heildarsamning um jafngildi dýraheilbrigðisábyrgða (heilbrigði dýra og manna), er byggist á meginreglunni um gagnkvæma meðferð, og sem slíkur samningur hefur verið gerður við fyrir 31. desember 1996.

Kveðið skal á um fjárhæð gjaldsins sem innheimta ber við innflutning frá einhverju þeirra þriðju landa sem um getur í fyrstu undirgrein heildarsamningsins sem er gerður við viðkomandi þriðja land, að teknu tilliti til eftirfarandi meginþátta:

- tíðni eftirlits,
 - hversu hátt gjald viðkomandi þriðja land setur á innflutning vara sem eru upprunnar í ríkjum Evrópusambandsins,
 - niðurfellingu annarra greiðslna sem þriðja landið gerir kröfu um, til dæmis fyrir lögboðna geymslu eða innheimtu heilbrigðisábyrgða.
3. Gjaldið sem um getur í 1. lið er greitt af innflytjanda eða umboðsmanni hans, og innheimt á tollstofunni sem er ábyrg fyrir skoðunarstöðinni á landamærum eða á skoðunarstöðinni sjálfri.
 4. Að beiðni aðildarríkis, sem leggur fram nauðsynleg skjöl þar að lútandi, og í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 18. gr. tilskipunar 89/662/EBE, er unnt að ákveða gjöld að lægri fjárhæð vegna vara sem eru fluttar inn frá tilteknum þriðju löndum.
 5. Aðildarríkjunum er heimilt að veita hluta gjaldtekjunnar, sem kveðið er á um í þessum kafla, í sameiginlegan heilbrigðissjóð sem er ætlað að efla dýraheilbrigðisþjónustu svo að unnt sé að bregðast skjótar við þegar framandi sjúkdómar koma upp.